allt

JARÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

*Hjólar um bæinn á geimskipi*

heilsa

Í MIÐJU BLAÐSINS



MÍNUS

*Hættir við að spila á Airwaves*

Einbeita sér að nýju plötunni

FÓLK 34









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. október 2005 – 281. tölublað – 5. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 550 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**

### Sinnir líkama og sál

Svanhildur Blöndal er fyrsti presturinn sem ráðinn er til starfa á Hrafnistu og Vífilsstöðum.



TÍMAMÓT 20

### Djurgarden meistari

Íslendingaliðið Djurgarden, sem Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen leika með, varð í gær sænskur meistari í knattspyrnu eftir jafntefli gegn Örgryte. Kári og Sölvi sátu á bekknum í leiknum.



ÍÞRÓTTIR 22

### Leiftrandi og seiðmagnað

Vinna listamannanna er til fyrirmyndar og hvergi feilspor stigið í leiksýningunni Halldór í Hollywood.

UMFJÖLLUN 27



### VEÐRIÐ Í DAG




**Í DAG MÁ BÚAST VIÐ AUSTANÁTT** Það verður yfirleitt úrkomulítið en rignir norðanlands í morgunsárið. Yfirleitt skýjað og hiti 5-10 stig. VEÐUR 4

# Hnútukast um bensínstyrk

**Framsóknarmenn telja Árna Mathiesen fjármálaráðherra varpa áformum um afnám bensínstyrks öryrkja og aldraðra yfir á heilbrigðisráðherra. Rýtingsstunga í bak Jóns Kristjánssonar segir stjórnarandstaðan.**

**STJÓRNMÁL** Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, var málshefjandi um störf þingsins í gær. Hann krafði Árna Mathiesen fjármálaráherra svara um það hvort hann ætlaði að fylgja samþykkt landsfundar Sjálfstæðisflokksins um að afnema ekki bensínstyrk öryrkja og aldraðra.

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, segir fjármálaráðherra hafa reynt að þvo hendur sínar af málinu á fundinum. „Þar sat fjármálaráðherra fyrir svörum með geislabaug og vængi og hengdi allt málið á heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, og gerði enga tilraun til að útskýra málið efnislega fyrir landsþingsfulltrúum.



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR



ÁRNI MATHIESEN

Siv sagði framsóknarmenn vera seinþreytta til vandræða og að þeir reyndu að sýna samstöðu með samstarfsflokknum í viðkvæmum málum þótt þeim þætti það ekki alltaf jafn auðvelt. „Við ætlumst til þess sama af forystu samstarfsflokksins... Nú tók hins vegar steininn úr og ég vil mótmæla því að málinu sé alfarið ýtt á Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra.“

Siv sagði að í landinu væru ekki tvær ríkisstjórnir. „Hér er ein ríkisstjórn. Þannig reynum við framsóknarmenn að haga okkur þó að okkur sé ansi illt í bakinu um þessar mundir.“

Árni Mathiesen sagði ýmislegt fráleitt hafa komið fram í umræðunum og kvaðst hissa á fyrrverandi ráðherrum sem ættu að þekkja til verka. „Ég tek undir með Siv Friðleifsdóttur að það er ein ríkisstjórn í þessu landi og hún stendur auðvitað á bak við það.“

Árni taldi óeðlilegt að gera kröfu til ráðherra um endanlega gerð fjárlagafrumvarpsins þegar enn væri verið að ræða það í nefndum og eftir væru tvær umræður um það. „Man einhver eftir því að fjárlagafrumvarp hafi farið óbreytt í gegnum þingið?“

Árni sagði ekkert óeðlilegt að gera breytingar á frumvarpinu en aðalatriðið væri að gæta aðhalds.

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra sagði engan kost auðveldan. Hann væri búinn að ræða málið við forystumenn öryrkja og hygðist ljúka endurskoðun málsins fyrir aðra umræðu um fjárlagafrumvarpið. - jh



**FRÁ ÚTFÖR FÓRNARLAMBANNA** Bandaríkjamenn staðhæfa að uppreisnarmenn hafi fallið í loftárásunum en Írakar segja að fjöldi óbreyttra borgara hafi verið þar á meðal. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjaher stórtækur:

## Sjötíu féllu í árásunum

**BAGDAD, AP** Sjötíu manns liggja í valnum eftir að bandarískar hersveitir réðust gegn uppreisnarmönnum í vesturhluta Íraks. Íbúar svæðisins segja flesta hina látnu vera saklausa borgara.

Loftárásirnar áttu sér stað í fyrradag nærri borginni Ramadi. Í annarri skutu herþotur á hóp fólks sem safnast hafði saman við bílflak sem uppreisnarmenn höfðu sprengt upp og drepið þannig fimm bandaríska hermenn. Tuttugu og fimm létust hins vegar í loftárásinni, allt hryðjuverkamenn að sögn Bandaríkjamanna. Heimamenn segja hina látnu hins vegar óbreytta borgara. Í hinni árásinni biðu rúmlega fjörutíu bana.

Yfirkjörstjórn Íraks rannsakar nú hugsanlegt svindl í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardaginn þar sem óvenju margir greiddu atkvæði í sumum héruðum landsins. Úrslit liggja ekki fyrir en talið er að stjórnarskrárdrögin hafi verið samþykkt. - shg






Reynsla af lausasölubanni á parkódíni og íbúkódi:

# Læknar ávísa á fáar töflur

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég hef orðið var við að verið er að skrifa lyfseðla upp á tíu eða tuttugu parkódíntöflur,“ segir Guðmundur Örn Guðmundsson, lyfsali í Lyf og heilsu, um áhrif þeirrar breytingar um síðustu mánaðamót. Þá voru verkjalyfin parkódín og íbúkód tekin úr lausasölu til að hindra að parkódínfíklar gengju á milli apóteka og hömstruðu.

„Halda mætti að slíkar uppáskriftir væru fyrir þá sem lítið þyrftu á þessum lyfjum að halda,“ bætir Guðmundur Örn við: „En þessi breyting hefur gengið alveg furðulega rólega yfir. Ég átti von á vandræðum en það hefur ekki orðið.“



**VERKJALYF** Skrifað er upp á litla skammta af þessum verkjalyfjum að sögn Guðmundar Arnar Guðmundssonar lyfsala.

Unnur Björgvinsdóttir, lyfjafræðingur í Lyfju, Lágmúla, segir að viðbrögð fólks hafi yfirleitt verið miklu betri en starfsfólkið átti von á er parkódín og íbúkód verkjalyf voru tekin úr lausasölu. „Einn kallaði okkur fasista en annars hafa viðskiptavinirnir yfir höfuð tekið þessari breytingu mjög vel,“ segir Unnur.

Lausasölubannið var sett á til að sporna við morfín- og kódeinfíkn sem hefur aukist undanfarin ár. Þekkt var að fíklar færu á milli apóteka og söfnuðu sér fjölda 10 taflna pakkninga með parkódíni eða íbúkód.

Unnur segir að ef til vill hafi einhverjir verið pirraðir sem ekki hafi fengið þessi lyf keypt eftir að lausasölubannið tók gildi en þá hafi verið hægt að benda fólki á önnur verkjalyf. - jss






## SPURNING DAGSINS

*Einar, er þetta rúmgóð skrifstofa?*

„Já og útsýnið nær alla leið í kjördæmið mitt og það yljar mér um hjartarætur.“

Einar K. Guðfinnsson hélt sína fyrstu ræðu sem sjávarútvegsráðherra á aðalfundi Landssambands smábátaeigenda. Hann vitnaði í ljóðabókina Þorpið eftir Jón úr Vör og sagði sitt þorp fylgja sér inn á Alþingi sem og skrifstofu sína.

Barnaheill beinir athyglinni að barnaklámi á netinu:

# Aragrúi óþekktra barna

**FÉLAGSMÁL** Gagnagrunnur Interpol geymir netmyndir af meira en 20.000 börnum sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi. Aðeins 350 þessara barna hafa fengið hjálp. Í fæstum tilvikum hafa kennsl verið borin á börnin.

Þetta kemur fram í stöðuskýrslu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum í tengslum við netið sem var birt í gær á vegum Barnaheilla - Save the children á Íslandi. Barnaheill vann að skýrslunni ásamt systursamtökum sínum í Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Ítalíu en samtökin berjast fyrir réttindum barna.



**KRISTÍN JÓNASDÓTTIR** Barnaheill minnir á að barnaklám er glæpur og beri að umgangast það sem slíkt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Meiri áherslu þarf að leggja á að finna þessi börn og við þurfum að finna leiðir til þess að hjálpa þeim,“ segir Kristín Jónasdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla. „Þessar myndir lenda á netinu og glæpurinn verður landamæralaus sem einfaldar ekki málin.“ Skýrslan bendir á nauðsyn þess að samræma lögin betur á milli landa og bendir Kristín á að seinustu tvö árin hafa lögregluyfirvöld margra landa unnið saman og tekist að handtaka fjölmarga framleiðendur, dreifingaraðila og notendur barnakláms. **- smk**

Danski herinn í Írak:

## Hefur drepið tólf heimamenn

**DANMÖRK** Danskir hermenn í Írak hafa skotið til bana að minnsta kosti 12 manns og sært 23 síðan sumarið 2003.

Danskar hersveitir hafa tekið þátt í 169 skotbardögum á þessum tíma. Frá þessu var sagt í danska blaðinu Politiken í fyrradag.

Í kjölfarið hafa þingmenn gagnrýnt varnarmálaráðherra landsins, Søren Gade, fyrir að hafa ekki upplýst þingið um þessar tölur.

Danir hafa greitt aðstandendum fórnarlambanna bætur í níu tilfellum en aðeins einu sinni í ár. **- ks**



**ELEKTRON** Áhöfn togarans segir að rússnesk stjórnvöld hafi skipað þeim að óhlýðnast norsku strandgæslunni.

Rússneskur togari:

## Stakk af með eftirlitsmenn

**NOREGUR** Furðuleg uppákoma átti sér stað á Barentshafi í gær þegar rússneskur togari með norska veiðieftirlitsmenn innanborðs óhlýðnaðist skipunum norsku strandgæslunnar og sigldi yfir í rússneska efnahagslögsögu. Norðmenn hafa íhugað að beita fallbyssum til að stöðva skipið.

Togarinn var staðinn að ólöglegum veiðum með undirmálsfisk og ólögleg veiðarfæri á laugardag. Á sunnudaginn breytti hann hins vegar stefnu og lét áhöfnin sig engu skipta þótt norskir veiðieftirlitsmenn væru enn um borð.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Svikamylla í gervi pósts frá EVE-Online

**Í tölvupósti biðja þrjótar sem þykjast vera frá tölvuleiknum Eve-Online um staðfestingu skráningarupplýsinga áskrifenda leiksins. Svikamyllan er ein af fjölmörgum svipuðum sem eru undir yfirskini heiðvirðra netfyrirtækja.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Tölvuþrjótar hafa gert tilraun til að komast yfir greiðslukortaupplýsingar fólks með því að þykjast fara fram á staðfestingu á skráningarupplýsingum vegna tölvuleiksins Eve-Online sem spilaður er á netinu.

Ívar Kristjánsson, framkvæmdastjóri CCP, framleiðanda leiksins, segir fyrirtækið margoft hafa lent í kreditkortasvindli, en sjaldgæfara sé að reynt sé að plata viðskiptavini þess með þessum hætti.

„Við höfum tvisvar lent í svona stærri svikamyllum, en þá höfum við varað okkar viðskiptavini við, en í leiknum höfum við leið til að koma til þeirra skilaboðum,“ segir Ívar, en svindlinu er sérstaklega beint að þeim sem spila leikinn: „Þeir hafa farið inn á allar aðdáendasíður leiksins og sogað til sín öll tölvupóstföng sem þar var að finna.“

Ívar segir tilraunir sem þessar til svika fylgja því að vera með viðskipti á netinu, þó svo algengara sé að vefsvæði á borð við PayPal og eBay verði fyrir árásum, „Enda kannski eftir meiru að slægjast þar, Hins vegar lenda allar síður sem eru með lykilorð og notendanöfn í þessu,“ segir hann, en teldur tilganginn ekki alltaf ljósan, stundum virðist ekki annað ráða för en skemmdarfíkn. „En í þessu tilviki eru menn kannski að fiska eftir kortaupplýsingum og þá náttúrlega til að svindla.“ Ívar segir að í þessum stærri svindlmálum sem upp hafi komið tengt nafni Eve-Online hafi verið haft upp á hýsingaraðila svindlaranna og lokað fyrir aðgang að vefjum þeirra. „En þetta fylgir því bara að stunda viðskipti af netinu,“ segir hann.

Svipaðir tölvupóstar þar sem reynt er að plata fólk til að gefa upplýsingar hafa meðal annars verið sendir í nafni Microsoft, Amazon.com, Yahoo, margvíslegra bankastofnana og starfsmannafélaga risafyrirtækja.

Vírusvarnafyrirtæki hafa nýlega varað við því að tölvuþrjótar beiti í auknum mæli meðulum á borð við þessi á meðan hefðbundnari árásum vírusa fækki.

olikr@frettabladid.is



**ÚR EVE-ONLINE** Í tölvuleiknum Eve-Online er hægt að búa sér til persónur sem misjafnar eru að innræti og fara ólíkar leiðir í viðskiptum í geimsagnaheimi leiksins. Alvöru þrjótar hafa hins vegar póst vera tilsjónarmenn leiksins í tilraun til að stela frá fólki peningum. MYND/CCP



**SVINDLPÓSTURINN** Í bréfinu er vefslóð á svikasíðu þar sem reynt er að plata úr fólki upplýsingar. MYND/TREND MICRO

Milljóna fjárdráttur:

## Ný rannsókn ekki útilokuð

**FJÁRDRÁTTUR** Mál Gunnars Arnar Kristjánssonar, fyrrum forstjóra SÍF og endurskoðanda Tryggingasjóðs lækna, er nú til meðferðar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

„Málinu var vísað frá Hæstarétti og var í kjölfarið sent hingað til athugunar frá ríkissaksóknara,“ segir Jón H. B. Snorrason, saksóknari ríkislögreglustjóra. Jón segist ekki geta sagt til um hvort málið verði rannsakað að nýju. Því var vísað frá Hæstarétti í maí á þessu ári en dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að slíkir annmarkar hefðu verið á rannsókn málsins að ekki væri stætt á öðru en frávísun.



**GUNNAR ÖRN KRISTJÁNSSON**

Gunnar Örn var ákærður fyrir brot á lögum um löggilta endurskoðendur í tengslum við fjárdrátt Lárusar Halldórsonar úr sjóðnum. Lárus hafði á tíu ára tímabili dregið sér um 76 milljónir króna úr sjóðnum. Lárus var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi.

Gunnar Örn var sýknaður í héraði en ríkissaksóknari áfrýjaði þeim dómi. **- saj**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**BÍLVELTA Á KJALVEGI** Tvær japanskar stúlkur veltu bíl sínum skammt sunnan við Áfangafell á Kjalvegi um kaffileytið í gær en þær sluppu með skrámur. Svartaþoka var á staðnum en svo heppilega vildi til að rjúpnaskyttur áttu leið hjá og komu þeim til byggða.

**FÍKNIEFNI Í KRINGLUNNI** Um kvöldmatarleytið í gær hafði lögregla afskipti af grunuðum þjófi í Kringlunni. Hann reyndist vera með fíkniefni innanklæða, svo og hættulegan hníf.

Alltaf einfalt
ÓB
ódýrt bensín
15 stöðvar!
www.ob.is

Sérfræðingar spá enn frekari útbreiðslu fuglaflensunnar:

# Flensan komin til Grikklands

**FUGLAFLENSA** Grísk yfirvöld greindu frá því í gær að fuglaflensu hefði orðið vart í landinu í fyrsta sinn. Sérfræðingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO búast við að pestin haldi áfram að breiðast út.

Fyrstu fuglaflensutilfellin hafa greinst í grískum fiðurfénaði en stjórnvöld í Grikklandi skýrðu frá því í gær að kalkúnar á búgarði á Víney í Eyjahafi, skammt frá Tyrklandi, hefðu drepist úr pestinni. Ekki liggur fyrir hvort flensan sé af H5N1-stofninum illvíga en niðurstöður rannsókna munu liggja fyrir á næstu dögum. Á síðustu vikum hefur veikin fundist í tyrkneskum og rúmenskum fuglum.

Þá sögðu sérfræðingar WHO í samtali við blaðamenn í gær að engin spurning væri um að fuglaflensan héldi áfram að breiðast út. Þeirra helsta áhyggjuefni er hins vegar hvort H5N1-veiran stökkbreytist þannig að hún geti smitast manna á milli. Vandamálið er alvarlegast í Asíu þar sem nánast má tala um fuglaflensufaraldur. Við slíkar aðstæður er hættan mest á stökkbreytingu.

Í gær hrósuðu embættismenn á vegum Evrópusambandsins tyrkneskum stjórnvöldum fyrir árangursríkar aðgerðir þegar flensan greindist þar og sögðu engar vísbendingar um að íbúum svæðisins þar sem veikin kom upp stafaði hætta af henni. **- shg**



**EKKERT FÆR STÖÐVAÐ ÞÁ** Erfitt getur reynst að hafa hemil á pelíkönum og öðrum farfuglum sem borið geta fuglaflensuna þúsundir kílómetra. MYND/AP

# fljótlegt og þægilegt

## allt í matinn á þriðjudegi

Austurlenskt hakkbuff í kókos karrí

**40%** Afsláttur






Gott og fljótlegt

Naggalínan

**40%** Afsláttur




Bók nr. 2 er komin í Nettó

Suduko talnagátur

**995** kr/stk

Veruleg verðlækkun á Buitoni pasta og spaghetti


















HÉR & NÚ / SÍA

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 17-19 okt eða á meðan birgðir endast.

Nettó - Akureyri - Akranesi - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

nettó

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 17.10.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,82 | 61,12 |
| Sterlingspund | GBP | 106,9 | 107,47 |
| Evra | EUR | 43,18 | 73,58 |
| Dönsk króna | DKK | 9,80 | 9,86 |
| Norsk króna | NOK | 9,371 | 9,427 |
| Sænsk króna | SEK | 7,732 | 7,778 |
| Japanskt jen | JPY | 0,530 | 0,5327 |
| SDR | XDR | 87,89 | 88,41 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**102,7761**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórn kristilegra demókrata og jafnaðarmanna í Þýskalandi:

# Bæði kunn andlit og ný

**ÞÝSKALAND, AP** Forystumenn stóru flokkanna tveggja í Þýskalandi, kristilegra demókrata (CDU/CSU) og jafnaðarmanna (SPD) hófu í gær formlegar viðræður um gerð stjórnarsáttmála. Angela Merkel, leiðtogi kristilegra, kynnti hverjir úr röðum flokks hennar setjast í þessa væntanlegu ríkisstjórn.

Ráðherraval Merkel er blanda af nýjum andlitum og reynsluboltum sem sátu með Helmut Kohl í ríkisstjórn á sínum tíma. Merkel tilnefnir sex fagráðherra auk yfirmanns kanslaraskrifstofunnar, en sú staða þykir jafngilda ráðherrastól. Að honum og Merkel sjálfri meðtöldum er þannig fullt jafnræði milli flokkanna í stjórninni. Jafnaðarmenn kynntu sinn ráðherralista fyrir helgi, en gegn því að fallast á að Merkel yrði kanslari fá þeir nokkur lykilráðuneyti, svo sem bæði fjár- og utanríkismála.

Af ráðherrum Merkel má nefna þá Wolfgang Schäuble, sem verður innanríkisráðherra á ný, Edmund Stoiber, formann CSU, sem verður efnahags- og tæknimálaráðherra og Ursulu von der Leyen, en hún sest í stól fjölskyldumálaráðherra. **- aa**



**RÁÐHERRALIÐ MERKEL** Kanslarinn væntanlegi með ráðherraval sitt í Berlín í gær. Fremst í hjólastól er Wolfgang Schäuble. Hann lamaðist fyrir neðan mitti er geðbilaður maður skaut á hann á kosningafundi árið 1990.

Héraðsdómur Reykjaness:

# Dani dæmdur fyrir hasssmygl

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur Dani hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir tilraun til að smygla til landsins tæpu kílói af hassi.

Maðurinn límdi hassplötur við líkama sinn en þær fundust við leit á honum í Leifsstöð sjöunda þessa mánaðar. Hann er talinn hafa ætlað að selja efnið. Söluandvirði þess gæti numið rúmlega 1,8 milljónum króna.

Maðurinn játaði brot sitt fyrir dómi en fram kemur að hann hafi ekki áður gerst sekur um refsilagabrot, utan sektardóms í Danmörku í sumar fyrir fíkniefnabrot. **- óká**



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON** Framkvæmdastjóri LÍÚ segir enn nokkuð í að olíufélögunum verði stefnt vegna samráðs þerra.

Verðsamráð olíufélaganna:

# Fleiri útgerðir ætla að kæra

**VERÐSAMRÁÐ** Enn bætist í hóp útgerðarfélaga sem ætla að höfða skaðabótamál á hendur olíufélögunum vegna ólöglegs verðsamráðs þeirra, að sögn Friðriks J. Arngrímssonar, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Friðrik segist þó ekki vilja gefa upp að sinni hversu mörg félögin væru. „Það kemur bara í ljós þegar stefnan kemur fram, en við erum enn að vinna að undirbúningi málsins,“ segir hann og telur enn nokkuð í að félögunum verði stefnt. Hann staðfesti þó að málarekstur útgerðarfélaganna yrði sameinaður í einu máli, sem rekið yrði með aðstoð Landssambandsins. **- óká**

Samráð olíufélaganna:

# Senn lýkur rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** „Ég er nú að gera mér vonir um að það hilli undir lok rannsóknarinnar,“ segir Jón H. B. Snorrason, saksóknari hjá ríkislögreglustjóra um rannsókn embættisins á samráði olíufélaganna Skeljungs, Olís og Esso. Jón kveður það vera vikuspursmál hvenær ákvörðun verði tekin um hvort gefnar verði út ákærur.

Um þessar mundir athuga nokkur útgerðarfélög kosti sína til að höfða skaðabótamál á hendur olíufélögunum. Það gerir Reykjavíkurborg einnig. **- saj**

# Tvöfaldast með 50 milljarða kaupum

**Með kaupum Actavis á samheitalyfjastarfsemi Alpharma opnast leið að aukinu vöruframboði og nýjum mörkuðum. Velta Actavis ríflega tvöfaldast með kaupunum sem eru fjármögnuð með láni og útgáfu víkjandi hlutabréfa.**

**VIÐSKIPTI** Actavis hefur keypt samheitalyfjastarfsemi bandaríska fyrirtækisins Alpharma. Með sameiningu ríflega tvöfaldast tekjur Actavis. Hagnaðarhlutfall af tekjum lækkar hins vegar þar sem Alpharma er með lægri framlegð en Actavis.

Kaupverðið nemur um fimmtíu milljörðum króna, en heildarfjármögnun vegna kaupanna er ríflega hundrað milljarðar. Með kaupunum er Actavis orðið eitt af fimm stærstu samheitalyfjafyrirtækjum heims. „Yfirlýst stefna okkar hefur verið að komast í þennan hóp, en með kaupum á félaginu erum við í fjórða sæti.“ segir Róbert Wessman, forstjóri Actavis. „Með kaupunum opnast leið fyrir framleiðsluvörur Actavis á markaði Alpharma og öfugt. Reksturinn skarast lítið, en við teljum að hægt sé að ná talsverðri samlegð og hagræðingum í rekstrinum með sameiningunni.“

Eftir kaupin verða ný 200 ný lyf í skráningu og yfir 600 lyf á markaði. Auk sterkari stöðu í Evrópu og í Bandaríkjunum opnast með kaupunum leið að mörkuðum í Kína og Indónesíu gegnum sölunet Alpharma.

Róbert segir að eftir kaupin sé Bandaríkjamarkaður með 35 prósenta hlutdeild í tekjum Acatavis og er félagið með áttundu mestu markaðshlutdeild á samheitalyfjamarkaði í Bandaríkjunum sem er stærsti samheitalyfjamarkaður heims. Actravis hefur lengi haft það á stefnuskránni að ná fótfestu á þeimi markaði.

Alþjóðlegi bankinn UBS tryggir stærstan hluta fjármögnunarinnar eða um 77 milljarða, en Íslandsbanki og Landsbankinn lána með útgáfu hlutafjár sem Actavis hefur rétt á að kaupa til baka. Sú útgáfa nemur 26 milljörðum króna og getur félagið keypt bréfin til baka á næstu fimm árum. Nýti félagið kaupréttinn ekki breytast þau í hlutafé í eigu bankanna.

Fred J. Lynch, framkvæmdastjóri samheitalyfjasviðs Alpharma, hefur stýrt fyrirtækinu undanfarin misseri og náð að bæta rekstrarárangur segist mjög sáttur við kaupin og í þeim felist mikil tækifæri fyrir bæði fyrirtæki. Róbert segir núverandi stjórnendur hafa náð góðum árangri.

Talið er líklegt að þeir verði áfram við störf hjá félaginu. Eftir sameiningu sem áætluð er í desember munu tíu þúsund manns starfa hjá Actavis í 32 löndum. Áætluð velta fyrir næsta ár er 1,3 milljónir evra eða um 95 milljarðar króna og gert er ráð fyrir að hagnaður fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði nemi tæpum tuttugu milljörðum króna miðað við núverandi gengi krónunnar.

**haflidi@frettabladid.is**




**GENGIÐ FRÁ KAUPUM** Róbert Wessman og Fred J. Lynch telja mikil tækifæri felast í sameiningu Actavis og Alpharma. Sameinað fyrirtæki verður með yfir 600 lyf í framleiðslu.



**JÓHANNES SIGGEIRSSON**

Sameinaði lífeyrissjóðurinn:

# Starfslok til rannsóknar

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn stendur nú yfir á starfslokasamningi Jóhannesar Siggeirssonar við Sameinaða lífeyrissjóðinn. Málið er í höndum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Það barst embættinu fyrir tveimur vikum.

Síðastliðinn vetur þurfti Jóhannes að víkja störfum vegna slakrar afkomu sjóðsins. Starfslokasamningur var gerður við Jóhannes sem tryggði honum laun í 30 mánuði. Árslaun Jóhannesar hjá lífeyrissjóðnum losuðu fimmtán milljónir. **- sajw**

Flækingsfuglar:

# Þistilfinka sést fyrir austan

**FUGLALÍF** Þistilfinka fannst í gær í fyrsta sinn á Íslandi, svo staðfest sé. Þistilfinka er mjög skrautlegur fugl og á heimkynni víða í Evrópu.

Brynjúlfur Brynjólfsson, fuglaáhugamaður á Hornarfirði, segir sex manna hóp fuglaskoðara af höfuðborgarsvæðinu hafa komið til Hafnar um helgina í leit að sjaldgæfum flækingsfuglum. „Þrír úr hópnum fundu þistilfinkuna við bæinn Brunnhól á Mýrum. Lægðin sem gekk yfir landið um helgina olli mikilli úrkomu og flóðum á Höfn en henni fylgdi líka flóðbylgja af flækingsfuglum,“ segir Brynjúlfur. **- kk**






## VEÐURSPÁ



Guðríður Arnardóttir
Náttúrufræðingur

**Dumbungur í veðrinu**
Það verður austlæg eða breytileg átt í dag, víðast fremur hæg og má búast við rigningu í morgunsárið norðanlands. Það styttir upp þegar líður á daginn og yfirleitt verður úrkomulaust í dag. Hiti 5 -10 stig. Á fimmtudaginn fer svo að kólna aftur með hita við frostmark norðan- og austanlands.

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI**
Hæg austanátt og yfirleitt úrkomulítið. Gæti rofað eitthvað til en annars verður yfirleitt skýjað. Hiti yfir hádaginn ætti að ná 9 stigum en kólnar á morgun.

*um hádegi»*




*» á morgun*




Austan kaldi eða strekkingur og lítilsháttar rigning norðan-og austanlands.

*» fimmtudagur*




Ákveðin norðaustanátt og lítilsháttar rigning á Norðausturlandi. Kólnandi veður.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C sk.m.köflum | París | 18°C sk.m.köflum | Algarve | 22°C sk.m.köflum |
| Osló | 11°C sk.m.köflum | Berlín | 13°C sk.m.köflum | Milano | 20°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 15°C sk.m.köflum | Frankfurt | 16°C léttskýjað | New York | 20°C rigning |
| Helsinki | 7°C léttskýjað | Madrid | 18°C skýjað | San Francisco | 19°C léttskýjað |
| London | 14°C sk.m.köflum | Barcelona | 21°C rigning | Orlando/Florida | 30°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




Lagersalan stendur til 22. október.

HJÁ OKKUR ERU NÆG BÍLASTÆÐI OG GOTT AÐGENGI

Skeifunni 11d
Sími 533 1010

Opið virka daga 10-18
Laugardaga 10-14



## KJÖRKASSINN

*Verður Geir H. Haarde farsæll leiðtogi sjálfstæðismanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 71% |
| Nei | 29% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að afnema synjunarvald forseta?*

Leikskólabörn á höfuðborgarsvæðinu eru heima:

# Loka einni deild á dag í Kópavogi

**LEIKSKÓLAR** „Ég er heppin, yfirmaður minn sýnir þessu mikinn skilning, en ég býst við því að þessir dagar dragist bara af sumarfríinu mínu,“ segir Kópavogsbúinn Gyða Gunnarsdóttir sem starfar sem sérfræðingur hjá kreditkortafyrirtæki.

Mannekla hefur rekið leikskólann sem dóttir Gyðu gengur í til að loka einni deild á dag. Gyða og maður hennar hafa skipst á að vera heima með þriggja ára dóttur sinni um það bil einn dag í viku síðan um miðjan september. Þó segir Gyða að henni hafi verið tilkynnt nýlega að frá og með 25. október lagist ástandið og þurfi hún þá aðeins að sækja barnið snemma einn dag í viku.

Sesselja Hauksdóttir, leikskólafulltrúi Kópavogsbæjar, segir að á milli átján og tuttugu starfsmenn vanti til að fylla þrettán til fjórtán stöðugildi á þeim sextán leikskólum sem Kópavogsbær reki.

Þó að engin börn eldri en tveggja ára séu á biðlista í Kópavogi þá vegna manneklu eru tíu til fimmtán börn enn ekki komin inn þótt þeim hafi verið úthlutað leikskólaplássi, að sögn Sesselju.

Ástandið er ekki mikið betra í Reykjavík þar sem leikskólar hafa sumir hverjir brugðið á sama ráð og Kópavogsbær.



**MÆÐGUR Í KÓPAVOGI** Dóttir Gyðu, Þórgunnur Lára, hefur þurft að vera heima í einn dag í viku í haust, vegna manneklu á leikskólanum sem hún gengur í.

Tvöhundruð og sjö börn eldri en átján mánaða voru á biðlista eftir leikskólaplássi í Reykjavík í byrjun þessa mánaðar. Það er fækkun um 46 börn síðan í byrjun september. **- smk**



**PATREKSFJÖRÐUR** Íbúar vilja halda í embætti bæjarins.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar:

## Vilja lögreglustjóra kyrran

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur lýst yfir áhyggjum sínum af hugsanlegum flutningi embættis lögreglustjóra frá Vesturbyggð til Ísafjarðar.

„Við teljum það óverjandi að lögreglustjóri sitji á Ísafirði sérstaklega í ljósi þess að ófært er á milli Vesturbyggðar og Ísafjarðar svo mánuðum skiptir á veturna,“ segir Guðmundur Guðlaugsson bæjarstjóri.

Bæjarstjórnin hvetur yfirvöld að færa verkefni í auknum mæli til opinberra embætta á landsbyggðinni í stað þess að draga úr þeim. **-jse**

## LÍBERÍA

**WEAH Í AÐRA UMFERÐ** Þegar níutíu prósent atkvæða úr líberísku forsetakosningunum, sem fram fóru á dögunum, hafa verið talin er ljóst að kosið verður á milli knattspyrnukappans George Weah og Ellenar John-Sirleaf í síðari umferðinni sem fram fer 8. nóvember næstkomandi.

## SVISS

**HIMINHÁAR BÆTUR** Svissneska lyfjafyrirtækið Serono hefur samþykkt að greiða andvirði 43 milljarða króna í miskabætur fyrir að hafa beitt ólöglegum aðferðum við að koma alnæmislyfinu Serostim á markað. Lögmenn fyrirtækisins komust að samkomulagi við bandaríska dómsmálaráðuneytið um greiðslurnar.

## DÓMSMÁL

**LAGÐI HNÍF AÐ MANNI** 24 ára gamall maður hefur verið dæmdur í mánaðarfangelsi fyrir að leggja vasahníf að hálsi annars sem sat í bíl í Kópavogi í mars á þessu ári. Þar sem árásarmaðurinn hefur ekki sætt ákæru áður var refsing hans skilorðsbundin í tvö ár. Bótakröfu þess sem fyrir árásinni varð, upp á tæpar 200 þúsund krónur, var vísað frá dómi.



**HELGI HJÖRVAR ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR** „Það er grafalvarlegt að kynna þjóðinni og þinginu rangar upplýsingar um okkar eigin kjör.“

# Alvarlegt að kynna rangar upplýsingar

**Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, vill að fjárlaganefnd fari ofan í kjölinn á því hvers vegna nýleg lög um eftirlaun ráðherra og þingmanna valdi hundruð milljóna króna kostnaðarauka sem ekki hafi verið upplýst um áður.**

STJÓRNMÁL Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, fór fram á það innan fjárlaganefndar Alþingis í gær, að nefndin færi vandlega yfir útreikninga sem lagðir voru til grundvallar nýlegum lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og dómara.

Gróft mat Fjársýslu ríkisins bendir til þess að lífeyrisskuldbindingar samkvæmt nýju lögunum hafi verið 650 milljónum króna hærri en þær hefðu orðið samkvæmt eldri lögunum.

Í gögnum Fjársýslunnar kemur fram að 323 milljónir króna séu vegna alþingismanna, 83 milljónir vegna ráðherra og viðbótarkostnaður vegna annarra embættismanna nemi 242 milljónum króna.

Hækkun skuldbindinga vegna eftirlauna ráðherra nam um 178 milljónum króna frá ársbyrjun til ársloka í fyrra samkvæmt sömu gögnum.

Helgi Hjörvar segir að allt bendi til þess að kostnaðurinn fari mörg hundruð milljónum fram úr þeim kostnaði sem áætlaður var. „Það er verulegt áhyggjuefni þegar við eigum sjálfir í hlut, þingmenn og ráðherrar. Það er grafalvarlegt að kynna þjóðinni og þinginu rangar upplýsingar um okkar eigin kjör.“

Helgi segist með erindi sínu í fjárlaganefnd vilja ganga úr skugga um hvað valdi þessum mikla kostnaðarauka. „Menn hljóta að velta þessu fyrir sér þegar nýr forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, kvaðst síðastliðinn vetur ekki hafa áttað sig á því að menn gætu samkvæmt nýju lögunum farið að taka eftirlaun á besta aldri þótt þeir væru komnir í fínar sendiherrastöður eða stöður hjá Seðlabankanum, Landsvirkjun og hvaðeina.“

Helgi segir að forsætisráðherra hafi þá viljað afnema þennan rétt og boðað frumvarp um málið. „Það bólar ekkert á því enn og ég sé það ekki á málaskrá forsætisráherra. Maður veltir því fyrir sér hvort hann hafi verið að bíða eftir að ónefndar persónur hættu,“ segir Helgi Hjörvar.

johannh@frettabladid.is


TÖLVUNÁM

Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum á öllum aldri í tölvunotkun. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega og skipulega í námsefnið. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem máli skiptir til að koma byrjandanum vel af stað í notkun heimilistölvunnar.

**Tvímælalaust okkar besti kostur fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í tölvunotkun. Sérlega hagstætt verð.**

- Windows tölvugrunnur
- Word grunnur
- Excel kynning
- Internetið og tölvupóstur

Kennt er á mánudögum og miðvikudögum og er hægt að velja um morgunnámskeið frá kl. 9 – 12 eða kvöldnámskeið frá kl. 18 – 21. Kennsla hefst 24. okt og lýkur 5. des.
Lengd: 60 stundir. Verð kr. 38.000,-

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða hafa einhverja reynslu af vinnu við tölvur en þurfa að auka við öryggi sitt, þekkingu og færni.

- Windows XP skjalvarsla
- Word
- Excel
- Internet og Outlook tölvupóstur og skipulag.

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum og er hægt að velja um morgunnámskeið frá kl. 9 – 12 eða kvöldnámskeið frá kl. 18 – 21. Kennsla hefst 25. okt og lýkur 8. des.
Lengd: 63 stundir. Verð kr. 39.900,-
(3 kennslubækur innifaldar í verði).



**Guðrún Jónsdóttir**
*Hjúkrunarfræðingur*

„Ég notaði heimilistölvuna sáralítið og forðaðist hana. Fékk kjarkinn með Byrjendanámskeiðinu og nota tölvuna daglega núna, skrifa bréf, tölvupóst, leita á Netinu og er orðinn áskrifandi að öllum ferðaskrifstofunum á Netinu, nota heimabankann, skoða myndir í tölvunni ofl. Skemmtilegir og afslappaðir tímar í góðum félagsskap voru atriði sem skiptu mig miklu máli þar sem langt er síðan ég var síðast í skóla.“

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is


Dönsk kona á fertugsaldri dæmd í Héraðsdómi Reykjaness:

# Faldi hass í holri barnabók

**DÓMSMÁL** 37 ára gömul dönsk kona hefur verið dæmd í mánaðarfangelsi fyrir að reyna að smygla hingað 320,19 grömmum af hassi 30. september síðastliðinn. Dómurinn, sem upp var kveðinn í Héraðsdómi Reykjaness, er skilorðsbundinn í þrjú ár.

Konan var gripin við tollskoðun á Keflavíkurflugvelli við komuna frá Kaupmannahöfn. Talið var í ákæru að hassið hefði verið ætlað til sölu, en það hafði hún falið innan í bók um Harry Potter, en búið var að skera úr síðum og búa þannig til holrúm. Saksókn málsins miðaði hins vegar ekki við að konan hefði flutt inn efnin í söluskyni, og var sú breyting bókuð við meðferð málsins.



**SUNDURSKORIN BÓKIN** Svona var búið um hassið sem dönsk kona reyndi að smygla til landsins í farangri sínum í lok síðasta mánaðar.

Konan játaði að hafa flutt inn efnin, en kvað þau hafa verið ætluð til neyslu. „Hún sagðist fara létt með að svæla þetta á nokkrum dögum, ef ég man rétt,“ segir Sævar Lýðsson, fulltrúi Sýslumanns á Keflavíkurflugvelli. Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður konunnar, taldi þó líklegra að efnanna hefði átt að neyta í einhverju veisluhaldi hér, án þess þó að þar um lægi nokkuð staðfest. Konan er tónlistarmaður og starfar með hljómsveit í Danmörku.

Guðmundur sagði hana ekki gera athugasemdir við dóminn og að honum yrði ekki áfrýjað.

Sævar sagði dóminn í samræmi við dómavenju í málum sem þessum. Þetta væri hennar fyrsta brot og hún ekki búsett hér á landi. Hann taldi hægt að miða við sem þumalputtareglu að mánaðarfangelsi lægi við að smygla kílói af hassi. **- óká**






**MEÐ ÍSLENSKU STJÓRNBORÐI OG ÍSLENSKUM LEIÐARVÍSI**




Sensing the Difference

## Whirlpool AWO9765 – 1400 snúninga

**Mjög einföld í notkun**
Einfalt stjórnborð á íslensku og þægilegur íslenskur leiðarvísir tryggir að notkun vélarinnar er leikur einn. Nú er það engin afsökun lengur að þvottavélin sé of flókin! Með tveimur handtökum má ræsa vélina. Auðvelt er að finna kerfi sem hentar og vélin er með sérstakt kerfi fyrir daglegan blandaðan þvott, ullarvöggu, handþvottakerfi og 30 mínútna hraðkerfi.

**6th Sense er hraðari og skilar betri árangri**
Vélin sýnir þvottatímann á skjá og skynjarar í vélinni skynja óhreinindi í vatninu þannig að þvottatími er eins stuttur og kostur er á.

**Stærri tromla og stærri hurðaropnun**
Nýju Whirlpool þvottavélarnar taka allt að 6kg af þvotti. Tromlan er 10% stærri en áður sem fer betur með þvottinn, gefur betri árangur og þvotturinn krumpast minna.

**TILBOÐ**
**kr. 59.995**
Fullt verð kr. 79.995

Whirlpool

**Heimilistæki**
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT










Ný skólabygging tekin í notkun í Korpuskóla:

# Flytja inn í vikunni

**SKÓLASTARF** Mikið var um dýrðir í gær þegar ný skólabygging fyrir Korpuskóla var tekin formlega í notkun. Á bilinu 5 til 6 hundruð manns voru viðstaddir en nemendur skólans juku á gleði þeirra með kórsöng.

„Við munum nota þessa viku til að flytja en svo hefst kennsla í nýja skólanum næsta mánudag,“ segir Svanhildur M. Ólafsdóttir skólastýra en skólastarfið hefur farið fram í bráðarbirgðahúsnæði að Korpúlfsstöðum frá því um haustið 1999. Nýja skólahúsið rúmar 170 grunnskólanemendur og í því eru 5 kennslurými, listasmiðja, vísindaver, fjölnotasalur, mötuneyti, kennslueldhús, tónmenntaaðstaða, frístundaheimili og þar að auki er hluti hússins hannaður sem leikskóli sem nýta má ef grunnskólanemendum fækkar. **- jse**



**KLIPPT Á BORÐANN** Steinunn Valdís Óskarsdóttir nýtur aðstoðar ungra nemenda.



**SEST AÐ VÖLDUM** Ný ríkisstjórn Noregs tók formlega við völdum í gær þegar hún fundaði með Haraldi Noregskonungi og Hákoni syni hans í konungshöllinni í Ósló í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ríflega þrítug í ráðherrastól

**Nítján ráðherrar eru í nýrri ríkisstjórn sem Jens Stoltenberg leiðir, níu konur og tíu karlar. Hann segist ætla að breyta bæði inntaki og formi stjórnmála.**

**STJÓRNMÁL** „Það er góð tilfinning að sigra í kosningum og mynda ríkisstjórn,“ sagði Jens Stoltenberg þegar hann kynnti ráðherraskipan nýrrar ríkisstjórnar við konungshöllina í Ósló í gær. „Þetta er ríkisstjórn sem ætlar sér að breyta bæði inntaki og formi stjórnmálanna.“

Auk Stoltenbergs eru 18 ráðherrar í ráðuneyti hans, tíu úr flokki hans, Verkamannaflokknum, fimm frá Sósíalíska vinstriflokknum og fjórir frá Miðflokknum.

Kristin Halvorsen, formaður Sósíalíska vinstriflokksins, er fjármálaráðherra en Åslaug Haga, formaður Miðflokksins, er ráðherra sveitarstjórnarmála.

Athygli hefur vakið í Noregi að Helga Pedersen, 32 ára fylkisstjóri frá Finnmörku og flokkssystir Stoltenbergs, hefur verið skipuð sjávarútvegsráðherra.

Ráðherra olíu- og orkumála er Odd Roger Enoksen úr Miðflokknum, en búist er við að sá málaflokkur geti reynst ríkisstjórninni þungur í skauti á kjörtímabilinu.

Umhverfisráðherra er Helena Björnöy frá Sósíalíska vinstriflokknum.

Af 19 ráðherrum eru níu konur og tíu karlar og drjúgur meirihluti ráðherranna er af landsbyggðinni.

**jh@frettabladid.is**

Héraðsstjóri Pétursborgar:

# Vill koma Lenín undir græna torfu

**RÚSSLAND, AP** Héraðsstjóri Pétursborgar, sem er talinn náinn pólitískur samherji Vladimírs Pútín Rússlandsforseta, hvatti í gær opinberlega til þess að lík Vladimírs Lenín, sem enn stendur uppi í grafhýsi á Rauða torginu í Moskvu, verði fjarlægt þaðan og grafið. Frá þessu greindi ITAR-Tass-fréttastofan.

Yfirlýsing héraðsstjórans, Valentinu Matviyenko, þessa efnis þykir nýjasta vísbendingin um að ráðamenn í Kreml séu að undirbúa það að koma stofnanda sovéska kommúnistaflokksins undir græna torfu, en hann dó árið 1924.

Lenín óskaði þess sjálfur að vera greftraður við hlið móður sinnar í kirkjugarði í Pétursborg, en arftaki hans, Jósef Stalín, ákvað að lík hans skyldi smurt og látið standa uppi til sýnis fyrir almenning.

Borís Jeltsín, fyrsti forseti Rússlands eftir hrun Sovétríkjanna, vildi jarða Lenín en gerði ekkert í því eftir harkalegar mótbárur kommúnista. **- aa**



**LÍK LENÍNS** Greftrað eftir 81 ár til sýnis?



# ORMSSON

Skrifstofu- og hljómtækjadeild Ormsson
er flutt í **Síðumúla 9**

**SÍÐUMÚLI 9**
SÍMI 530 2800

**SMÁRALIND**
SÍMI 530 2900




# Fangaðu augnablikið!

## OLYMPUS®

YOUR VISION, OUR FUTURE



### FE-120

**6.0 milljón punktar**
- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga
- Innbyggt flass. Val á milli 3 stillinga
- 1.8" Skjár (upplausn 85.000 punktar)
- Quicktime videotaka án hljóðs
- Innbyggt 14mb minni
- USB snúra, AA rafhlöður, Camedia Master 1,0 forrit
- Þyngd 140g

**Kr. 19.900**



### MJU 600 all weather

**6,0 milljón punktar**
- 3 x Optical aðdráttur (35-105mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 23 prógram stillinga
- Innbyggt flass. Val á milli 3 stillinga
- 2.5" LCD skjár með BirghtCapture
- Quicktime videotaka með hljóði
- 8 mb innbyggt minni
- Notar Lithium rafhlöðu
- Þyngd 128g

**Kr. 25.900**
Íslenskur leiðarvísir



### MJU 800 all weather

**8.0 milljón punktar**
- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 19 prógram stillinga
- Innbyggt flass. Val á milli 3ja stillinga
- 2.5" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar XD minniskort
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 181.5g

**Kr. 34.900**
Íslenskur leiðarvísir



Besta hönnunin 2005

### MJU MINI S all weather

**5.0 milljón punktar**
- 2 x Optical aðdráttur (35-70mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 13 prógram stillinga
- Innbyggt flass
- 1.8" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar XD minniskort
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 115g

**Kr. 26.900**
**Tilboð kr. 19.900**



### CAMEDIA C-760

**3.2 milljón punktar**
- 10 x Optical aðdráttur
- 1.5" skjár
- Quicktime videotaka með hljóði
- 16 MB XD minniskort
- Möguleiki á aukalinsu
- Hleðslutæki
- Þyngd 280g

**Tilboð kr. 19.900**



### CAMEDIA C-315

**5.1 milljón punktar**
- 2,8 x Optical aðdráttur (38-106mm)
- 3,5 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/3.0-5.0
- Val á milli 6 prógram stillinga
- Innbyggt flass. Val á milli 3ja stillinga
- 1.8" skjár (upplausn 85.000 punktar)
- Quiktime videotaka án hljóðs
- 16 mb XD minniskort, USB snúra, AVsnúra, A4 rafhlöður og Camedia Master 1,0 forrit fylgir með
- Þyngd 150g

**Kr. 19.900**

*Þú segir okkur hvaða kröfur þú gerir varðandi verð og gæði - við uppfyllum þær!*

OLYMPUS
3ja ára ábyrgð
ORMSSON
★ ★ ★ ★ ★



### CAMEDIA C-70

**7.0 milljón punktar**
- 5 x Optical aðdráttur (38-190mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 5 prógram og 3 manual stillinga
- Innbyggt flass
- 2.0" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar XD minniskort
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 220g

**Kr. 44.900**

## Nikon



### COOLPIX 5600

**5.1 milljón punktar**
- 3 x Optical aðdráttur (35-135mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga og D-ligting
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 1.8" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar AA rafhlöður. Tekur allt að 220 myndir á eitt sett af Alkaline rafhlöðu
- Þyngd 130g

**Kr. 29.900**



Besta stafræna smávélin 2005

### COOLPIX 7900

**7.1 milljón punktar**
- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 16 program stillinga, D-ligting og Face-priority AF
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2.0" LCD skjár (upplausn 115.000 punktar)
- Quicktime videotaka með hljóði og hristivörn á aðdrætti
- Hægt að nota sem diktafon
- Þyngd 150g

**Kr. 48.900**



### COOLPIX P1

**8.0 milljón punktar**
- Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
- 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/ 2.7-5.2
- Val á milli 19 program stillinga
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videotaka
- Innbyggt 32 mb minni
- Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/180 myndir
- Hleðslutæki
- Þyngd 170 g

**Kr. 49.900**



### COOLPIX P2

**5.0 milljón punktar**
- Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
- 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/ 2.7-5.2
- Val á milli 19 program stillinga
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videotaka
- Innbyggt 16mb minni
- Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/190 myndir
- Hleðslutæki
- Þyngd 170g

**Kr. 39.900**



### D-50

**6.1 milljón punktar**
- Digital SLR
- 3008x2000 upplausn
- Skiptanleg linsa
- Innbyggt flass
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Program og manual stillingar
- Linsa: DX 18-55mm
- Þyngd 540g án linsu

**Kr. 99.900**



### D-70S

**6.1 milljón punktar**
- SLR
- 3008x2000 upplausn
- Skiptanleg linsa
- Innbyggt flass
- Program og manual stillingar
- Linsa: DX 18-70mm
- Þyngd 600g án linsu

**Kr. 139.900**



### S4

**6,0 milljón punktar**
- Með snúningshaus
- 10 x aðdráttur í linsu (38-380mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 program stillinga
- Innbyggt flass, val á milli 5 stillinga
- 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quiktime videoupptaka með hljóði
- Notar AA rafhlöðu
- Hleðslutæki
- Þyngd 205g

**Kr. 49.900**

GEISLI
FLÖTUM 29, VESTMANNAEYJUM

MODEL
Stillholti 16-18, Akranes, Sími 431 3333, model.ak@simnet.is

FRÍHÖFNIN

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

pixlar
STAFRÆN FRAMKÖLLUN
Suðurlandsbraut 52, sími 588 3700

BÓKAVERSLUN
ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR
Garðsbraut 9, Húsavík, Sími 464 1234, husavik@husavik.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Axelsbúð á Akranesi hættir starfsemi eftir 63 ár:

# Innbúið fer á Byggðasafnið

**AKRANES** Verslun Axels Sveinbjörnssonar á Akranesi verður lokað um næstu mánaðamót og lýkur þar með 63 ára sögu hennar. Eigandinn er Axel Gústafsson, sonarsonur nafna síns Sveinbjörnssonar sem stofnaði hana.

Axelsbúð, eins og hún er jafnan nefnd af Skagamönnum, verður þó ekki alveg þurrkuð af yfirborði jarðar þar sem Byggðasafnið á Akranesi mun varðveita innanstokksmuni hennar og koma upp lítilli Axelsbúð.

Í lok júní seldi Axel húsnæðið sem verslunin hafði verið í nánast frá upphafi en það hefur nú verið rifið. Hann kom þá mörgum á óvart með því að flytja verslunina í húsnæði sem er mitt á milli Byko og Húsasmiðjunnar.

„Ég kenni þessum stóru samkeppnisaðilum ekkert um hvernig fór," segir Axel. „Það hefur býsna margt breyst hér á Akranesi og fyrirtæki sem og einstaklingar hafa hin síðustu ár beint viðskiptum í auknum mæli til Reykjavíkur."

Aðspurður hvað hann taki sér nú fyrir hendur segir hann ekki loku fyrir það skotið að gömlu samkeppnisaðilarnir fái að njóta reynslu sinnar. „Ég hef engar áhyggjur af framtíðinni," segir hann að lokum. **- jse**



**AXELSBÚÐ** Axelsbúð flutti í húsnæði mitt á milli Byko og Húsasmiðjunnar en nú er útlit fyrir að hún flytji í hinsta sinn og þá í salarkynni Byggðasafnsins.

Jústsjenko Úkraínuforseta veitt viðurkenning í Lundúnum:

# Vonast eftir viðræðum um aðild bæði að NATO og ESB

**ÚKRAÍNA, AP** Viktor Jústsjenko, forseti Úkraínu, sagðist í gær vonast til að viðræður um aðild landsins að Atlantshafsbandalaginu gætu hafist á vori komanda. Ennfremur sagði hann að fríverslunarsamningur við Evrópusambandið gæti orðið að veruleika innan 12-15 mánaða.

„Hjarta Evrópu er í Úkraínu og Evrópa getur ekki lifað án hjarta síns," sagði Jústsjenko í ræðu hjá hinni virtu alþjóðlegu ráðgjafarstofnun Chatham House í Lundúnum. Þangað var Jústsjenko boðið til að taka við viðurkenningu stofnunarinnar fyrir þátt sinn í að koma á þeim tímamótabreytingum í úkraínskum stjórnmálum sem kölluð hefur verið „appelsínugula byltingin" og að sjá til þess að það umrót ylli ekki átökum í Evrópu. Elísabet Englandsdrottning afhenti Jústsjenko viðurkenninguna.

Jústsjenko átti síðan fund með Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands sem þetta misserið gegnir formennskunni í ESB, til að ræða möguleika Úkraínu á ESB-aðild.

NATO hefur eflt samstarf sitt við Úkraínu eftir „appelsínugulu byltinguna" í fyrra, en hefur þó ekki gefið neitt út um það hvort eða hvenær landið gæti fengið aðild. **- aa**



**JÚSTSJENKO** Forseti Úkraínu í Lundúnum í gær.




Ferðamála-ráðstefnan 2005

Samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu

Radisson SAS Hótel Sögu
27. og 28. október



Dagskrá

| | |
|---|---|
| Dagskrá: | Fimmtudagur 27. október |
| kl. 09:00 | Skráning og afhending gagna |
| kl. 09:30 | Setning |
| kl. 09:35 | Ávarp samgönguráðherra, Hr. Sturla Böðvarsson |
| kl. 09:55 | Ávarp borgarstjóra, Steinunn Valdís Óskarsdóttir |
| kl. 10:05 | Kaffihlé |
| kl. 10:25 | Samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu<br>Hannes Smárason, stjórnarformaður FL Group |
| kl. 10:45 | Markaðsleg samkeppnishæfni Íslands, frá sjónarhorni erlends seljanda<br>Anneke Dekker, framkvæmdastjóri Island Tours Hollandi |
| kl. 11:05 | Menningarleg samkeppnishæfni Íslands<br>Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri |
| kl. 11:25 | Umræður og fyrirspurnir |
| kl. 11:45 | Hádegisverðarhlé |
| kl. 13:00 | Kynning á nýju ráðstefnu- og tónlistarhúsi í Reykjavík<br>Stefán Hermannsson, framkvæmdastjóri Austurhafnar ehf. |
| kl. 13:30 | Ferðamálastofa vs. Ferðamálaráð, hvers ber að vænta?<br>Magnús Oddsson, ferðamálastjóri |
| kl. 14:00 | Fyrirspurnir |
| kl. 14:15 | Afhending lokaverkefnisverðlauna Ferðamálaseturs Íslands fyrir árið 2005 |
| kl. 14:30 | Kaffihlé |
| kl. 14:50 | Almennar umræður og afgreiðsla ályktana |
| kl. 16:00 | Ráðstefnuslit |
| kl. 18:00 | Móttaka í boði samgönguráðherra og Höfuðborgarstofu í Listasafni Reykjavíkur<br>Ath. safnið opnar kl 17:00 fyrir þá sem vilja kynna sér sýningar safnsins |
| kl. 19:30 | Strætó frá Listasafni Reykjavíkur að Hótel Sögu |
| kl. 20:00 | Kvöldverður og skemmtun, skráning hjá Ferðamálaráði<br>Afhending umhverfisverðlauna Ferðamálaráðs Íslands fyrir árið 2005 |
| Dagskrá: | Föstudagur 28. október |
| kl. 10:00 | Vettvangsferð og kynning á ferðaþjónustu svæðisins |

Ráðstefnustjórar:
Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar
Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar

Ráðstefnugjald: kr. 9.000,-
Innifalið í ráðstefnugjaldi eru ráðstefnugögn, hádegisverður og kaffiveitingar

Skráning:
Skráning á www.ferdamalarad.is
Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu upplýsinga- og þróunarsviðs Ferðamálaráðs Íslands í síma 464 9990 og í gegnum upplysingar@icetourist.is

FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

ÁSPRENT STÍLL



SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Á EIGIN VEGUM



NÝR

FORESTER

Við kynnum til sögunnar nýjan, breyttan og enn aflmeiri Subaru Forester. Nýr Forester er eins og sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður - þægilegur, rúmgóður, aflmikill og öruggur á nánast hvaða undirlagi sem er. Óhætt er að fullyrða að Forester fer sínar eigin leiðir þegar kemur að aksturseiginleikum og búnaði.

STAÐREYNDIR:
- 21% kraftmeiri - 158 hö.
- Sítengt aldrif (AWD)
- Veghæð - 20,5 cm
- 16" álfelgur
- Mikið rými

SJÁLFSKIPTUR
VERÐ 2.550.000 kr.
30.315 kr. á mán.*

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a, 800 Selfossi, 482-3100 · Eyrarlandi 1, 530 Hvammstanga, 451-2230 · Sæmundargötu 3, 550 Sauðárkróki, 453-5141 · Holtsgötu 52, 260 Njarðvík, 421-8808 · Dalbraut 2b, 300 Akranesi, 431-1376 · Víkurbraut 4, 780 Höfn í Hornafirði, 478-1990 · Búðareyri 33, 730 Reyðarfjörður, 474-1453 · Sindragötu 3, 400 Ísafjörður, 456-4540 · Óseyri 5, 603 Akureyri, 461-2960

*Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Fíton/SÍA

ACCORD

HONDA
The Power of Dreams

# Skiptu upp í sjálfskiptan fyrir aðeins **10.000** kr.



Executive sjálfskiptur, 190 hestöfl, sóllúga og leðurinnrétting

**Verðlaun**

- Eftirsóttasti stallbakurinn í sínum flokki samkvæmt Edmunds.com
- Einn af bestu fjölskyldubílum í boði í dag samkvæmt AAA og Parents magazine
- Hagkvæmustu kaupin í sínum flokki samkvæmt IntelliChoice
- 18 sinnum á "10 bestu" lista Car and Driver
- Besti fjölskyldubíll í heimi samkvæmt Edmunds.com

HÉR & NÚ / SÍA

→ Kynntu þér vel búinn Honda Accord á sjálfskiptu tilboði.



Sport



Type-S



Tourer Sport

honda.is

Þú komst ekki þangað sem þú ert í lífinu með því að bíða. Renndu strax við hjá Bernhard Vatnagörðum og sjáðu hvernig þú getur skipt upp í nýjan margverðlaunaðan Honda Accord. Þú velur Sport, Type-S eða Executive allt eftir því hversu mikinn lúxus þú vilt og við uppfærum hann í sjálfskiptan fyrir aðeins 10.000 kr. Sparneytnari en þú átt að venjast og betur búinn en samkeppnin. Accord er frábært dæmi um Honda gæði á Honda-góðu tilboði.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bílavík, Reykjanesbær,sími 421 7800 - Bílver, Akranes, sími 431 1985 - Höldur, Akureyri, sími 461 6020 - Bragginn, Vestmannaeyjar, sími 481 1535

...bara á
flugfelag.is
19. - 25. okt.

Milli Reykjavíkur og
AKUREYRAR
5.999 kr.

Verð miðast við flug aðra leiðina. Bara á www.flugfelag.is Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og
BÍLDUDALS
5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og
EGILSSTAÐA
6.999 kr.

Milli Reykjavíkur og
SAUÐÁRKRÓKS
5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og
ÍSAFJARÐAR
5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og
GJÖGURS
5.999 kr.

Milli Reykjavíkur og
HORNAFJARÐAR
6.499 kr.

Milli Reykjavíkur og
VOPNAFJARÐAR/ÞÓRSHAFNAR
7.499 kr.

Milli Reykjavíkur og
VESTMANNAEYJA
4.999 kr.

Milli Reykjavíkur og
GRÍMSEYJAR
6.499 kr.

Minnum á krónufargjald fyrir börnin 15. okt. - 15. nóv. 2005
- Verð án skatta og tryggingargjalds aðra leið 1 kr.
- Verð með sköttum og tryggingargjaldi aðra leið 440 kr.

flugfelag.is


Koizumi heimsækir umdeilt hof:

# Reiði í grannlöndum Japans

**JAPAN, AP** Þegar Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, laut í gær höfði í Yasukuni-hofinu í Tókýó, sem tileinkað er minningu Japana sem látið hafa lífið í stríði, voru viðbrögðin í öðrum Asíulöndum snör og hörð.Ráðamenn í Seoul sögðu að réttast væri að aflýsa áformuðum leiðtogafundi Suður-Kóreu og Japans og í Peking var því lýst yfir með mjög afdráttarlausum hætti að hofheimsóknin væri ögrun.

Grannþjóðir Japana líta málið svo alvarlegum augum vegna þess að meðal þeirra sem heiðraðir eru í Yasukuni-hofinu eru herforingjar Japana í síðari heimsstyrjöld, sem teknir voru af lífi fyrir stríðsglæpi.

Þetta var fimmta heimsókn Koizumis í hofið frá því að hann varð forsætisráðherra árið 2001. Hann gefur þá skýringu að hann heimsæki hofið sem einstaklingur og óbreyttur borgari og biðji fyrir friði. Hann hefur jafnframt sagt að mótmæli útlendinga gegn heimsóknunum væru óeðlileg afskipti af japönskum innanríkismálum. **- aa**



**LÝTUR HÖFÐI** Fimmta heimsókn Koizumis í Yasukuni-hofið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Neita sakargiftum

**Par sem skvetti grænlituðu skyri á gesti álráðstefnu neitar sakargiftum um stórfelld eignaspjöll og húsbrot. Skemmdir eru mun minni en taldar voru í fyrstu. Breskur maður hefur þegar hlotið fangelsisdóm vegna málsins.**

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð og vitnaleiðslur fóru fram í máli Ólafs Páls Sigurðssonar og Örnu Aspar Magnúsardóttur sem sökuð eru um húsbrot og stórfelld skemmdarverk á Hótel Nordica í sumar.
Þar ruddust þau inn í ráðstefnusal álráðstefnu og slettu skyri blönduðum grænum matarlit á gesti og innanstokksmuni. Þegar er búið að dæma breskan mann að nafni Paul Geoffrey Gill fyrir aðild að málinu, en hann hlaut skilorðsbundið mánaðarfangelsi.

Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, bar vitni í málinu í gær, en hún var uppi á sviði þegar fólkið kom með skyrið. Hún sagði mikla hræðslu hafa brotist út meðal ráðstefnugesta, sérstaklega erlendu gestanna. „Ég fór úr jakkanum og hljóp burt,“ sagði hún og lýsti hvernig hún hefði skýlt sér bak við gardínu. „Svo fann ég strax á lyktinni að þetta var skyr eða mjólkurdrykkur,“ sagði hún og kvaðst hafa róað gestina með því.

Deilt er um hvort eignaspjöllin með skyrslettunum hafi verið stórfelld. Í máli Pauls Gill var bótakröfum vísað frá, en þá námu þær um tveimur milljónum króna. Seinna kom í ljós að hlutir sem sagðir voru ónýtir höfðu bara orðið fyrir skemmdum og taldi hótelið að ekki næmi kostnaði að meta þá. Því er nú bara gerð krafa um greiðslu á kostnaði við hreinsistarf á hótelinu.

Guðmundur B. Ólafsson, verjandi Örnu Aspar, gagnrýndi útreikning hótelsins harðlega við meðferð málsins. „235 þúsund króna reikningur fyrir teppahreinsun er ótrúlegur,“ sagði hann og benti á að sólarhringsleiga á teppahreinsivél í byggingarvöruverslun væri um 1.700 krónur og taldi verkið tæpast geta hafa staðið í nema tvo til þrjá tíma. Þá sagði hann með ólíkindum að meðallaun þeirra sem komu að hreinsuninni virtust nema 425 þúsund krónum á mánuði, en nítján starfsmenn komu að hreinsun, þeirra á meðal hótelstjórinn.

Einnig er deilt um hvort mótmælin teljist húsbrot, en verjendurnir vilja meina að önnur lögmál gildi um hótel og opinbera staði, en gilda um heimili í þeim efnum.

**olikr@frettabladid.is**



**VIÐ HÓTEL NORDICA Í SUMAR** Rannveig Rist (til hægri) sést hér taka við bæklingi úr höndum mótmælanda fyrir utan Hótel Nordica á álráðstefnunni sem þar var haldin í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN




Paratabs® – Öflugur verkjabani!



**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthita af völdum inflúensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljóvgandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrarbólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05

Frestur til greiðslu skaðabóta vegna olíusamráðs er útrunninn:

# Borgin hótar olíufélögunum enn lögsókn

**VERÐSAMRÁÐ** Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir það standa af hálfu borgarinnar að farið verði með samráðsmál olíufélaganna fyrir dómstóla fái borgin ekki greiddar bætur.

Á föstudag rann út frestur sem Reykjavíkurborg gaf olíufélögunum til greiðslu bóta vegna verðsamráðs sem þau höfðu í tengslum við tilboðsgerð vegna olíusölu árið 1996.

Steinunn Valdís sagðist vita til þess að olíufélögin hefðu óskað eftir fundi með lögmanni borgarinnar til að fara yfir málið, en hafði á föstudag ekki frekari spurnir af þeim fundahöldum þar sem hún var stödd í útlöndum.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers sem á Esso, segir að borgin fái frá félaginu formlegt svar vegna skaðabótakröfunnar, en vildi ekki upplýsa um efni þess áður en því hefði verið komið í réttar hendur. Hann segir félagið ekki hafa átt í neinum viðræðum við borgina vegna skaðabótakröfunnar.

Gestur Jónsson, lögmaður Skeljungs, segir hins vegar að haldinn verði fundur lögmanna olíufélaganna og lögmanns borgarinnar núna eftir helgina vegna málsins.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður borgarinnar, segist ekki hafa fengið formlegt svar frá neinu félaganna vegna skaðabótakröfunnar en staðfesti að félögin hefðu óskað eftir fundi með honum vegna málsins. Vilhjálmur sagði að á fundinum myndi skýrast hvað félögin ætluðu að bjóða borginni, ef þá nokkuð. „En ýtrustu kröfur borgarinnar hljóðuðu upp á 150 milljónir króna," segir hann, en sú upphæð var ekki sundurgreind á félögin.

„Borgin getur ekki skipt því niður á félögin því hún veit ekki hver fékk hvað. Hins vegar liggur fyrir að haft var samráð um útboðið og að Skeljungur greiddi hinum ákveðna fjárhæð vegna viðskiptanna." **- óká**



**FÁNAR OLÍUFÉLAGANNA** Myndin er tekin á Ísafirði í hittifyrra þar sem olíufélögin þrjú ráku sameiginlega bensínstöð.



**ÁTÖK Í ASERBAÍDSJAN** Lögregla tekur stuðningsmann stjórnarandstöðunnar í Aserbaídsjan höndum í Bakú í gær. Hundruð stuðningsmanna stjórnarandstöðuleiðtogans Rasul Guliyevs mótmæltu þar í gær. Guliyev hugðist snúa heim úr sjálfskipaðri útlegð í gær en kvað hafa verið handtekinn þegar flugvél hans millilenti í Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HELEN CLARK** Stjórnar þriðja kjörtímabilið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýja-Sjáland:

## Clark myndar ríkisstjórn

**NÝJA-SJÁLAND, AP** Helen Clark, starfandi forsætisráðherra Nýja-Sjálands, kynnti í gær samkomulag sem flokkur hennar, Verkamannaflokkurinn, hefur gert við þrjá smjáflokka um myndun nýrrar ríkisstjórnar undir sinni forystu.

Á óvart kemur að leiðtogi flokks sem er mjög andsnúinn frekari innflytjendastraumi til landsins verður utanríkisráðherra. Nýi utanríkisráðherrann, Winston Peters úr flokknum „Nýja-Sjáland fyrst", mun þó ekki sitja ríkisstjórnarfundi.

Í þingkosningum í síðasta mánuði fékk Verkamannaflokkurinn 50 af 121 þingsæti en höfuðkeppinauturinn, Þjóðarflokkurinn, 48. Með samkomulaginu hefur Clark tryggt sér setu við stjórnvölinn þriðja kjörtímabilið í röð. **- aa**



**RJÚPA Í VAÐLAHEIÐI** Veiðimenn segja mikið af rjúpu í nágrenni Akureyrar en erfitt að nálgast hana vegna hlýinda og rigningar. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Rjúpnaveiði á Norðurlandi:

## Margir tómhentir

Rjúpnaskyttum á Akureyri hefur flestum hverjum gengið illa að finna rjúpu eftir að veiðitímabilið hófst síðastliðinn laugardag og hafa margir komið tómhentir úr veiðiferð. Þórður Helgason, verslunarstjóri Sjóbúðarinnar á Akureyri, segir hlýindum og rigningu um að kenna en ekki skorti á rjúpu.

„Það er nóg af rjúpu en þegar svona hlýtt er þá leitar hún hátt upp í fjöllin og á sama tíma er göngufæri erfitt; snjór mjög blautur og mikil drulla," segir Þórður. **- kk**




Aukið frelsi

Tveir nýir, einstakir hávaxta-sparnaðarreikningar á Netinu:

SPRON VAXTABÓT

Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu

SPRON Vaxtabót er óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – og auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils.

- Algjört frelsi
- Engin lágmarksinnborgun en verðlaunað fyrir hærri innstæðu
- Enginn binditími en verðlaunað fyrir lengra sparnaðartímabil
- Engin úttektargjöld á Netinu

SPRON VIÐBÓT

Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaviðbót að binditíma loknum

SPRON Viðbót er verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu, bundinn í 36 mánuði, sem ber háa grunnvexti og auk þess stighækkandi vaxtaviðbót eftir lengd sparnaðartímabils að binditíma loknum.

- Aukið frelsi
- Vaxtaumbun tryggð á áframhaldandi innstæðu að binditíma loknum
- Engin lágmarksinnborgun
- Engin úttektargjöld á Netinu

Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á www.spron.is

Upplýsingar í síma 550 1400 eða á www.spron.is

spron – fyrir allt sem þú ert

Himinn og haf / SÍA

## „ORÐRÉTT“

### *Byrjum strax að bora*

**„Jarðgöngin milli lands og Eyja munu spara mjög fyrir ríkissjóð, en um leið styrkja stórlega stöðu Vestmannaeyja, og ekki síður stöðu alls Suðurlands og landsins í heild.“**

**Árni Johnsen, stjórnmálamaður, blaðamaður og tónlistarmaður, í grein í Morgunblaðinu.**

### *Nægjusamur*

**„Ég er mjög sáttur við þann stuðning sem ég hlaut.“**

**Kristján Þór Júlíusson í Fréttablaðinu um 36 prósentin sem hann hlaut í varaformannskjöri Sjálfstæðisflokksins.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÞORFINNUR GUÐNASON KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR**

## *Gerir mynd um Klink og Bank*



„Ég var að klára mynd í gær um Christoph Schlingensief sem er mjög merkur þýskur listamaður,“ segir Þorfinnur Ómarsson kvikmyndagerðarmaður en téður Schlingensief setti upp gjörnin í Klink og Bank í byrjun sumars. „Þetta er svona þýskt vandræðabarn sem setti til dæmis upp Parsifal eftir Wagner á Beyruth hátíðinni þar sem hann notaðist við dverga, blökkumenn og þroskahefta og móðgaði Wagnerfjölskylduna mjög,“ segir Þorfinnur kíminn. „Ég var að gera myndina fyrir Francescu von Habsburg sem er barónessa í Austurríki,“ bætir Þorfinnur við en hún hafði samband við hann til að gera mynd um veru Schlingensief hér á landi. Mynd Þorfinns verður síðan skeytt saman við heimildarmynd um ferð listamannsins til Namibíu. „Hann gerir ótta og þráhyggju þeirrar þjóðar sem hann fjallar um að viðfangsefni sínu. Til dæmis hvatti hann til aftöku Kára Stefánssonar og að Alþingi yrði eyðilagt hér á landi en í Namibíu er hann klæddur eins og Mugabe og hvetur til byltingar,“ segir Þorfinnur sem hefur síðastliðin tvö ár unnið að mynd um Klink og Bank og ætlar að klára hana í janúar. „Þetta er mjög athyglisverður kafli í íslenskri samtímalist og mjög umfangsmikið verk,“ segir Þorfinnur var boðið til Austurríkis í sumar til að hitta fólkið sem hann starfaði með að myndinni um Schlingensief. Hann og eiginkona hans gripu tækifærið og héldu upp á tuttugu ára brúðkaupsafmæli sitt í leiðinni.

**SJÓNARHÓLL**

**NÝR FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS**

## *Líst æðislega vel á Geir*



MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR

„Mér líst æðislega vel á Geir,“ segir Margrét Sigurðardóttir, sem aldrei er kölluð neitt annað en Magga massi, um Geir H. Haarde, nýjan formann Sjálfstæðisflokksins. Magga er líkamsræktarþjálfari og var að styrkja á sér brjóstvöðvana þegar blaðamaður náði af henni tali. „Geir er maður að mínu skapi og ég er mjög hrifin af honum sem stjórnmálamanni,“ sagði Magga móð eftir æfingarnar.

# Málamaðurinn Mukunda ætlar að læra íslensku

**Nepalski þúsundþjalasmiðurinn Mukunda Raj Pathik lætur sér fátt fyrir brjósti brenna. Hann er tungumálakennari, þjóðfræðingur, söngvari, skáld og hugsjónamaður og er hér í boði Esperantófélagsins. Borgarastyrjöld hefur ríkt í heimalandi hans síðasta áratug en í Nepal býr 61 þjóðarbrot, þar eru töluð 70 tungumál og 125 mállýskur.**



**MUKUNDA RAJ PATHIK MUKUNDA** Kann átta tungumál og finnur því bók við hæfi hvar sem hann er í heiminum. Hér grípur hann í Brennu-Njálssögu sem þýdd hefur verið á esperantó.

„Stundum er svo mikið að gera hjá mér að ég gleymi að borða,“ segir Mukunda og hlær. „Enda eru öll mín störf líkt og ástríðumál fyrir mér og ég get bara ekki hætt að sinna því sem ég í eitt skipti byrja á.“

Orkan sem knýr hann áfram er runnin undan þeirri bjargföstu trú hans að mönnum beri að stuðla að velmegun annarra í þessu lífi. „Til að hjálpa verður maður að geta átt samskipti og þess vegna hef ég lært esperantó, rússnesku, sanskrít, hindí, ensku, japönsku og tvö nepölsk tungumál. Þetta gerir mér kleift að eiga í samskiptum við fólk hvaðanæva að úr heiminum. Ég hef þó ekki verið nógu lengi hér á landi til að læra íslensku en það kemur.“

Mukunda vinnur meðal annars að því í sínu heimalandi að upplýsa almenning en aðeins um 40 prósent þjóðarinnar hafa hlotið almenna menntun. „Margir hinna ómenntuðu eru mjög hjátrúarfullir. Ef þeir veikjast leita þeir ekki til læknis heldur biðja um blessun eða leita á náðir galdra og hindurvitna. Eins eru margir sem ekki kunna að lesa eða reikna og verða því undir þegar kemur að kaupum og sölu. Þess vegna reyni ég að upplýsa fólk eins og ég get.“

Hann vinnur nú að doktorsritgerð þar sem hann tekur fyrir söngva og þjóðsögur frá Nepal en sjálfur hefur hann gefið út ljóðabók og hljómplötu þar sem hann syngur eigin lög. „Ég fjalla um allt milli himins og jarðar í lögum mínum og ljóðum. Einnig þar reyni ég að upplýsa fólk en svo tala ég líka um ástina og náttúruna.“

Auk alls þessa hefur Mukunda gefið út fjölmargar bækur á esperantó og öðrum tungumálum en hann er forseti Esperantófélagsins í Nepal. Það var því nokkuð undarleg reynsla fyrir blaðamann að vera innan um Mukunda og íslenska esperantista í húsakynnum félagsins og hlýða á menn skeggræða heimsmálin á þessu vísindalega hannaða tungumáli sem Þórbergur Þórðarson reyndi að temja landanum.

jse@frettabladid.is



Hafsteinn Hafliðason:

## Óþarfi að slá grasið

Ekki er ólíklegt að einhverjum hafi verið hugsað til garðsins síns í blíðu síðustu daga og velt fyrir sér að taka þar til hendinni.

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur segir tilvalið að nota tíðina til að klippa tré og runna, gróðursetja haustlauka og raka saman lauf og setja í beðin.

Hann varar hins vegar við grasslætti. „Það er algjör óþarfi. Grasið verður jú sneggra og mosinn fær því meiri birtu,“ segir hann og bætir raunar við að fólk eigi að hætta að slá þegar liðið er á september.

Hafsteinn býr í Flóanum þar sem haustið skartar sínu fegursta og hægt er að njóta litadýrðarinnar sem þessi árstími býður upp á.






Stærsti bókamarkaður heims að hefjast í Þýskalandi:

# Forleggjarar kaupa og selja í Frankfurt

Íslenskir bókaútgefendur eru ýmist komnir, eða á leið, til Frankfurt í Þýskalandi þar sem stærsti og mikilvægasti bókamarkaður heims fer fram næstu daga.

Árlega sækja nokkrir tugir starfsmanna íslenskra forlaga bókamarkaðinn í Frankfurt en til marks um umfang hans má nefna að salarkynnin sem hann er haldinn í eru tugir þúsunda fermetra að stærð.



Íslenskir forleggjarar fara til Frankfurt bæði til að kaupa og selja. Fjölmargir samningar um útgáfu á erlendum verkum hér á landi eru gerðir og einnig er eitthvað um að réttur til útgáfu íslenskra verka sé seldur erlendum forlögum.



Sveittir en sælir.

Eins og oft vill verða fara viðskiptin ekki einungis fram um hábjartan dag, kokteilarnir á kvöldin eru ekki síður mikilvægir þegar kemur að samningum.




**HEILDARLAUN STJÓRNENDA Á LANDINU**




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING**: VÁSLÓÐIR INTERNETSINS

# *Á netinu leynast ýmsar hættur*

Notendur internetsins eru oft varaðir við ýmsum vágestum sem illt hafa í huga, höfundum vírusa sem vilja skemma og hinum sem vilja stela, svíkja og pretta.



**Hvar leynast hætturnar helst?**
Helst ætti fólk að gæta sín á hvar og hverjum eru gefnar upplýsingar. Vírusvarnafyrirtæki hafa nýlega varað við því að færst hafi í aukana að netskúrkar „fiski“ eftir upplýsingum á vefsíðum. (Á ensku er þessi iðja nefnd phishing.) Þróunin er raunar sú að vírusum í umferð hefur fækkað meðan svikamillum fjölgar.

Sumir eru bara að safna tölvupóstföngum, sem síðan ganga kaupum og sölum til þeirra sem senda rafrænan ruslpóst, eða kæfu, eftir enska heitinu spam.

Aðrir setja upp síður eða senda póst undir fölsku flaggi með það fyrir augum að komast yfir kreditkortaupplýsingar, eða innskráningarupplýsingar í netverslanir.

Svo berst fólki líka hafsjór af gylliboðum í tölvupósti sem varlega ætti að fara í að treysta, sama hvort í boði er hjálp við niðurvöxt karla, lottóvinningar, eða nígerískur prins sem er hjálparþurfi við að koma undan auðæfum.

**Hvað er til ráða?**
Lykilatriði er að fólk fari varlega og átti sig á því að á ferli eru skúrkar sem hafa illt í huga. Allir tölvunotendur þurfa vírusvarnir sem uppfærðar eru reglulega, forrit sem leita upp njósnabúnað (á borð við Ad-Aware og Spybot Search & Destroy) auk þess sem eldveggir þykja orðið algjör nauðsyn, sama hvernig fólk er tengt. Aðal málið er samt að í samskiptum á netinu beiti fólk almennri skynsemi og reyni að láta ekki plata sig.

## SPURT OG SVARAÐ

**ÞINGVALLAURRIÐINN**

### *Upplýsingarnar verða að vera til*

Urriðinn í Þingvallavatni hefur verið með umtöluðustu vatnafiskum landsins fyrir margar sakir. Laxfiskar ehf. vinnur nú að rannsóknum á þessum fornfræga stofni. Jóhannes Sturlaugsson veitir þessum rannsóknum forstöðu.



JÓHANNES STURLAUGSSON

**Út á hvað ganga þessar rannsóknir?**
„Við söfnum upplýsingum um dreifingu fiskanna og hegðun ásamt upplýsingum um umhverfisþætti hverju sinni. Við kortleggjum ferðir fiskanna í vatnakerfinu bæði hvað varðar árstíma og niður á dagsgrundvöll. Með þessu eignumst við upplýsingar um hegðun þessa einstaka fisks, sem ég hef leyft mér að kalla þjóðhöfðingja íslenskra ferskvatnsfiska.

**Hver er staða stofnsins?**
„Mínar talningar hafa leitt í ljós að þessi stofn fer stækkandi. Það veit á gott því að Öxarárfiskurinn er eini hrygningarstofninn í vatninu. Aukin veiði á urriðanum bendir einnig til þess að stofninn sé á uppleið.“

# Björn segir að hæfisreglur séu til að tryggja traust á hlutleysi

**Björn Bjarnason sagði þegar hann ákvað að víkja sæti í úrskurði árið 2000 að tilgangur hæfisreglna sé að tryggja traust málsaðila og þjóðfélagsins á hlutleysi úrskurðaraðila. Gestur Jónsson segir röksemdir Björns eiga við í Baugsmálinu.**

Björn Bjarnason, þáverandi menntamálaráðherra, ákvað að víkja sæti þegar úrskurða átti um uppsögn fjármálastjóra Þjóðminjasafnsins í mars 2000 og sagði þá að tilgangur hæfisreglna væri að tryggja traust málsaðila og þjóðfélagsins í heild á hlutleysi.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í Baugsmálinu, segir aðspurður að rök Björns í því tilviki eigi við um aðstæður nú, þegar Björn stendur frammi fyrir því að skipa saksóknara í Baugsmálinu.

Björn ákvað að víkja sæti vegna túlkunar þjóðminjavarðar á bréfi menntamálaráðuneytisins sem sent var nokkrum mánuðum áður og innihélt meðal annars athugasemdir ráðuneytisins um fjármál stofnunarinnar. Í úrskurði um hæfi sitt segir Björn meðal annars að túlkun þjóðminjavarðar á bréfinu geti valdið því að fjármálastjórinn dragi óhlutdrægni Björns sem ráðherra í efa. Orðrétt segir: „Verður að líta svo á að [fjármálastjóri] hafi réttmæta ástæðu til að ætla að menntamálaráðherra hafi þegar myndað sér skoðun á réttmæti uppsagnar hans og því megi draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.“

Þá segir Björn í úrskurði sínum að álit einhvers eitt og sér valdi ekki vanhæfi úrskurðaraðila. „Hins vegar er það meðal annars tilgangur hæfisreglna að tryggja traust málsaðila og þjóðfélagsins í heild á hlutleysi úrskurðaraðila, sem er í samræmi við grundvallarreglur réttarríkisins.“

Gestur segir að þótt aðstæðurnar í þessum málum séu að vísu ekki samskonar hljóti röksemdirnar, sem Björn notaði fyrir ákvörðun sinni að víkja sæti árið 2000, að eiga við með sama hætti í þessu tilviki.

„Grundvallarspurningin er sú, svo notað sé orðalag úr þessum úrskurði Björns, hvort sakborningarnir í þessu máli hafi ástæðu til þess að efast um óhlutdrægni dómsmálaráðherra þegar skipa á saksóknara í þessu máli. Bara sú grein sem Björn Bjarnason ritar um Baugsmálið í nýja tímaritinu Þjóðmálum, hlýtur að vekja spurningar sakborninga um óhlutdrægni dómsmálaráðherra í þessu máli,“ segir Gestur.

Aðspurður segir hann ekkert hægt að aðhafast í málinu. „Ráðherrann metur sitt hæfi sjálfur og tekur ákvörðun á þeim grundvelli sem hann kemst að niðurstöðu um. Það mun reyna á það, ef framhald verður á málinu, hvort þessi ákvörðun ráðherrans standist, telji hann sig hæfan, og kynni það að hafa áhrif á gildi alls þess sem gerist í framhaldinu,“ segir Gestur.

Hann bendir á að ef málið er rekið fyrir dómi á grundvelli stjórnvaldsákvörðunar þar sem fram kemur að sá sem tók ákvörðunina sé vanhæfur, geti það leitt til ógildingar alls ferilsins frá því að ákvörðunin var tekin. Skipi dómsmálaráðherra saksóknara í Baugsmálinu og teljist síðar vanhæfur, gæti það því leitt til þess að ákærunum 32, sem Hæstiréttur vísaði frá dómi og saksóknari á að taka ákvörðun um framhaldið um, verði vísað frá, að sögn Gests.

Hann bendir á að það hafi gerst í Hafskipsmálinu þegar Hallvarður Einvarðsson var metinn vanhæfur til að ákæra í málinu og í kjölfarið var ákærum málsins vísað frá dómi.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra svaraði ekki fyrirspurn Fréttablaðsins í gær þar sem hann var spurður hvort hann teldi rökstuðning sinn varðandi úrskurðinn um uppsögn fjármálastjóra Þjóðminjasafnsins eiga við þegar hann metur hæfi sitt til skipunar saksóknara þegar horft er til athugasemda lögmanna Baugs, til að mynda Gests Jónssonar, í fjölmiðlum að undanförnu, þar sem hann virðist efast um óhlutdrægni dómsmálaráðherra í málinu.

Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, hafði samband við Fréttablaðið í gær fyrir hönd dómsmálaráðherra. „Að mínu mati eru þessi mál ekki sambærileg. Dómsmálaráðherra skoðar í hverju tilviki fyrir sig hvort hæfisreglur stjórnsýslulaganna eigi við, það gerir hann í þessu máli eins og öðru,“ segir Stefán.

Í Silfri Egils á Stöð 2 á sunnudag sagði Björn Bjarnason að hann þyrfti að skoða hvort hann telji sig vanhæfan að skipa saksóknara í Baugsmálinu. „Ég sé ekkert í spilunum annað en ég taki ákvarðanir í þessu máli,“ sagði hann. Spurður hvort hann telji sig því hæfan sagði hann: „Ég hef oft lýst mig vanhæfan í málum, stórum og smáum,“ sagði hann. „En ég þarf að skoða það í þessu máli og komast síðan að minni niðurstöðu. Það er enginn sem hefur áhrif á það nema ég sjálfur,“ sagði Björn.

„Þetta er það stórt mál að menn verða að fjalla um það af mikilli alvöru og taka afstöðu á grundvelli allra þeirra reglna sem mönnum ber að hlíta,“ sagði Björn.



**BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Sagði árið 2000 að álit einhvers eitt og sér á þeim sem úrskurðar valdi ekki vanhæfi. Hins vegar sé það meðal annars tilgangur hæfisreglna að tryggja traust málsaðila og þjóðfélagsins í heild á hlutleysi úrskurðaraðila, sem sé í samræmi við grundvallarreglur réttarríkisins.

**FÁEIN UMMÆLI BJÖRNS BJARNASONAR UM BAUG:**



**Á heimasíðu sinni 25. apríl 2004:** „Heift í garð stjórnvalda ræður ríkjum innan Baugsveldisins. Er einsdæmi að stjórnendur verslunar- og fjölmiðlasamsteypu beiti sér með þeim orðum gagnvart ríkisstjórn og löggjafarvaldi, sem við blasir um þessar mundir. Verður spennandi að sjá, hvaða stjórnmálamenn skortir þrek til að standast þetta áhlaup í krafti fjármagns og fjölmiðla.“



**Á heimasíðu sinni 24. september 2005:** „Kjarni Baugsmálsins felst í ákærunni og meðferð málsins innan réttarkerfisins. Hvers vegna láta Baugsmenn sér ekki nægja að taka til varna á vettvangi dómstóla? Hvers vegna ýta þeir undir pólitískar deilur um málið? Hvers vegna er nú krafist afsagnar Styrmis Gunnarssonar? Hverju breytir um framgang réttvísinnar, að ég hverfi úr embætti eða aðrir?“



**Á heimasíðu sinni 10. október 2005:** „Stórfrétt dagsins er að sjálfsögðu niðurstaða hæstaréttar í kærumálinu vegna Baugs. Réttarkerfið hefur ekki sagt sitt síðasta orð í málinu. Lögheimildir eru til þess, að ákæruvaldið taki mið af því, sem fram hefur komið hjá hæstarétti við frekari ákvarðanir um framhald málsins.“



**Í 1. hefti hins nýútkomna tímarits Þjóðmál:** „Stjórnmálamenn myndu aldrei voga sér að beita fjölmiðlum á sama veg og kaupsýslumennirnir í Baugi gera. Hver myndi trúa málgagni stjórnmálaflokks, sem reyndi að verja flokk sinn með stolnum tölvubréfum ef forystumenn hans sættu ákæru fyrir margvísleg hegningarlagabrot? [...] Ég varð ekki var við, að slíkar spurningar vöknuðu, þegar Baugsmenn með eignarhald 70 til 80 prósent fjölmiðla í landinu, beittu fjölmiðlavaldi sínu í eigin þágu til þess að rétta hlut sinn vegna sakamáls.“






GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

# Vertu í öruggu formi. Veldu C4.

► Sagan segir að Frakkar leggi meira uppúr gæðum en magni og orðið magn sé ekki lengur til í orðaforða þeirra. Sagan bendir á franska elskhuga því til sönnunar. Frakkar vita hinsvegar að gæðin felast í fjölda þeirra eiginleika sem heildina skapa. Þess vegna eiga þeir Chateau de Versailles, Channel No5, Claude Monet og Citroën C4.

Veldu aðeins það besta - sjáðu Citroën C4 - öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4, kynntu þér eiginleika hans - notagildið og þú sérð að mikið af því góða er best. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën C4, franskan munað.



Citroën C4 SALOON dúxaði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn frá upphafi: 35 stig. Sjáðu C4 SALOON. Veldu fallegt og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 Öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Aksturstölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- ESP stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

*Spurðu einnig um C4 dísil 110 hestöfl eyðir aðeins 4,7 lítrum í blönduðum akstri.*

## Mikið af því góða er best.
## Nýttu þér haustuppskeruna - allt að 100.000 í afslátt af kaupverði.



C3 SX 5 gíra 1,4i 75 hö*
Kaupverð 1.419.000 kr.
Rekstrarleiga 26.500 kr.
Bílasamningur 16.940 kr.



Berlingo Multispace 5 gíra 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.649.000 kr.
Rekstrarleiga 29.900 kr.
Bílasamningur 19.646 kr.



C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.589.000 kr.
Rekstrarleiga 29.300 kr.
Bílasamningur 18.606 kr.



C4 COUPÉ SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.790.000 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr.
Bílasamningur 21.370 kr.



C4 SALOON SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.820.000 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.
Bílasamningur 21.599 kr.



C5 SX sjálfskiptur 2,0i 143 hö*
Kaupverð 2.410.000 kr.
Rekstrarleiga 42.300 kr.
Bílasamningur 28.602 kr.



Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8i 117 hö*
Kaupverð 1.859.000 kr.
Rekstrarleiga 34.000 kr.
Bílasamningur 22.069 kr.



C8 SX Sjálfskiptur 2,0i 138 hö*
Kaupverð 2.999.000 kr.
Rekstrarleiga 53.900 kr.
Bílasamningur 35.892 kr.

**Komdu í Brimborg. Upplifðu franska hönnun.
Skoðaðu Citroën – ekta franskan munað.**



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is**

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl.mynt karfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: af C4 er álfelgur; af Berlingo er þokuljós; af C8 er álfelgur og samlitun; Xsara Picasso er álfelgur og samlitun.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Breytingar á svipmóti miðborgar Reykjavíkur eru tilefni fögnuðar en ekki hræðslu.

## Húsin í bænum

Á næstu mánuðum og árum mun yfirbragð miðbæjar Reykjavíkur taka töluverðum breytingum þegar gömul hús verða rifin og önnur ný rísa í þeirra stað. Þetta er fagnaðarefni því fyrirhugaðar framkvæmdir sýna að dauði miðborgarinnar sem verslunar- og athafnasvæðis er stórlega ýktur.

Nýtt verslunar-, bílastæða- og íbúðahús rís hratt upp úr jörðinni þessa dagana við Laugaveginn milli Barónsstígs og Snorrabrautar þar sem stórt bílastæði við Stjörnubíó hjó áður gap í götumyndina. Þegar Stjörnubíó var rifið fékk gamall hjallur sem stóð við vestari enda bílastæðisins líka að fjúka. Gegnt þessum áður sorglega reit er bygging sem hýsir tískuverslanir 17 veldisins og er eitt stásslegasta verslunarhús sem hefur verið reist við Laugaveginn. Sú bygging vísaði á sínum tíma veginn um hvert skyldi halda í framkvæmdum við þessa sögufrægu verslunargötu. Þótt seint sé eru menn nú loksins að þiggja þann leiðarvísi frá Bolla Kristinssyni, sem byggði 17 húsið og er af annarri kynslóð athafnamanna í miðbænum.

*„Að því sögðu er ekki síður mikilvægt að sýnd verði sérstök nærgætni og vandvirkni þegar kemur að því að fórna eldri byggingum. Það tekur tíma að skapa nýjum húsum sál og helst styrkur miðborgarinnar sem verslunarsvæðis er einmitt sagan og hefðin“*

Næsta stóra framkvæmd við Laugaveginn verður milli Vatnsstígs og Frakkastígs þar sem stórhuga byggingaverktakar hafa undanfarin misseri tryggt sér mikinn fjölda húsa sem þeir ætla að jafna við jörðu. Í staðinn hafa þeir boðað byggingu þar sem verður verslunarmiðstöð í líkingu við Kringluna og Smáralind, nema mun minni umfangs að sjálfsögðu. Við Íslendingar þekkjum vel til slíkra verslunarmiðstöðva í nágrannalöndum okkar. Í miðbæ Kaupmannahafnar er til dæmis Illums og Svíar hafa NK í hjarta sinnar höfuðborgar.

Ekki hafa enn verið sýndar teikningar af fyrirhugum byggingum við Frakkastíg svo ekki er ljóst hversu stór verslunarmiðstöðin verður, en framtíðarsýnin er vissulega spennandi því miðborgina hefur lengi vantað slíkt hús.

Þessar framkvæmdir munu leysa að einhverju leyti þann gamla vanda, að verslun við Laugaveg hefur ekki búið við vinnuaðstöðu sem uppfyllir nútímakröfur um verslunarhúsnæði og aðbúnað starfsfólks. Að því sögðu er ekkki síður mikilvægt að sýnd verði sérstök nærgætni og vandvirkni þegar kemur að því að fórna eldri byggingum. Það tekur tíma að skapa nýjum húsum sál og helst styrkur miðborgarinnar sem verslunarsvæðis er einmitt sagan og hefðin sem verður ekki til öðruvísi en á mörgum árum.

En framkvæmdirnar sem slíkar þarf þó ekki að óttast. Það þarf hins vegar að stíga varlega til jarðar og sjá til þess með öllum ráðum að það nýja verði örugglega betra en það gamla.


Nám í Danmörku!

**Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.**

Odense Tekniske Skole heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 20. október kl. 20.00 að Skipholti 70, 2. hæð. þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði
- Framleiðslutækni
- Margmiðlunarhönnun

Odense Tekniske Skole er gamalgróinn skóli sem leggur mikin metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma.

Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varaðndi nám við skólann.

ErhvervsAkademiet
ODENSE TEKNISKE SKOLE


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skerðingar

Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður skrifar þarfa hugvekju um kjör ellilífeyrisþega á heimasíðu sína á netinu. Hún spyr: „Myndu ráðmenn una því að þeir héldu aðeins eftir 15% af tekjum sem þeir vinna sér inn eftir að taka lífeyris hefst vegna skerðinga og skatta?“ Svarið blasir við: „Nei auðvitað ekki. En við það þurfa lífeyrisþegar að búa“. Jóhanna bendir á að ef hjón, sem eru ellilífeyrisþegar, vinni sér inn í atvinnutekjur tíu þúsund krónur þá hækki ráðstöfunartekjur þeirra einungis um 1.556 kr. vegna skerðinga og skattgreiðslna sem taki til sín 85% teknanna.



### Að skammta sér

Jóhanna skrifar: „Einhleypur ellilífeyrisþegi sem vinnur sér inn 10 þúsund krónur í tekjur á mánuði heldur eftir 3.425 kr. af þessum 10 þúsund krónum vegna tekjuskerðingar og skattgreiðslna. Ráðmennirnir sem ákváðu þetta hafa sjálfir skammtað sér þann rétt að þeir geta notið eftirlaunagreiðslna fyrir 65 ára aldur, sem eru margfaldar greiðslur lífeyrisþegans. Þessar lífeyrisgreiðslur skerðast ekki um eina krónu þó þeir gegni launuðum störfum á sama tíma og geta þeir m.a. tekið við nýju starfi á meðan þeir njóta lífeyrisgreiðslna án nokkurrar skerðingar.“

### Breytum þessu

Jóhanna spyr hvort ekki væri ráð að breyta þessu og „samhliða að hætta að bjóða lífeyrisþegum upp á svívirðilega tekjuskerðingu vegna lítilla tekna sem þeir afla sér á sama tíma og þeir njóta lífeyris. Auk þessa ranglætis og ójafnaðar er það líka heimskulegt að draga þannig úr öllum hvata lífeyrisþega til að afla sér tekna ekki síst í ljósi þess að öldruðum mun fjölga verulega á næstu árum“. Kannski munu sjálfstæðismenn á Alþingi taka undir þennan málflutning. Á landsfundinum um helgina var samþykkt „að afnema skuli tekjutengingu á grunnlífeyri, skerðingarhlutföll tekjutryggingarauka verði lækkuð í áföngum úr núverandi 45% og að lokum afnumin. Frítekjumörk vegna tekjutryggingar og heimilisuppbótar verði endurskoðuð til hækkunar“. gm@frettabladid.is

## Er nógu vel búið að ungum og öldnum?

Í DAG
LÍFSKJÖR



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*„Þegar á allt er litið erum við auðvitað moldrík þjóð og um það sannfærast erlendir gestir okkar við það eitt að horfa á bílana á götunum, úrvalið í verslununum og húsin sem við búum í. En er forgangsröðin rétt?“*

Það er gott að minna sig á það af og til hvað við Íslendingar erum að mörgu leyti rík þjóð og höfum það gott. Það gerist stundum í utanlandsferðum að við fáum samanburð sem minnir okkur á hagsæld okkar og auðævi. Slóvenar draga til sín þúsundir ferðamanna árlega frá nágrannalöndunum til að baða sig í glæsilegum sundlaugum og njóta þar þeirrar auðlindar að fá heitt vatn úr jörðu. Okkur Íslendingum finnst þó heita vatnið fremur kalt og lítið því hitastigið er ekki nema 50 til 60 gráður. Hópur Íslendinga svamlaði um í sundlaugunum (rúmlega tuttugu laugar á einum litlum bletti) og renndi sér í miklum rennibrautum en saknaði þó heitra potta og heitara vatns. Við erum einfaldlega betra vön hér heima. Nautnin sem felst í því að teyga ískalt og svalandi vatn, beint úr krananum, er nokkuð sem ég sakna dag hvern erlendis. Auðlindirnar sem felast í gnótt af heitu og köldu vatni eru ómetanlegar. Fiskimiðin allt um kring, ferskt loft og fögur náttúra, sem, hvað sem hver segir, er að mörgu leyti einsdæmi. Einsdæmi þó ekki væri nema fyrir útsýnið. Hér er loftið tærara en annars staðar í Evrópu og fyrir vikið höfum við víðari og betri útsýn til allra átta. Landslag er fjölbreytt, litríkt og einstakt. Þegar á allt er litið erum við auðvitað moldrík þjóð og um það sannfærast erlendir gestir okkar við það eitt að horfa á bílana á götunum, úrvalið í verslununum og húsin sem við búum í.

Hitt er svo önnur saga hvernig við nýtum auðlindirnar okkar og auðævi og hvernig ríkidæminu er skipt á milli einstaklinga. Flestum finnst væntanlega gott að vera Íslendingur því, þrátt fyrir kalda og dimma vetrardaga, þrátt fyrir eldgos og jarðskjálfta, þrátt fyrir vetrarstorma og haglél þá höfum við það býsna gott. Að minnsta kosti stór hluti þjóðarinnar. En þeir hafa það ekki gott sem alast upp við ofbeldi alla sína barnæsku. Það er auðvitað óásættanlegt að börn skuli búa við ofbeldi árum saman án þess að það sé stöðvað. Minnisstætt er viðtal við lögregluþjón sem sagði lögreglumenn koma aftur og aftur inn á sömu heimilin, sjá börnin fyrst í vöggu, fylgjast með þeim stækka og þrauka án þess að gripið væri í taumana fyrr en í fyrsta lagi í grunnskóla. Stundum er það þá orðið of seint, sum börn bíða skaða á sálinni sem ekki verður bættur. Stundum er kerfið of hægvirkt. Og árin líða. Það gerist því miður enn í dag að börn í vanda fá ekki úrlausn eða aðstoð. Ég vil trúa að það gildi þó ekki um alvarlegustu tilfellin. En mörgum börnum líður illa í okkar kröfuharða og hraða samfélagi. Þau fá ekki þá umönnun og athygli sem þau þurfa. Það eru jafnvel dæmi um börn sem líða næringarskort. Trúlega eru varla eða ekki dæmi um börn sem líða skort í þeim skilningi að þau fái ekki magafylli. En það eru dæmi um börn sem ekki fá þá næringu sem þau þurfa til að ná eðlilegum þroska og framförum.

Það er heldur ekki sérstaklega gott að vera gamall Íslendingur, a.m.k. ekki fyrir alla. Sumir hafa náð að koma sér þokkalega fyrir en of margir lifa við kröpp kjör eftir langa starfsævi. Elsta kynslóðin á annað og betra skilið af okkur sem yngri erum. Þetta er kynslóðin sem puðaði og púlaði og kom okkur úr torfkofunum, sú kynslóð sem nú er að kveðja og næsta á undan henni. Foreldrar, afar og ömmur okkar sem nú erum á miðjum aldri, er fólkið sem við eigum mest að þakka. Fólkið sem barðist fyrir sjálfstæði þjóðarinnar í víðasta skilningi þess orðs, barðist fyrir tungumálinu og annarri menningu, barðist fyrir atvinnulífi og barðist fyrir almennum þjóðarréttindum.

En þjóðin hefur það gott og það er nóg til af peningum. Það sjáum við af veltunni í gegnum verslanir, utanlandsferðunum, áðurnefndri bifreiðaeign, híbýlunum og öllu öðru sem einkennir daglegt líf flestra. Það er með ólíkindum hversu fljótt nýjungar ná fótfestu hjá okkur. Gemsar, trampólín og húsvagnar eru bara örfá dæmi um nýjungar sem á undraskömmum tíma hafa náð slíkri útbreiðslu að með ólíkindum má telja. Það eru sem sagt til nægir peningar. Spurningin sú ein hvernig þeim er varið og hvernig verkefnum er forgangsraðað. Fjölskyldur landsins fást við slíka forgangsröðun dag hvern í rekstri heimilisins en stundum veldur forgangsröðun stjórnvalda undrun.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.27 | 13.13 | 17.57 |
| Akureyri | 8.17 | 12.58 | 17.36 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

allt


[ heilsa o.fl.

**ASHTANGA-JÓGA**
Merkur kennari kemur
bls. 2



**FÓTBOLTI**
Fjör í utandeildinni
bls. 4 ]



## *Góðan dag*

**Í dag er þriðjudagurinn 18. október 291. dagur ársins 2005**





**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

**Bílar & farartæki**

**Keypt & selt**

**Þjónusta**

**Heilsa**

**Skólar & námskeið**

**Heimilið**

**Tómstundir & ferðir**

**Húsnæði**

**Atvinna**

**Tilkynningar**



**SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

visir




Jara er hæstánægð með nýja hjólið en trúir samt varla að það sé geimskip. E.ÓL.

# Tölvupóstur talinn hættulegur heilsunni

***Sérfræðingar hvetja til dags án tölvupóstsendinga.***

Nú halda sérfræðingar því fram að tölvupóstinn sé best að nota í hófi. Vissulega er tölvupósturinn til margs nýtilegur en sérfræðingar benda á að milljónir klukkustunda tapist hjá skrifstofufólki við tölvupóstsendingar og þann tíma mætti nýta til hreyfingar. Í stað þess að standa upp frá tölvunni til að ræða við vinnufélagana sendir fólk tölvupóst. Dorian Dugmore er alþjóðlegur hjartasérfræðingur sem segir að um 6.000 líf gætu bjargast í Bretlandi á ári hverju og 500 milljónir punda gætu sparast ef fólk yki hreyfingu sína þó ekki væri nema um tíu prósent. Það myndi hjálpa til við að sporna við hjartasjúkdómum, sykursýki og háum blóðþrýstingi.

Til að taka á vandamálinu er á heimasíðunni doktor.is mælst til þess að föstudagurinn 21. október verði tölvupóstsendingarlaus dagur. Lagt verður blátt bann við því að fólk á sama vinnustað sendi tölvupóst sín á milli. Ætlast er til þess að fólk standi upp til að tala við vinnufélagana í stað þess að senda þeim línu.

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ HEILSA ]**

**Farsóttafréttir** eru komnar út. Þetta er níunda tölublað fyrsta árgangs Farsóttafrétta. Að þessu sinni fjallar fréttabréfið einvörðungu um matareitranir, sem komu upp í septembermánuði síðastliðnum á nokkrum stöðum á landinu.

**Óhollt** mataræði, offita, átröskun og hreyfingarleysi er vandi sem faghópur á vegum forsætisráðuneytisins á að greina. Unnið er að undirbúningi að stofnun þessa faghóps. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að hópurinn geri tillögur að framkvæmdaáætlun sem lögð verði fyrir ríkisstjórn vorið 2006.

**Kæfisvefn** er sjúkdómsástand sem margir þjást af jafnvel án þess að vita af því. Í sjónvarpinu í kvöld verður frumsýnd fræðslumynd um kæfisvefn á Íslandi. Myndin er unnin fyrir Vífilsstaðadeild SÍBS og í henni útskýra læknar og hjúkrunarfræðingar hvað kæfisvefn er, en talið er að um 20 þúsund Íslendingar þjáist af kæfisvefni. Einstaklingar segja frá reynslu sinni og greint verður frá viðamikilli langtímarannsókn á sjúkdómnum sem er undir stjórn Þórarins Gíslasonar, yfirlæknis á lungnadeild LSH.



# Hjólar um bæinn á geimskipi

***Jarþrúður Karlsdóttir tónlistarkona er grænmetisæta en veik fyrir súkkulaðikökum.***

Jarþrúður Karlsdóttir tónlistarkona er í ágætis formi en þverneitar samt að hún geri nokkuð til að rækta það sérstaklega. „Ég geri lítið til að halda mér í formi en ég á engan bíl svo ég labba flest það sem ég fer. Vinur minn var reyndar að gefa mér mjög flott hvítt hjól og ég stefni á að nota það til að þeysast á um bæinn þar til snjóa festir og sjá svo til. Þessi vinur minn sagði reyndar að hjólið væri geimskip en ég hef ekki sannreynt það að neinni geimvirkni. Þetta er ekki ET-hjól,“ segir Jara.

Hvað mataræðið varðar segist hún nú heldur ekki vera nógu dugleg. „Mig langar mjög að vera heilsusamleg og borða hollan mat en ég gleymi oft að borða og fæ mér svo bara súkkulaðiköku þegar ég verð svöng. Ég borða reyndar ekki kjöt en fæ járnið úr súkkulaðikökum. Ég er búin að vera grænmetisæta í tvö þrjú ár. Ég fékk ógeð á kjöti og hætti bara að borða það og hef ekki saknað þess neitt. Ég pæli í því að borða brún hrísgrjón frekar en hvít en geri það ekki nógu oft. Svo drekk ég frekar mikið vatn, hef alltaf gert það og pæli ekkert sérstaklega mikið í því.“

Jara segist engar áhyggjur hafa af holdafarinu.“ Frekar þarf ég að hafa áhyggjur af því að hverfa en að ég fylli út í of stórt svæði.“ Söngkonan Jara reykir ekki og finnst það ekkert tiltökumál. „Ég byrjaði einhvern veginn aldrei á því og það er ekki á stefnuskránni að gera það héðan af.“ Hún tekur þátt í Airwaves og tónleikarnir hennar verða á Nasa annað kvöld. Þar leikur hún tónlist eftir sjálfa sig sem hún segir vera erfitt að lýsa. „Þetta er eiginlega svona röff tónlistarpopprokk.“

Hún hlær þegar hún er spurð að því hvort heilir tónleikar verði knúnir áfram af súkkulaðiköku en viðurkennir að hún eigi nú líklega eftir að fá sér brauðsneið líka til að hafa staðgott eldsneyti til að brenna á tónleikunum. Og hefur örugglega vatnsglas við höndina. Súkkulaðikakan bíður þangað til á eftir.

brynhildurb@frettabladid.is






**Ber**
eru vítamínrík og innihalda að auki steinefni og trefjaefni en þau eru sérstaklega rík af C-vítamíni. Í bláberjum er líka töluvert af E-vítamíni og í krækiberjum tölvert af járni.



























Þær láta konum líða vel. Jakobína t.h. og samstarfskonan Sveinbjörg Lúðvíksdóttir. PJETUR

# Uppbygging vöðva og andleg þjálfun

***Konur sem vilja grenna og styrkja líkamann án áreynslu geta nú farið í vaxtarmótunarmeðferð sem heitir Bailine og er í boði hjá fyrirtækinu Kostakonum í Vegmúla 2.***

Jakobína Flosadóttir heitir sú sem hefur sett Bailine á laggirnar hér á landi. Hún segir meðferðina samanstanda af styrkingu með tölvustýrðu þjálfunartæki, leiðbeiningum um mataræði og andlegri þjálfun. „Þetta er gott fyrir konur sem af einhverjum ástæðum treysta sér ekki í hefðbundna líkamsrækt, hugsanlega vegna gigtar, hnjávandamála eða bakverkja. Líka þær sem vilja koma sér í form eftir barnsburð. Hér ná þær góðum árangri á stuttum tíma, byggja upp vöðva og stinna húðina,“ segir Jakobína sem kynntist þessari meðferð úti í Danmörku þar sem hún hefur búið síðustu átta ár.

Hún segir Bailine-stöðvar hafa verið settar upp í ellefu löndum, yfir 50 séu í Danmörku, 70 í Noregi og tvær í Færeyjum. „Þetta hefur algerlega slegið í gegn og sjálf náði ég góðum árangri í minni baráttu við aukakílóin með Bailine,“ segir hún brosandi. Nú vill hún gefa íslenskum konum kost á Bailine sem er einstaklingsbundin meðferð þar sem hver og ein er út af fyrir sig. „Við bjóðum upp á ókeypis prufutíma með vaxtargreiningu og fitumælingu. Út frá niðurstöðunum er metið hvers konar meðferð hentar og í tölvunni eru 97 möguleikar. Konurnar liggja á bekk og hlusta á spólur með hvetjandi og fræðandi upplýsingum sem og slökun en vöðvarnir eru örvaðir í tækinu á meðan,“ lýsir hún.

Jakobína er sjúkraliði og hefur auk þess menntað sig í markaðsfræðum og unnið á þeim vettvangi. Einnig þurfti hún að undirgangast þjálfun og próf hjá Bailine-fyrirtækinu, bæði í meðferð tækjanna og næringarfræði. En nú er hún sem sagt búin að setja upp stofu og fá til liðs við sig stúlku sem einnig er menntuð á heilbrigðissviði og hefur verið í þjálfun hjá henni undanfarnar vikur í Vegmúlanum þar sem síminn er 568 0510.

# Merkur kennari á leið til landsins

***Eini viðurkenndasti kennari ashtanga-jóga í London er væntanlegur hingað til lands í næsta mánuði á vegum Yogastöðvarinnar Heilsubótar í Síðumúla 15.***



Styrkur, sviti og þol lýsir ashtanga-jóga best.

Kennarinn sem um ræðir heitir Hamish Hendry og er einn af 25 viðurkenndum kennurum ashtanga í heiminum. Hann hefur mikla reynslu og iðkun að baki og rekur vinsælt ashtanga-stúdíó í London. Nú mun hann verða með námskeið í Yogastöðinni Heilsubót dagana 11.-13. nóvember og er skráning hafin í síma 517 4565. Ashtanga-jóga þykir athyglisverður jógastíll enda mjög kraftmikill og myndar mikinn hita og svita. Margar stjörnur iðka ashtanga-jóga svo sem Madonna, Sting og fleiri.




## Rannsókn }



## Arixtra lofar góðu

ALÞJÓÐLEG RANNSÓKN HEFUR SÝNT AÐ BLÓÐÞYNNINGARLYFIÐ ARIXTRA DREGUR ÚR MEIRI HÁTTAR BLÆÐINGUM HJÁ KRANSÆÐASJÚKLINGUM.

Virkni blóðþynningarlyfsins Arixtra var borin saman við virkni lyfsins Klexane í stórri klínískri samanburðarrannsókn sem tók til yfir 20 þúsund sjúklinga sem höfðu fengið bráða kransæðasjúkdóma. Niðurstöðurnar sýndu að tíðni meiri háttar blæðinga var 47% lægri hjá þeim sem fengu Arixtra og dánartíðni eftir einn mánuð var 17% lægri. Lyfjafyrirtækið GlaxoSmithKline greindi frá þessu á fundi Evrópusamtaka um hjartalækningar sem nýlega var haldinn í Stokkhólmi. Kransæðasjúkdómar eru ein helsta orsök sjúkleika í vestrænum löndum og árlega leiða þeir til þess að um 2,5 milljónir manna eru lagðar inn á sjúkrahús. Lyfið Arixtra, sem er fyrir sjúklinga með bráða kransæðasjúkdóma, hefur hvorki verið samþykkt enn af Evrópusambandinu né í Bandaríkjunum en verður það eflaust síðar.

## Hollráð Sölva Fannars

### *Ávinningur líkamsþjálfunar*

**Líkamsþjálfun lækkar/minnkar**
- blóðþrýsting
- heildarmagn kólesteróls í líkamanum
- fitumagn/fitubirgðir líkamans
- einkenni: Kvíða, spennu og þunglyndis
- hvíldarpúls
- tíðni sumra tegunda krabbameins

**Líkamsþjálfun eykur/fjölgar**
- magn „góðs“ kólesteróls
- þol
- starfsgetu hjartavöðvans
- dæligetu hjartavöðva bæði við hvíld og álag
- háræðum og eykur blóðflæði til starfandi vöðva og annarra frumna
- heildarblóðmagn
- getu til að flytja fitu og nýta hana til orku
- Umfram allt annað þá eykur líkamsþjálfun vellíðan

**Engin ný vísindi**
Það að regluleg hreyfing sé holl eru alls ekki ný vísindi: Ef við fáum hæfilega hreyfingu verðum við heilbrigðari, þroskumst betur og eldumst hægar, - en ef við lifum kyrrsetulífi verður líkaminn viðkvæmari fyrir sjúkdómum, þroskast verr og eldist hraðar.

Þetta á Hippókrates, sem talinn er faðir læknisfræðinnar, að hafa sagt. Það reyndar merkileg staðreynd að Hippókrates sagði þetta fyrir um 2.400 árum síðan. Það er athyglisvert sérstaklega vegna þess að við virðumst ekki ennþá hafa tileinkað okkur boðskap hans þó að allt bendi til þess að hann hafi rétt fyrir sér. Sú staðreynd að við höfum allt of fátt gert í þessu ennþá sýnir okkur mikilvægi þess að setja sér markmið.

Í næstu viku mun ég fjalla um að setja sér markmið...

Taktu á því!

Þetta sem og önnur hollráð er einnig að finna á vefsvæði Heilsuráðgjafar, www.heilsuradgjof.is



# Barnadeildin á Akureyri í fjarsambandi

***Kiwanisklúbburinn Grímur í Grímsey afhenti Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri góða gjöf í síðustu viku.***

Barnadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri fékk afhenta gjöf frá Kiwanisklúbbnum í Grímsey þann 8. október. Kiwanisfélagarnir gáfu deildinni fullkominn fjarfunda- og tölvubúnað. Búnaðurinn færir barnadeildina nær umheiminum. Hann er af fullkomnustu gerð og gerir starfsfólkinu kleift að taka á móti og senda tal og mynd. Þann 13. október var reyndi fyrst á búnaðinn þegar barnadeildin á Akureyri tengdist fræðslufundi á vegum barnaspítala Hringsins í Reykjavík. Fundurinn gekk vel og var bæði tal og mynd mjög skýrt.



Barnadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri fær að gjöf nýjan fjarbúnað.


HREYFI GREINING
- Fagleg heilsurækt
- Frábær aðstaða
- Frábær lífsstíls námskeið
- Frábær staðsetning

Slökun í erli dagsins



Ástvaldur F Heiðarsson, þjálfari, á lokaári í KHÍ - íþr.k. | Haukur Guðmundsson, leiðbeinandi, á lokaári í Sj.þj. HÍ | Gigja Þórðardóttir, sjúkraþjálfari BSc | Jakobína Sigurðardóttir, sjúkraþjálfari BSc framkvæmdastjóri | Gunnur Róbertsdóttir, sjúkraþjálfari BSc

Ný námskeið að hefjast:

**Yoga - hjá Hauki**
„Fjölbreyttir og skemmtilegir tímar, góð slökun í erli dagsins“ segir Sigrún Sigmarsdóttir bókasafnsfræðingur sem hefur verið með síðan í haust

**Fusion Pilates - nýtt hjá Gunni**
9 vikna lokuð námskeið - vertu með frá byrjun!

HREYFI GREINING
HÖFÐABAKKA
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is








Fæst í heilsubúðum og heilsuhillum matvörumarkaða.
Dreifing: Yggdrasill ehf.

**Lífrænt heilsukex**

**Speltkex með fyllingu**
**2 bragðtegundir:**
**• með eplum og kanel**
**• með rauðum berjum**
**Sérpakkað: 6 stangir í pakka**
**Ekkert hveiti**
**Einungis sæta úr ávöxtum og spelti.**


## Reykingar bannaðar

***Norður-Írar banna reykingar á opinberum stöðum.***

Reykingar verða bannaðar á vinnustöðum og öllum opinberum stöðum, þar með talið á krám, á Norður-Írlandi frá apríl 2007. Heilbrigðisráðherra Norður-Íra, Shaun Woodward, greindi frá þessari ákvörðun á fundi í gær.

Hann sagðist ekki vilja skipta sér af ákvörðun fólks um að reykja. Hins vegar væri ólíðandi að reykingarmenn hefðu áhrif á heilsu annarra með reykingunum og neyddu þar með starfsfélaga sína til að stunda óbeinar reykingar.



Reykingar verða bannaðar á Norður-Írlandi.





Fjörefni er nýtt kjarnmikið bætiefni sem inniheldur auk vítamína og steinefna, öflugan skammt af ginkgo og ginseng.

náttúrulega heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





**Fótaaðgerðafræðingar**
**Snyrtifræðingar**
**Naglafræðingar**

N.k. laugardag mun **Heilsa og fegurð** vera með kynningu á hand- og fótavörum frá **LCN** í Þýskalandi. Sérfræðingur frá **LCN** kemur til landsins og verður með fyrirlestra um vörurnar.

Kynningin verður haldin í Þrastarheimilinu í Hafnarfirði að Flatarhrauni 21 frá klukkan 11:00 -17:00. Æskilegt er að tilkynna þátttöku í síma 568-8850 eigi síðar en á fimmtudag.

Verið velkomin á kynningu á hágæða snyrtivörum frá **LCN.**

Léttar veitingar í boði.

HEILSA OG FEGURÐ LCN

**Heilsa og fegurð**, umboðsaðili fyrir **LCN** á Íslandi.

# Mjög góð stemning í utandeildinni í fótbolta

***Liðum í utandeildinni í knattspyrnu hefur fjölgað mikið síðastliðin ár. Þangað safnast saman karlmenn sem vilja halda sér í formi en umfram allt spila fótbolta og vera í góðum félagsskap.***


STEFÁN KÁRASON, leikmaður utandeildarliðsins Vængja Júpíters. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Síðastliðið sumar léku hátt í 50 lið í deildinni og lauk henni um þarsíðustu helgi. Þar töpuðu Vængir Júpíters naumlega fyrir FC Elliða í hörkuspennandi úrslitaleik. Stefán Kárason, leikmaður Vængja Júpíters, segir að það sé helst keppnisskapið og góður félagsskapur sem drífi menn áfram í þessari deild.

„Við vorum allir strákar sem nenntum ekki að æfa fótbolta af einhverju viti, vildum frekar spila fótbolta okkur til skemmtunar.“ Flestir leikmenn Vængja Júpíters voru áður hjá Fjölni, en liðið var fyrst stofnað sem lið í innanskólakeppni í fótbolta. „Þá vorum við allir að æfa en eftir að við hættum því þá ákváðum við að fara í utandeildina. Við byrjuðum árið 2003 og það ár komumst við strax í úrslit bikarkeppninnar og enduðum í 6. til 7. sæti í deildinni. Árangurinn árið eftir var svipaður en í ár náðum við alla í leið í úrslitin,“ segir Stefán.

Hann bætir við að þótt þeir æfi tvisvar í viku fyrir utan leikdaga þá séu þeir í misgóðu formi. „Menn taka þessu af mismikilli alvöru.“

steinthor@frettabladid.is

## Ráðleggingar til ferðamanna út af fuglaflensu

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ RÁÐLEGGUR FERÐAMÖNNUM AÐ GERA VARÚÐARRÁÐSTAFANIR Á FERÐALÖGUM SÍNUM TIL AÐ FORÐAST AÐ KOMAST Í SNERTINGU VIÐ FUGLAFLENSU.


Ferðamenn eru hvattir til að gera varúðarráðstafanir vegna fuglaflensu.

Landlæknisembættið hefur fengið fjölda fyrirspurna varðandi almenn viðbrögð gagnvart fuglaflensu. Embættið telur ekki nauðsynlegt að ferðamenn breyti áætlunum sínum, eða þá að þeir bólusetji sig, vegna fuglainflúensunnar sem geisað hefur í Asíuríkjum og Rússlandi fyrir austan Úralfjöll. Þetta gildir einnig um Tyrkland þaðan sem fréttir hafa borist að fuglaflensa af sama stofni hafi greinst þar.



Ekki er mælt með því að ferðamenn taki inflúensulyf með sér í ferðir sínar nema þeir búist við að komast í snertingu við fugla.

Ferðamönnum til þessara landa skal bent á eftirfarandi varúðarráðstafanir:

- Forðast að komast í snertingu við lifandi hænsnfugla og villta fugla.
- Forðast að heimsækja markaði með lifandi fuglum og fuglabú.
- Forðast að snerta yfirborð sem mengað er af fuglaskít.
- Forðast að snerta dauða fugla.
- Að borða ekki ósoðið eða illa soðið fuglakjöt og egg.
- Huga að almennu hreinlæti og tíðum handþvotti.
- Ekki hafa fuglaafurðir með sér til landsins.






Gallerý fiskur
Ný ýsuflök daglega
Ferskir og fljótlegir fiskréttir s.s. satay, montreal, karrý, pönnukökur, saltfiskréttir o.m.fl.
Ath nýr opnunartími í veitingahúsi
mán.-fös.: 11:30-15:00
fim.-lau.: 18:00-22:00
www.galleryfiskur.is

Futurebiotics
Framúrskarandi fyrir MELTINGUNA
Byggir upp eðlilega flóru í maga og meltingarvegi
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI
Fæst í apótekum, heilsubúðum og matvöruverslunum






vítamín
B sveitin
..berst fyrir betri heilsu





FERSKAR OG NÁTTÚRULEGAR





LUSH
LAUGAVEGUR 11 552-2030
KRINGLAN 553-2002
WWW.LUSH.IS

Plokkfiskur 650 kr. / kg.
Fjölbreyttir fiskréttir
Fiskbúðin Álfheimum
Álfheimum 4
553 8090
Fiskbúðin Reykjavíkurvegi
Reykjavíkurvegi 68
564 2783





ÉG C
GLERAUGNAVERSLUN
HAMRABORG 10
SÍMI 554 3200
flott gleraugu
sjónmælingar

Breyttur lífsstíll – léttari líkami og sál.
Viltu efla líkama og sál – lengi langað en ekki látið verða af því?
Það að stíga fyrsta skrefið er leið til aukinnar líkamlegar, félagslegrar og andlegrar vellíðan. Þetta höfum við sjálfar reynt með með einstökum árangri. Því viljum við miðla af þekkingu okkar og reynslu og bjóða þér að taka þátt í nýstárlegu og árangursríku þjálfunarferli. Við leggjum áherslu á andlegan stuðning og persónulega ráðgjöf. Lokaða, fámenna hópa, framkvæmanleg markmið og stuðning hvors annars að settum markmiðum. Persónulegt og hlýlegt umhverfi. Meðal leiðbeinenda er einstaklingur frá síðasta námskeiði, Laufey, sem náð hefur góðum árangri og heldur ótrauð áfram að settum markmiðum.
Allar nánari upplýsingar í s. 899 8596 Svava





JÓGA
allir velkomnir
frír prufutímar
byrjendanámskeið
hefst 24. okt.
mán. og mið. kl. 20.15 – 21.45
Jóga, lifandi fæði og hreinsun líkamans
námskeið 29. okt. kl. 13.00 – 17.00
www.lotusjogasetur.is Borgartúni 20

allt
tíska
Alla fimmtudaga




www.sportvorugerdin.is

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði



25 Glæsilegar Hótelíbúðir til leigu í lengri eða skemmri tíma að Reykjavíkurveg 72 Hafnafirði, skoðið heimasíðu okkar www.bphotel.is Sími 540 9700. Fax 540 9701.



Til sölu Trimo einingahús '01 ca 20 fm. Innréttað sem stúdíó herbergi með ofnum, ísskáp, rafm., WC, sturtu ofl. Verð 1.100 þ. S. 896 5001.

Stúdíóíbúð til leigu á Benidorm á Spáni. Uppl. í s. 897 3608.

### Húsnæði til sölu

Búslóð til sölu. Þvottavél, skenkur, ísskápur, tölva og sjónvarp, svart/hvítt. S. 824 2750.

### Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Upphitað geymsluhúsnæði**
Húsbílar, fellihýsi, tjaldvagnar. Upphitað húsnæði til leigu í Hveragerði Rakafrítt og gott húsnæði til leigu frá 1. nóvember til 1. maí. Verð 10.000 á lengdarmeter. Greiðist fyrirfram. Uppl á upphitad@visir.is eða í s. 869 1235




### Bílskúr

Iðnaðarmanni vantar bílskúr, helst stóran með rennandi vatni og rafm. S. 898 3427.

**Bílskúr í Bryggjuhverfi**
Óska eftir bílskúr í Bryggjuhverfi undir búslóð. Leigutími ca. 14 mán. Borga 14.000.- pr.mán. fyrirframgr. Uppl. 897 8947 eða bjorneh@islandia.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

INTJOB

**Are you looking for a job?**
Call us. Phone 517 4530 intjob@intjob.is

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast á lítinn veitingastað í Kópavogi. Lágmarksaldur 25 ára.
**Uppl. í s. 894 0292.**

**Loftorka Reykjavík**
Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnuframkvæmda. Heimkeyrsla og matur í hádeginu.
**Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Ríkið Snorrabraut.**
Starfmenn vantar í kvöld og helgarvinnu.
**Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Myndbandaleiga. Snorrabraut 56.**

**Leikskólinn Hlíðaborg.**
Starfsfólk óskast á leikskólann Hlíðaborg, við Eskihlíð. Um er að ræða fullt starf frá 9-17. Og einnig skilastaða frá kl 15 eða 16-17.30, skilastaðan hentar vel fyrir skólafólk.
**Upplýsingar veitir Heiða Björg leikskólastjóri í síma 552 0096.**

Pizza Hut

**Pizza Hut Sprengisandi**
Pizza Hut leitar að duglegum og stundvísum starfsmanni í 100% starf í veitingasal á Sprengisandi. Æskilegur aldur er 20 ára. Áhugasamir sendi inn umsóknir á www.pizzahut.is eða á loa@pizzahut.is. Frekari upplýsingar í síma 533 2010 eða 863 1136.

**Umönnun aldraðra**
Óskað er eftir umönnunaraðila til að gæta eldri hjóna í lyftuhúsi miðsvæðis í Reykjavík. Góð laun í boði.
**Umsóknir sendist á smaar@frettabladid.is merkt "umönnun" eða berist til Fréttablaðsins Skaftahlíð 24 fyrir 21.oktober.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Hellulagnir**
Vantar menn í hellulagnir.
**Uppl. í síma 869 1415 & 899 9189 Hellur og Gras ehf.**

Verkstjóri óskast í Bergiðjuna. Vinnutími frá 8-16. Uppl. í s. 824 5354.

Barngóður einstaklingur óskast á gott heimili í Grafarvogi nú þegar. S. 567 6022 & 898 6033.

Starf í mötuneyti Veitingaþjónustan Krydd & Kavíar óskar eftir starfskrafti í mötuneyti. Vinnutími er frá 10 - 14. Sjálfstæð vinnubrögð með áhuga á matargerð, glaðlega framkomu og ríka þjónustulund. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 565 9933 hjá Garðari e. kl. 13. eða senda umsókn á kryddogkaviar@kryddogkaviar.is

Óskum eftir að ráða bílstjóra. Góð laun í boði og mikil vinna. Uppl. í síma 660 7880 & 660 7889.

Stundvís, reglusamur starfskraftur óskast á búðarkassa frá 10-19, má skiptast í tvær vaktir, frí um helgar. Upplýsingar Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60. Sími 553 8844.

**Kaffi 22**
Okkur vantar hresst og duglegt fólk í helgarvinnu og kokk í hlutastarf. Uppl. veitir Anna í s. 697 9231.

**Atvinna - Atvinna**
Duglega starfsmenn vantar á kassa og í metravörudeild upplýsingar gefur Viðar í síma 820 8004 Rúmfatalagerinn Smáratorgi.

Stuðningsfulltrúa vantar í fullt starf í Safamýrarskóla í Reykjavík, sérskóla fyrir alvarlega fatlaða nemendur. Uppl. gefa Erla/Guðrún í s. 568 6262.

Starfsmann vantar í nýja leikfanga-og barnafataverslun á Laugavegi. Vinnutími frá 10-15. Uppl. í s. 690 8500 & 660 9704.

**Garðabær bakarí**
Strafskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

**Byggingafélag**
getur bætt við sig smiðum og verkamönnum í vinnu. Uppl. í s. 893 9722.

### Atvinna óskast

Fyrirtæki getur útvegað verkamenn í verkavinnu s.s. smíðar, flísalagnir, málara, og fleira þess háttar. Upplýsingar í s. 869 5484 & 691 2326.

Beitningamaður óskar eftir vinnu, er vanur. Uppl. í s. 895 8601.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Viltu vera memm?**
300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamal.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is

pósthúsið

Ef þú hefur áhuga að slást í hóp blaðbera hafðu þá endilega samband í síma **5858330.**

**Okkur vantar blaðbera í eftirtalin hverfi:**

**Á virkum dögum:**
**101-11** Frakkastígur
**101-12** Klapparstígur, Njálsgata
**101-13** Laugavegur, Snorrabraut
**101-14** Hverfisgata
**101-20** Framnesvegur
**101-21** Blómvallagata, Brávallagata, Hringbraut, Ljósvallagata, Ásvallagata
**101-22** Hávallagata, Túngata
**101-36** Vesturgata
**101-37** Hólavallagata, Suðurgata, Túngata
**101-38** Sólvallagata
**101-39** Bjarkargata, Hringbraut, Suðurgata, Tjarnargata
**101-44** Bræðraborgarstígur, Drafnarstígur
**101-45** Blómvallagata, Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
**101-46** Baldursgata
**101-47** Laugavegur
**101-49** Aðalstræti, Lækjargata, Pósthússtræti, Tryggvagata
**101-54** Spítalastígur, Týsgata, Óðinsgata
**101-58** Garðastræti
**104-03** Laugarásvegur, Sunnuvegur
**104-07** Langholtsvegur
**104-18** Álfheimar
**104-26** Dalbraut, Selvogsgrunn, Sporðagrunn
**105-02** Flókagata, Hrefnugata, Kjartansgata
**105-03** Grettisgata, Karlagata, Njálsgata, Skarphéðinsgata, Þverholt
**105-06** Hjálmholt, Skipholt, Vatnsholt
**105-07** Flókagata
**105-12** Langahlíð, Skaftahlíð
**105-13** Reynihlíð, Suðurhlíð, Víðihlíð
**105-21** Engihlíð, Miklabraut, Mjóahlíð
**105-28** Hofteigur, Laugateigur
**105-37** Bólstaðarhlíð, Langahlíð, Úthlíð
**105-39** Blönduhlíð
**105-40** Hamrahlíð, Stigahlíð
**105-43** Engjateigur, Sigtún
**105-47** Flókagata, Skeggjagata
**107-01** Hringbraut
**107-07** Birkimelur, Reynimelur, Víðimelur
**107-10** Fálkagata
**107-11** Fornhagi, Hjarðarhagi
**107-13** Ægisíða
**107-14** Faxaskjól, Sörlaskjól
**107-17** Kaplaskjólsvegur, Nesvegur
**107-20** Boðagrandi, Fjörugrandi, Keilugrandi
**107-22** Bárugrandi, Flyðrugrandi, Álagrandi
**107-23** Kaplaskjólsvegur, Reynimelur
**107-25** Flyðrugrandi, Meistaravellir
**107-30** Dunhagi, Smyrilsvegur, Þrastargata
**108-26** Bústaðavegur, Hólmgarður
**109-28** Brekkusel, Dalsel
**110-18** Birtingakvísl, Bleikjukvísl
**112-05** Funafold
**112-06** Hverafold
**112-09** Fannafold
**112-11** Logafold
**112-20** Flétturimi, Hrísrimi
**112-36** Bakkastaðir
**113-02** Maríubaugur
**113-05** Ólafsgeisli
**113-08** Gvendargeisli
**170-09** Lindarbraut, Vallarbraut
**200-02** Kópavogsbraut
**200-06** Borgarholtsbraut
**200-07** Kópavogsbraut, Þinghólsbraut
**200-08** Kársnesbraut
**200-11** Hraunbraut, Kársnesbraut
**200-17** Hjallabrekka, Nýbýlavegur
**200-57** Bakkabraut, Hafnarbraut, Vesturvör
**203-02** Breiðahvarf, Fannahvarf, Fellahvarf
**210-02** Hegranes, Tjaldanes
**210-04** Kríunes, Súlunes, Þernunes
**210-15** Garðaflöt, Smáraflöt, Stekkjarflöt
**210-18** Garðaflöt, Lindarflöt
**210-22** Holtsbúð
**210-25** Asparlundur, Einilundur, Hvannalundur, Skógarlundur, Víðilundur
**210-26** Dalsbyggð, Hæðarbyggð
**210-28** Garðatorg, Heiðarlundur, Hofslundur, Kirkjulundur
**210-32** Holtsbúð
**210-41** Engimýri, Fífumýri, Krókamýri, Langamýri
**220-23** Heiðvangur, Vesturvangur
**220-33** Hringbraut, Strandgata
**220-34** Hringbraut, Selvogsgata
**220-44** Hörgsholt, Miðholt, Vesturholt
**225-07** Lambhagi, Miðskógar
**230-01** Bragavellir, Gígjuvellir, Ránarvellir, Sjafnarvellir, Týsvellir, Ægisvellir, órsvellir
**230-09** Aðalgata, Hafnargata, Kirkjuvegur, Túngata, Vallargata, Íshússtígur
**230-10** Hringbraut, Miðtún, Sunnubraut, Sóltún, Tjarnargata, Vallartún
**230-11** Faxabraut, Háholt, Lyngholt, Skólavegur
**230-12** Baugholt, Krossholt, Þverholt
**230-13** Hafnargata, Hringbraut, Suðurgata
**230-14** Austurgata, Framnesvegur, Hrannargata, Suðurgata, Vatnsnesvegur
**230-20** Garðavegur, Kirkjuvegur, Klapparstígur
**240-02** Heiðarhraun, Hvassahraun, Leynisbraut o.fl.
**240-04** Baðsvellir, Selsvellir, Ásvellir
**240-06** Arnarhraun, Borgarhraun, Leynisbraut, Leynisbrún, Staðarhraun
**260-07** Kirkjubraut, Kópubraut, Njarðvíkurbraut, Njarðvíkurvegur, Thorkellsgata
**270-01** Akurholt, Arkarholt, Álmholt, Ásholt
**270-03** Barrholt, Bergholt, Njarðarholt, Urðarholt, Þverholt
**270-06** Bjargartangi, Borgartangi, Bugðutangi
**270-08** Leirutangi
**270-19** Brekkuland, Hagaland, Helgaland, Hjarðarland, Álafossvegur
**800-15** Birkivellir, Hrísholt, Merkiland, Vallholt, Víðivellir
**800-18** Engjavegur, Mánavegur, Seljavegur, Sigtún, Sléttuvegur, Tryggvagata o.fl.
**800-19** Austurvegur, Fagurgerði, Grænuvellir, Hörðuvellir
**810-05** Heiðmörk, Reykjamörk

**Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24**
**Virka daga kl. 8–18.**
**Helgar kl. 11–16.**

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

Fíton/SÍA F1014416

# SJÓNARHORN



Hundarnir viðraðir í Hlíðunum.
LJÓSMYND/PJETUR

## VISSIR ÞÚ?

... að minnsti núlifandi hundur mælist 20,3 sentimetrar á lengd?

... að heimsmet hunds í að opna ófrakrúna rúðu er 13 sekúndur? Hundurinn var skoskur fjárhundur.

... að heimsmet í hástökki hunda á mjóhundurinn Holly og stökk hann 167,6 sentimetra?

... að lengstu hundaeyrun mældust á Bassethundi 33,2 sentimetrar?

... að Golden Retriever hundurinn Augie gat borið í kjaftinum fimm tennisbolta af löglegri stærð?

... að elst smáhestur heims náði 54 ára aldri?

... að lengstu kanínueyru sem mælst hafa voru 79 sentimetrar?

... að árið 1974 gaut bandarískur hamstur 26 hömstrum? Yfirleitt gjóta hamstrar aðeins 8 hömstrum í hverju goti?

... að blendingur burma og síamskattar gaut 19 kettlingum árið 1970?

... að hæsti núlifandi hestur hét Golíat og mældist hann 195,58 sentimetrar árið 2003? Að jafnaði drakk hann 113,5 lítra af vatni á dag.

... að rauðbröndótti fresskötturinn Jake er með 28 tær? Sjö tær á hverri loppu








Guðrún Þórhallsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Árbæjarskóla.

# HVUNNDAGURINN

## *Unglingar fullir af hugmyndum og krafti*

**Í hverju felst starf þitt?**
Ég er aðstoðarskólastjóri í Árbæjarskóla. Mitt verksvið er að halda utan um unglingadeildina sem samanstendur af 400 nemendum.

**Hvenær vaknar þú á morgnana og hvað gerir þú?**
Ég vakna klukkan hálf sjö og tek mig til. Síðan vek ég hjörðina mína, eiginmanninn og börnin þrjú. Hef samt einhvern veginn aldrei tíma til þess að borða.

**Hversu lengi hefur þú starfað sem aðstoðarskólastjóri?**
Ég er nýtekin við og hef þess vegna einungis starfað síðan í haust. Um er að ræða afleysingarstöðu í eitt ár.

**Hvað er skemmtilegast við vinnuna?**
Það er geysilega gefandi að starfa með svo stórum hópi unglinga, sem eru eins ólíkir og þeir eru margir. Allir fullir af hugmyndum og krafti.

**En erfiðast?**
Eins og í öllum öðrum störfum eru hlutirnir misskemmtilegir, en það eru þó mun fleiri jákvæðir þættir í starfinu en neikvæðir.

**Hvað gerir þú eftir vinnu?**
Þá fer ég og sinni börnum og búi. Svo á ég mínar stundir í Árbæjarþreki milli klukkan 9 og 10 á kvöldin.

**Gætir þú hugsað þér eitthvert annað starf?**
Ég er og verð skólamanneskja, að vinna með börnum og unglingum eru forréttindi.











Breyttur
afgreiðslutími
í Skaftahlíð 24
Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.637 **+0,73%**

**Fjöldi viðskipta:** 302
**Velta:** 6.777 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | +10,12% | **Nýherji** | -1,88% |
| **Actavis** | +5,49% | **Atorka Group** | -1,38% |
| **Össur** | +2,17% | **FL Group** | -1,38% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 44,20 +5,50% ... Bakkavör 43,50 +1,90% ... FL Group 14,30 -1,40% ... Flaga 3,81 +10,10% ... HB Grandi 9,30 +0,00% ... Íslandsbanki 15,10 +1,30% ... Jarðboranir 22,00 -0,50% ... KB banki 599,00 +0,00% ... Kögun 54,40 -0,20% ... Landsbankinn 21,90 +1,40% ... Marel 63,80 -0,30% ... SÍF 4,45 -0,50% ... Straumur 13,15 +1,50% ... Össur 94,00 +2,20%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Selja tilbúið grænmeti

### Bakkavör Group hefur keypt breska fyrirtækið Hitchen Foods.

Bakkavör Group tilkynnti í gær að fyrirtækið hefði keypt breska fyrirtækið Hitchen Foods fyrir 4,7 milljarða króna. Hitchen Foods framleiðir ferskt niðurskorið grænmeti og salat fyrir stærstu verslunarkeðjur Bretlands að því er fram kemur í tilkynningu.

Jafnframt kemur fram að gert sé ráð fyrir að rekstrarhagnaður Hitchen Foods verði 911 milljónir króna á þessu ári og veltan í kringum 5,1 milljarð króna. Aðalávinningur með yfirtökunni sé aukin hlutdeild á markaði fyrir grænmetisvörur, en markaður fyrir ferskt niðurskorið grænmeti hafi vaxið um 80 prósent frá árinu 2000. Tækifæri séu til að stækka Hitchen Foods í framtíðinni.

Um 750 starfsmenn vinna hjá breska fyrirtækinu, sem rekur eina verksmiðju í Wigan, Lancashire, í Bretlandi. Í tilkynningunni segir að rúmlega helmingur af sölu fyrirtækisins sé niðurskorið grænmeti en tilbúin salöt séu jafnframt stór hluti.

Haft er eftir Ágústi Guðmundssyni, stjórnarformanni Bakkavarar Group, að þetta styrki stöðu fyrirtækisins í sölu á fersku grænmeti. **– bg**



**ÁGÚST GUÐMUNDSSON, STJÓRNARFORMAÐUR BAKKAVARAR** Samið var við helstu lykilstarfsmenn Hitchen Foods.

## Svíarnir selja í Össuri

### William Demant orðinn stærstur.

Miklar breytingar hafa orðið á hópi stærstu hluthafa í Össuri eftir að stærsti hluthafinn, sænski fjárfestingarsjóðurinn AB Industrivarden, seldi um fimmtungshlut í félaginu. Hlutur sænska sjóðsins fer niður í þrjú prósent.

Kaupendur eru danska félagið William Demant Invest, Eyrir fjárfestingafélag, sem er að mestu í eigu Árna Odds Þórðarsonar og Þórðar Magnússonar, og Vik Investment Holdins sem er í eigu Jóns Sigurðssonar, forstjóra Össurar. William Demant er eftir kaupin orðinn stærstur í Össuri með um 37 prósenta hlut, Eyrir er með fimmtán prósent og Vik með um sex prósent. Kaupendur greiða um 6,5 milljarða fyrir bréfin.

AB Industrivarden hefur hagnast mikið á eignarhlut sínum í Össuri. Félagið eignaðist fimmtán prósenta hlut í Össuri í maí árið 2002 þegar gengi félagsins stóð nálægt 50 krónum á hlut en gengið í viðskiptum gærdagsins var á bilinu 85-88,5. **- eþa**



**JÓN SIGURÐSSON, FORSTJÓRI ÖSSURAR** Kaupir ásamt stærstu hluthöfum bréf í Össuri af AB Industrivarden sem minnkar hlut sinn úr 23 prósentum í þrjú prósent.

## Haustfundur Íslandsbanka haldinn í kvöld

Chris Gessel, aðalritstjóri Investor Business Daily, er gestur á hinum árlega haustfundi Eignastýringar Íslandsbanka sem haldinn verður í kvöld. Á fundinum verður fjallað um fjárfestingatækifæri á komandi ári.

„Ég ætla að kynna fjárfestum CAN SLIM aðferðina sem við höfum notað í mörg ár til að sýna fjárfestum hvenær er besti tíminn að kaupa réttu fyrirtækin og hvenær besti tíminn er að selja réttu fyrirtækin,“ segir Gessel.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri eignastýringar Íslandsbanka, segir að miklar hækkanir á hlutabréfamörkuðum hérlendis síðastliðin fjögur ár, leiði til þess að það geti verið mikilvægt fyrir marga að endurskoða eignasöfnin sín. „Ef fjárfestir hefur fjárfest í helminga í skuldabréfum og hlutabréfum fyrir fjórum árum, er eignasafnið hans kannski að þremur fjórðum hlutum til í hlutabréfum í dag. Markaðirnir hafa hækkað mikið undanfarin ár og það þarf margt að vinna með okkur til að næsta ár verði jafn gott,“ segir Almar. **- hb**



**CHRIS GESSEL** Aðalritstjóri Investor Business Daily er meðal fyrirlesara á hinum árlega haustfundi Eignastýringar Íslandsbanka sem haldinn er í kvöld.


Átaksvika – Tölum um kynhneigð 17. til 23. október

KYNHNEIGÐ ÞÍN ER EKKI VANDAMÁL
ÞÖGNIN ER ÞAÐ!

1717

Hringdu í **1717** – Hjálparsíma Rauða krossins

Við hlustum á þig
Við upplýsum um úrræði
Við bendum þér á leiðir

**1717 - Hjálparsími Rauða krossins** er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem finnst þeir vera í vanda og þurfa einhvern til að tala við. Símtal í 1717 er gjaldfrjálst og kemur hvergi fram á símreikningum.

**Rauði kross Íslands**

KB ERLEND HLUTABRÉF

11,5%*

hækkun frá áramótum

*Samkv. www.sjodir.is m.v. 30. sept.




Hækkun frá áramótum m.v. 30. sept.

KB ERLEND HLUTABRÉF er tilvalinn kostur fyrir þá sem vilja fjárfesta í hlutabréfum traustra erlendra fyrirtækja en horfa fyrst og fremst til ávöxtunar í íslenskum krónum. Við stýringu sjóðsins er lögð sérstök áhersla á að draga markvisst úr gjaldmiðlaáhættu. Kynntu þér málið á kbbanki.is

KB ERLEND HLUTABRÉF er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI



**JOSE ORTEGA Y GASSET (1883-1955) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Að lifa er eilíft ferli af ákvörðunum.“*

**JOSE ORTEGA Y GASSET VAR SPÆNSKUR HEIMSPEKINGUR. HANN SKRIFAÐI GREIN UM UPPREISN FJÖLDANS Á ÞRIÐJA ÁRATUGNUM SEM VAKTI MIKLA ATHYGLI Á ÞEIM UMBROTATÍMUM SEM RÍKTU Á SPÁNI.**

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 18. OKTÓBER 1976

## *Mafíósinn Gambino jarðsettur*

Á þessum degi árið 1976 var Carlo Gambino, „stjóri stjóranna í mafíunni“, lagður til hinstu hvílu. Gambino sem var álitinn áhrifamesti leiðtogi innan bandarísku mafíunnar, lést á heimili sínu nokkrum dögum fyrr úr hjartaáfalli. Gambino fæddist á Sikiley árið 1902 og flutti til Bandaríkjanna árið 1921. Hann varð höfuð mafíufjölskyldu sinnar árið 1957. Útför hans fór fram frá kirkju í rólegu hverfi í Brooklyn. Mikill mannfjöldi safnaðist utan við kirkjuna og þeirra á meðal voru óeinkennisklæddir lögreglumenn. Ekki var búist við vandræðum þar sem mafíufjölskyldur eru þekktar fyrir að virða friðinn á slíkum dögum. Hins vegar vildi leyniþjónustan FBI grennslast fyrir um hver yrði höfuð ættarinnar að Gambino látnum. Fór svo að Paul Castellano, frændi Gambinos, tók við stjórninni.

Margir telja að persóna Don Vitos Corleone sem Marlon Brando túlkaði í myndinni Guðföðurnum hafi verið byggð á Gambino. Carlo Gambino var jarðsettur við hlið konu sinnar sem lést fimm árum áður.



CARLO GAMBINO

## MERKISATBURÐIR

1906 Sjö hús brenna á Akureyri og um áttatíu manns missa heimili sín.

1913 Ljósahátíð er haldin á Seyðisfirði þegar rafveitan er vígð og rafljós kveikt í fyrsta sinn.

1918 Þýskur kafbátur sökkvir togaranum Nirði suðvestur af St. Kilda. Tólf manna áhöfn kemst í báta og er bjargað.

1931 Uppfinningamaðurinn Thomas Alva Edison andast.

1954 Einar Jónsson myndhöggvari andast áttræður að aldri.

1968 John Lennon og Yoko Ono eru handtekin fyrir að hafa eiturlyf undir höndum.

1989 Leiðtogi Austur-Þýskalands, Erich Honecker, er neyddur til að segja af sér.

## JARÐARFARIR

14.00 Margrét Antonsdóttir, Lindasíðu 4, Akureyri, verður jarðsungin frá Glerárkirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.






## AFMÆLI



Peter Boyle leikari er 72 ára.



Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, er 62 ára.



Jean Claude Van Damme er 45 ára.



Hany Hadya dansari er 43 ára.



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Árni Bjarnason**

Fögruhlíð 7, Hafnarfirði,

andaðist á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, laugardaginn 15. október. Jarðarförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Ruth Árnadóttir** | **Guðmundur Jónsson** |
| **Ása Bjarney Árnadóttir** | **Jón Örn Pálsson** |
| **Guðný Hildur Árnadóttir** | **Guðleifur Guðmundsson** |
| **Haraldur Árnason** | **Valgerður Bjarnadóttir** |
| **Árni Özur Árnason** | **Díana Ósk Pétursdóttir** |
| **Reynir Bjarnason** | **Guðný Bernhards** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

SVANHILDUR BLÖNDAL RÁÐIN PRESTUR HRAFNISTU OG VÍFILSSTAÐA:

# Sameinar líkama og sál

„Þetta er í fyrsta skipti sem prestur er ráðinn eingöngu til Hrafnistu og Vífilsstaða,“ segir Svanhildur Blöndal sem var vígð til prests í sumar og hóf störf sem prestur á Hrafnistu í byrjun september. „Það er geysileg þörf á að hafa sálgæslu á staðnum,“ segir Svanhildur en áréttar þó að séra Árni Bergur Sigurbjörnsson heitinn, sóknarprestur í Áskirkju, hafi unnið mikið og gott starf á Hrafnistu meðan hann þjónaði þar. „En það skiptir máli að ég sé hérna á staðnum og það sé alltaf hægt að ná í mig,“ bendir Svanhildur á. Hún segir bæði starfsfólk og heimilismenn vera að átta sig á því að hún sé til staðar og nú þegar sé leitað talsvert til hennar.

En hvernig er að þjóna eldra fólki? „Þetta er mjög gefandi og það taka mér allir mjög vel,“ segir Svanhildur um sóknarbörn sín sem hún segir auk þess mjög þakklát fyrir þessa þjónustu. „Þunglyndi er algengt meðal eldra fólks. Fólk er búið að missa marga af sínum vinum og ættingjum og ævin er farin að styttast,“ segir Svanhildur sem ræðir við fólk um kvíða og depurð og þann ótta og óvissu sem sækir að fólki á efri árum. Þá segir hún breytta þjóðfélagsstöðu, einsemd og lakari líkamlega heilsu hafa töluvert að segja um líðan fólks.

Svanhildur lítur á sig sem hluta af starfsteyminu á dvalarheimilinu og er í góðu samstarfi við hjúkrunarfólk á staðnum. Svanhildur ætti í raun að geta sameinað vel líkama og sál þar sem hún er lærður hjúkrunarfræðingur og starfaði sem slíkur áður en hún tók embættispróf í guðfræði frá Háskóla Íslands árið 2002.

„Ég hafði mikinn áhuga á sálgæslu og guðfræðideildin var á þeim tíma eina deildin sem bauð upp á það,“ segir Svanhildur sem ætlaði sér þó aldrei að verða prestur. „Námið var svo heillandi að ég veit ekki fyrr en ég hef tekið embættispróf,“ segir Svanhildur glaðlega sem finnst preststarfið ekki síður gefandi en hjúkrunin. „Stutt er síðan ég varð prestur en mér finnst þetta mjög heillandi starf,“ segir Svanhildur sem telur eldra fólk yfirleitt trúaðra en það yngra.

Þegar Svanhildur er ekki að sinna sál og líkama fólks reynir hún að hitta vini sína og vandamenn. „Þá hef ég heilmikinn áhuga á leikhúsi og bíói og fer á skíði þegar það er hægt,“ segir hún og hlær en Svanhildur skipuleggur nú skíðaferð til Ítalíu í febrúar. Þangað fer hún ásamt manni sínum, Júlíusi Vífli Ingvarssyni lögmanni og fyrrverandi borgarfulltrúa sem sækist eftir öðru sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík vegna borgarstjórnarkosninganna í vor, en þau hjónin deila áhuga á íþróttinni.

Júlíus Vífill er lærður söngvari og starfaði fyrr á árum sem óperusöngvari við Þjóðleikhúsið og Íslensku óperuna. Þetta kemur sér vel fyrir Svanhildi sem þarf að syngja töluvert í starfi sínu. „Það er alveg nýtt fyrir mér að syngja en Vífill aðstoðar mig við að tóna rétt,“ segir Svanhildur kímin og íhugar að sækja nokkra söngtíma í haust til að geta náð tónuninni rétt fyrir jólamessurnar sem eru töluvert flóknar.



**SINNIR LÍKAMA OG SÁL** Svanhildur starfaði áður sem hjúkrunarfræðingur en sinnir nú sálgæslu heimilisfólksins á Hrafnistu.



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Antonsdóttir**

Lindasíðu 4, Akureyri,

Verður jarðsunginn frá Glerárkirkju þriðjudaginn 18. okt. kl. 14.00.

**Sigurður Lárus Kristjánsson**

| | |
|---|---|
| **Kristján Jakob Pétursson** | **Ragnheiður Ólafsdóttir** |
| **Guðmundur Friðrik Sigurðsson** | **Auður Hansen** |
| **Ingibjörg Anna Sigurðardóttir** | **Gunnlaugur Sverrisson** |
| **Harpa Hrönn Sigurðardóttir** | **Gunnar Viktorsson** |
| **Kristlaug María Sigurðardóttir** | **Loftur Guðni Kristjánsson** |
| **Íris Halla Sigurðardóttir** | **Jón Eggert Árnason** |

**ömmu- og langömmubörn.**


★ SÓLSTEINAR
★ Gæði
★ Góð þjónusta
★ Gott verð
★ Mikið úrval
Kársnesbraut 98 • S: 564 4566
www.solsteinar.is
200 Kópavogur • sol@solsteinar.is




## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1804** Rama IV, konungur Taílands.



**1902** Miriam Hopkins leikkona.



**1697** Giovanni Canaletto listmálari.



**1831** Friðrik II, keisari Prússa í 99 daga.



**1919** Pierre Trudeau, forsætisráðherra Kanada.



†

*Eiginmaður minn,*

**Jóhann Hermannsson**

fyrrverandi umboðsmaður skattstjóra á Húsavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga þann 16. október sl.

Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju, laugardaginn 22. október klukkan 11.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Guðrún S. Tryggvadóttir.**



**ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON** Kynnti nýja herferð í forvörnum sem kallast „Ég ætla að bíða.“

# Vímuvarnarvika er hafin

Vímuvarnarvikan 2005 hófst í gær þegar nítján samtök undirrituðu yfirlýsingu í félagsmiðstöðinni Ásnum í Áslandsskóla í Hafnarfirði. Vímuvarnarvikan stendur til næstkomandi sunnudags, 23. október.

Yfirskrift vikunnar er „Byrjunaraldurinn - hvað er í húfi?“ þar sem athyglinni verður beint að afleiðingum fíkniefnaneyslu, líkamlegum sem og félagslegum, og kynntar niðurstöður nýrra rannsókna um áhrif fíkniefna á ungt fólk. Dagskrá vikunnar er fjölbreytt, til að mynda kynningarfundir, kyrrðarstund og dagskrá í kirkjum og ráðstefna um börn og fíkniefni. Auk þess verður opin fjölskylduskemmtun í Ráðhúsi Reykjavíkur á laugardaginn frá klukkan hálf þrjú til hálf fjögur þar sem Örn Árnason leikari stýrir fjörinu.

Að þessari viku standa Samstarfsráð um forvarnir og fjölmörg önnur samtök í landinu.

# LYNGVÎK
## FASTEIGNASALA

Síðumúla 33 - Sími 588 9490 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is



Sigrún Gissurardóttir, lögg. fasteignasali



Steinar S. Jónsson, sími 898 5254



Daníel Björnsson, sími 897 2593



Þorsteinn Austir, sími 820 3466

**OPIÐ**
mánud. - fimmtud. frá kl. 9-18
föstud. frá kl. 9-16. Svo er GSM-inn alltaf opinn

### EINB - RAÐ- OG PARHÚS



**LANGAFIT - GARÐABÆ** 198 fm parhús á tveimur hæðum, ásamt 34 fm bílskúr. Stórar stofur, fjögur svefnherbergi og sólstofa. Húsið er steinað og klætt að utan með liggjandi álklæðningu. Verð 38,3 m



**ÁLFHÓLSVEGUR PARHÚS MIKIÐ ÚTSÝNI** Gott parhús á tveimur hæðum með bílskúr. Á neðri hæðinni er hol, þvottahús, snyrting, eldhús og stofa með arni gengið er í góðan garð frá stofu. Á efri hæð eru 4. herbergi, hol og baðherbergi með baðkari og sturtuklefa. Frá holi er gegnið út á stórar svalir. Þetta er góð eign. **Verð. 35.0 m**

### 5 HERB.



**ÞRASTARHÖFÐI - MEÐ BÍLAGEYMSLU.** Glæsileg ný 5. herb. íbúð 129,2 fm með 4 rúmgóðum svefnherbergjum á jarðhæð með sérafnotarétt af garði og stæði í bílageymslu. Íbúðin afhendist fullbúin án gólfefna nema baðherbergi og þvottaherbergi er flísalagt. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Lyngvík S: 588-9490. **Verð 27,5 m.**

### 4RA HERB



**ENGIHJALLI 1 - MIKIÐ ENDURN.** Vorum að fá í sölu mikið endurnýjaða 4ra herbergja 97,4 fm íbúð á 7 hæði lyftuhúsi. Íbúðin er mikið endurnýjuð þ.e. eldhús og baðherbergi. Mikið útsýni. Verð. 16,9 m



**NÝBÝLAVEGUR - 3-4 HERB. M/BÍLSKÚR.** Um er að ræða 83,3 fm 3-4 ra herbergja íbúð í góðu fimm íbúða húsi, íbúðinni fylgir 32,5 fm bílskúr. V. 22,6 m.



**HOFTEIGUR - SÉRINNG.** Rúmgóð og vel staðsetta 137 fm 4-5 herbergja íbúð í kjallara með sér inngangi. stór og góð herbergi. V. 24,9 m

### 3JA HERB.



**BRÆÐRABORGARSTÍGUR** Vorum að fá í sölu fallega ný uppgerða 119 fm þriggja herbergja íbúð á tveimur hæðum í virðulegu steinhúsi við Bræðraborgarstíg. Allt nýtt í íbúðinni. V. 29,9 m.



**HRÍSRIMI LAUS TIL AFH.** Mjög góð 3ja herbergja íbúð á annarri hæð með stæði í bílageymslu. rúmgott svefnherbergi með skápum. Gott herbergi með parketi. Rúmgóð og björt stofa með suðaustur svölum. Glæsilegt eldhús með Alno innréttingu og borðkrók. Þvottahús með hillum innan íbúðar. Góð sameign. Íbúðin er laus og til afhendingar við kaupsamning **Verð 21,9 m.**



**HVERAFOLD - MIKIÐ ÚTSÝNI** Góð ca 99 fm íbúð á þessum eftirsótta stað í Grafarvoginum, Björt stofa með yfirbyggðum svölum og útsýni. Svefnherbergi eru með parketi á gólfi og skápum. Eldhús er flísalagt með góðri innréttingu og borðkrók. Baðherbergi með flísum á gólfi og veggjum. baðkari, innréttingu og glugga. Þetta er góð eign í velviðhöldnu húsi. **Verð. 19,9 m**



**ÁLFKONUHVARF MEÐ STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU** Ný 3ja herbergja 95,8 fm íbúð á 1. hæð. Þvottahús í íbúð. Baðherbergi flísalagt með innréttingu og sturtubaðkari. Björt stofa með suður svölum. Skápar í öllum herbergjum. í kjallara er góð geymsla. Stæði í bílgeymslu fylgir. Íbúðinni fylgir parket á gólfin en á eftir að leggja það. Afh. eftir samk. **Verð 23,5 M.**

### 2JA HERB.



**HAGAMELUR - 2JA HERB.** Um er að ræða fallega og bjarta 69,4 fm íbúð. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús með borðkrók, baðherbergi, stofu og svefnherb. Gólfefni eru flísar og parket. Verð 16,4 m



**DALSEL MEÐ STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU.** Mikið endurnýjuð 76,7 fm 2ja herbergja íbúð með stæði í bílageymslu. Íbúðin er ný standsett, ný eldhús innrétting, ný tæki í eldhúsi, keramik helluborð og blástursofn, nýtt parket á gólfum og nýjar hurðir. Baðherbergi er flísalagt með baðkari, innréttingu og tengi fyrir þvottavél. Íbúðin er til afhendingar við kaupsamning. **Verð 15,4 m.**



**ENGIHJALLI - 2JA HERB** Vorum að fá í sölu 62,2 fm 2ja herbergja íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi við Engihjalla. Hol og stofa með plastparketi, Baðherbergi með nýlegri innréttingu og dúk á gólfi og veggjum, Hjónaherb með útgengi á Stórar vestur svalir, Eldhús með kork á gólfi og borðkrók. Útgengt er úr stofu út á vestur svalir. Verð. 12,3 m

### ATVINNUHÚSNÆÐI



**FLATAHRAUN** Iðnaðarhúsnæði sem notað hefur verið sem íbúðarhúsnæði 54,8 fm og milliloft ca 25 fm. alls ca 80 fm vel innréttað. Húsnæðið er tilvalið fyrir léttan iðnað eða listafólk sem vantar góða starfsaðstöðu. **Verð 7,6 M.** (1315)

### SUMARBÚSTAÐIR



**STAPINN - SNÆFELLSNES** Vorum að fá í sölu mjög vel staðsett heilsás sumarhús á Stapa. Húsið er um 50 fm með verönd og heitum potti. V. 8,9 m.

## OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-19

### MIÐTÚN 20 - EINBÝLISHÚS MEÐ BÍLSKÚR.



**Sævar og Þóra taka á móti gestum.** Einbýli á tveimur hæðum auk kjallara. Í kjallaranum er góð 2ja herbergja íbúð með sérinngang. Húsið hefur verið tekið í gegn og endurnýjað svo sem baðherbergi, gólfefni raflagnir, vatnslagnir og frárennslislagnir auk annars. Húsið er laust við kaupsamning. Verð 32.0 m.

### LANGAMÝRI - GARÐABÆ



Vorum að fá í sölu mjög fallgt og vel staðsett 214,5 fm einbýlishús á einni hæð, með innb. 37 fm bílskúr. Í húsinu eru tvær stofur, þrjú sv.herb., baðherb. með nuddbaðkari og sturtuklefa, gesta snyrting, eldhús og þv.herb. Húsið er innst í botnlanga stutt í skóla og aðra þjónustu.V. 49,5 m.

### HRAUNBRÚN - HAFNARFIRÐI - LAUST



Glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum með möguleika á aukaíbúð. 4 svefnherbergi stofa, sjónvarpsherbergi, eldhús, salerni. Útbúin hafa verið í kjallaranum 2. herbergi með salernisaðstöðu. Góður bílskúr. Þetta er eign sem vert er að skoða. **V. 46,5 m.**

### LITLABÆJARVÖR - ÁLFTANESI



**NÝTT 208 FM EINBÝLISHÚS MEÐ TVÖFÖLDUM BÍLSKÚR. HÚSIÐ STENDUR Á SJÁVARLÓÐ.** Gert er ráð fyrir 4. svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum. stofu, borðstofu og studíoeldhúsi . Verönd út frá stofu. Húsið verður afhent tilbúið til innréttinga. **Verð 43,0 m.**

### HJALLABREKKA MEÐ SÉRINNGANG.



Glæsileg 116 fm hæð með sérinngang frá Lyngbrekku og góðri suður verönd. Stórt svefnherbergi með skápum, tvö góð barnaherbergi. Tvær samliggjandi stofur. Gott eldhús með borðkrók. Flísalagt baðherbergi með innréttingu og baðkari. Þvottahús innan íbúðar. **Verð 21,9 m.**

### HRAUNBÆR - 3JA HERBERGJA



Vorum að fá í sölu vel skipulagða 88 fm 3ja herbergja íbúð á 2.hæð í fimm íbúða stigagangi. Íbúðinni fylgir hlutdeild í íbúðarherbergi sem er í útleigu. Möguleiki á stuttum afhendingartíma. V. 15,7 m.

### FELLSMÚLI



Góð 3ja herbergja ca 74 fm íbúð í kjallara. Húsið er allt nýklætt að utan, nýir gluggar og gler. Íbúðin er stofa með dúkflísum á gólfi. Tvö herbergi með dúkflísum á gólfi. Eldhús dúkflísar á gólfi, innrétting og borðkrókur. Baðherbergi með flísum upp á miðja veggi og baðkari. Í sameign er þvottahús, hjóla og vagnageymsla. Verð 15,5 m.

## ÞORLÁKSGEISLI - NÝBYGGING



**V**orum að fá í sölu sjö 3ja herbergja og níu 4ra herbergja íbúðir í 16 íbúða fjölbýlishúsi. Íbúðirnar eru frá 101 fm til 140 fm, öllum íbúðunum fylgir stæði í bílageymslu. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og þvottahúsgólf verða flísalögð. Innréttingar og skápar verða frá HTH. ***Íbúðirnar verða afhentar í mars 2006. Verð frá 24,5 millj.***





## Skammarleg heimasíða

Það var lítill sómi af heimasíðu ÍBV í gær. Í efstu frétt síðunnar er því haldið blákalt fram að dómararnir hafi gengið í lið með Fram í handboltaleik á sunnudag. Með fréttinni er síðan mynd af heimskingjunum úr myndinni Dumb & Dumber sem væntanlega eiga að tákna

**sport**

sport@frettabladid.is

VÍKINGARNIR KÁRI ÁRNASON OG SÖLVI GEIR OTTESEN: URÐU SÆNSKIR MEISTARAR Í GÆR

# *Þetta var algjör snilld*



Íslendingaliðið Djurgarden varð í gær sænskur meistari í knattspyrnu en með liðinu leika Víkingarnir Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen. Djurgarden gerði jafntefli, 0-0, á útivelli gegn Örgryte en á sama tíma tapaði IFK Göteborg fyrir Hammarby. Göteborg getur þar með ekki náð Djurgarden að stigum þar sem Djurgarden er fjórum stigum á undan og aðeins ein umferð eftir af deildinni.

„Þetta var algjör snilld," sagði Kári Árnason kampakátur skömmu eftir leik en hann var þá enn staddur í búningsklefanum með félögum sínum og heyrðist á köflum lítið í Kára fyrir fagnaðarlátum félaga hans. Kári og Sölvi sátu báðir á bekknum allan tímann í gær. Kári á þrátt fyrir það mikið í titlinum enda verið fastamaður í liðinu á leiktíðinni en sat á bekknum vegna meiðsla í gær.

„Hammarby skoraði tvö mörk á síðustu fimm mínútunum og við fengum að vita af því. Það var skrítið að verða svo allt í einu orðinn meistari. Það hefði verið skemmtilegra að klára dæmið á heimavelli en við sættum okkur vel að klára þetta núna," sagði Kári og hló og mátti heyra tappa fara úr kampavínsflöskum fyrir aftan hann.

„Það hefur mikið breyst á skömmum tíma hjá okkur Sölva enda ekki langt síðan við vorum að spila neðri deildar fótbolta á Íslandi. Það hefur ræst vel úr þessu og ég hef tekið miklu meiri þátt í þessu en ég átti von á til að byrja með. Ég átti von á að fá einstaka tækifæri af bekknum í vetur en svo hefur maður verið fastamaður í liðinu og þetta er alveg ótrúlega góð tilfinning að verða orðinn meistari," sagði Svíþjóðarmeistarinn Kári Árnason en hann stefnir á að vinna tvöfalt með Djurgarden en liðið er einnig í úrslitum bikarkeppninnar.

### > Við gleðjumst...

... með landsliðsmönnunum Kára Árnasyni og Sölva Geir Ottesen sem urðu sænskir meistarar í knattspyrnu í gær. Þessir strákar hafa lagt mikið á sig síðustu ár og eru nú að uppskera eins og þeir sáðu.



### > Við vorkennum...

... Heiðari Helgusyni sem virðist ekki ætla að fá næg tækifæri hjá Chris Coleman, stjóra Fulham. Heiðar mátti enn eina ferðina sætta sig við sæti á bekknum í gær þegar Fulham mætti Hermanni Hreiðarssyni og félögum í Charlton.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

15 16 17 **18** 19 20 21

**Þriðjudagur**

**LEIKIR**

- 19.50 **KA** og **Valur** mætast í DHL-deild karla í handbolta í KA-heimilinu á Akureyri.

**SJÓNVARP**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 09.00 og svo aftur klukkan 17.00.
- 17.30 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeildinni.
- 18.00 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 18.30 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Leikur Bayern Munchen og Juventus sýndur í beinni útsendingu.
- 20.40 **Meistaraeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 21.20 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Leikur Manchester United og franska liðsins Lille.
- 23.10 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 23.50 **Ensku mörkin** á Sýn.

Ólöglegur leikmaður í körfu:

## Skallagrímur sektað

**KÖRFUBOLTI** Dimitar Karadzovski, leikmaður Skallagríms, var ólöglegur í fyrstu tveimur umferðum úrvalsdeildarinnar - gegn Njarðvík og Keflavík. Hannes Birgir Hjálmarsson, framkvæmdastjóri KKÍ, staðfesti að körfuknattleiksdeild Skallagríms yrði sektuð fyrir að hafa Karadzovski á leikskýrslu. Hann verður orðinn löglegur með liðinu 29. október. - mh

# Líflegt á leikmannamarkaðnum

**Félögin í Landsbankadeild karla í knattspyrnu berjast nú um að fá til sín leikmenn sem verða samningslausir í lok árs eða eru þegar orðnir samningslausir. Enn eru feitir bitar á lausu sem eru að skoða sín mál.**

**FÓTBOLTI** Það er mikið fjör á leikmannamarkaðnum á íslandi þessa dagana en eftir 15. október máttu forráðamenn knattspyrnufélaga í Landsbankadeildinni fara að ræða við leikmenn sem eru á samningi út þetta ár, án þess að þurfa að tilkynna það til félags viðkomandi leikmanns.

Undanfarna daga hefur því verið mikið um þreifingar á markaðnum og eru forráðamenn félagana sammála um að sjaldan hafi hafi meiri kraftur og metnaður einkennt störf þeirra sem vinna hjá íþróttafélögunum og svo virðist sem flest félögin séu betur stödd fjárhagslega nú en oft áður.

Unnar Steinn Bjarndal, framkvæmdastjóri Vals, segist vel finna fyrir mikilli spennu á leikmannamarkaðnum og segir félögin greinilega ákveðin í því að láta FH ekki vinna Íslandsmótið á næstu leiktíð með yfirburðum, eins og gerðist í sumar. „Ég finn fyrir miklum metnaði á meðal félaganna í deildinni og það er samkeppni um að fá bestu leikmennina til sín. Við viljum auðvitað standa okkur eins og aðrir og munum vinna að miklum krafti í því að fá til okkar góða leikmenn."

Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, segir erfitt fyrir FH að fá leikmenn hér innanlands sem styrkja leikmannahóp FH þar sem hann er sterkur fyrir. „Við viljum fá til okkar leikmenn sem munu styrkja hópinn. En annað er ekki ákveðið að svo stöddu. Annars munum við taka stöðuna á hópnum þegar æfingarnar byrja hjá okkur í næsta mánuði. Yngstu strákarnir í hópnum munu fá tækifæri til þess að sanna sig og svo verður ákvörðun tekin í framhaldinu að því."



**GUNNLAUGUR JÓNSSON** Það bíða margir spenntir eftir því að vita hvað Gunnlaugur Jónsson ákveður að gera en samningur hans við Skagamenn rann út fyrir skömmu.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, vonast einnig til þess að geta styrkt liðið með þremur leikmönnum. „Það er mikilvægt fyrir öll félög að reyna að bæta við sig þremur góðum leikmönnum á hverju ári til þess að geta viðhaldið metnaðinum og sett markið hærra heldur en árið áður. Við erum að vinna í ýmsum málum og vonumst til þess að geta gengið frá leikmannamálum sem fyrst auðvitað."

magnush@frettabladid.is

### Áhugi Landsbankadeildarfélaga á leikmönnum

**FH** Pálmi Rafn Pálmason KA, Gunnlaugur Jónsson og Þórður Guðjónsson Stoke City.

**VALUR** Jóhann Þórhallsson, Pálmi Rafn Pálmason, Gunnlaugur Jónsson og Þórður Guðjónsson.

**ÍA** Þórður Guðjónsson. Gunnlaugur Jónsson í samningaviðræðum.

**KEFLAVÍK** Þórarinn Kristjánsson, Grétar Ómarsson Fjarðabyggð og Andri Valur Ívarsson Völsungi.

**FYLKIR** Gunnlaugur Jónsson, Pálmi Rafn Pálmason, Jakob Spangsberg Leikni, Jóhann Þórhallsson og Þórður Guðjónsson.

**GRINDAVÍK** Jóhann Þórhallsson, Þórður Guðjónsson, Pálmi Rafn Pálmason og Gunnlaugur Jónsson.

**ÍBV** „Munum berjast um alla lausa menn," sagði Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV.

**BREIÐABLIK** Marel Baldvinsson Lokeren, Arnar Grétarsson Lokeren, Jakob Spangsberg og Jóhann Þórhallsson.

**VÍKINGUR** Gunnlaugur Jónsson, Grétar Sigurðsson og Viktor Bjarki Arnarsson verða í leikmannahópnum að óbreyttu.

**KR** Rúnar Kristinsson Lokeren, Pálmi Rafn Pálmason, Gunnlaugur Jónsson, Jóhann


HARRINGTON RAFSTÖÐVAR með HONDA mótor



EINNIG ÚRVAL
VEBA
RAFSTÖÐVA
Með benzín eða dieselmótorum

MJÖG HAGSTÆTT VERÐ

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070


## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Iceland Express-deild kvk:*

| | |
|---|---|
| ÍS-HAUKAR | 57-67 |

**Stig ÍS:** Signý Hermannsdóttir 17, Stella Kristjánsdóttir 12, Hafdís Helgadóttir 9, Hrafnhildur S. Kristjánsdóttir 8, Þórunn Bjarnadóttir 6, Hanna Kjartansdóttir 5,

**Stig Hauka:** Kesha Tardy 19 (11 fráköst), Kristrún Sigurjónsdóttir 12, Pálína Gunnlaugsdóttir 9 (7 fráköst), Helena Sverrisdóttir 8 (6 stoðsendingar), Sigrún Ámundadóttir 7, Hanna Hálfdánardóttir 3, Unnur Jónsdóttir 2, Sara Pálmadóttir 2, Ingibjörg Skúladóttir 2, Guðrún Ámundadóttir 2, Ösp Jónsdóttir 1.

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| CHARLTON-FULHAM | 1-1 |

0-1 Collins John (28.), 1-1 Danny Murphy (48.)

**Hermann Hreiðarsson** lék allan leikinn fyrir Charlton en **Heiðar Helguson** sat á bekknum allan tímann hjá Fulham.

**Charlton er** í 5. sæti ensku úrvalsdeildarinnar en Fulham er í 17. sæti.

### *Sænska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| ÖRGRYTE-DJURGARDEN | 0-0 |

**Kári Árnason** og **Sölvi Geir Ottesen** sátu á bekk Djurgarden allan tímann. Djurgarden tryggði sér titilinn með stiginu.

| | |
|---|---|
| HAMMARBY-IFK GÖTEBORG | 3-2 |
| LANDSKRONA-GIF SUNDSVALL | 1-0 |
| ELFSBORG-HELSINGBORG | 2-0 |

Þriðja umferð Meistaradeildar Evrópu hefst í kvöld:

## Arsenal ekki sama liðið án Henry og Vieira

**FÓTBOLTI** Arsenal er aðeins „venjulegt" lið án þeirra Thierry Henry og Patrick Vieira, að sögn Martins Jol, knattspyrnustjóra Tottenham. Eins og flestum ætti að vera kunnugt á Henry við meiðsli að stríða um þessar mundir og Vieira var seldur til Juventus í sumar, og segir Jol að gengi Arsenal það sem af er leiktíðinni sanni að þeir geti ekki verið án þessara „stóru" leikmanna.

Henry er reyndar í hópnum hjá Arsenal fyrir leikinn gegn Sparta Prag í Meistaradeildinni í kvöld, nokkrum vikum á undan áætlun, en hann hefur ekki spilað fyrir Arsenal síðan 24. ágúst. Meiðslalisti Arsenal er mjög langur og á Wenger varla annarra kosta völ en að taka áhættu með því að tefla Henry fram fyrr en áætlað var. „Hann hefur náð undraverðum bata og ég vona það besta," segir Wenger.

Kollegi hans hjá Tottenham segir velgengni Arsenal á síðustu árum velta að mörgu leyti á heppni og hann óttist liðið hvergi í dag. „Þetta er ekki sama liðið og það var. Í eina tíð var Tottenham betra lið en Arsenal og það gæti vel farið svo að sú yrði raunin á ný. Ef við myndum finna leikmenn eins og Henry og Vieira á næstu árum yrði félagið á grænni grein," segir Jol. - vig



**MARTIN JOL** Gagnrýnir erkifjendurna í Arsenal. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



Miðherjinn Baldur Ólafsson:

## Fékk fiðringinn á nýjan leik

**KÖRFUBOLTI** Miðherjinn stóri og stæðilegi, Baldur Ólafsson, hefur ákveðið að taka skóna, sem hann tyllti á hilluna fyrir einu og hálfu ári, fram á ný og er farinn að æfa með gamla félaginu sínu KR. Baldur hefur lítið spilað körfubolta þann tíma sem hann hefur verið frá keppni, en hann starfar sem lögreglumaður.

Hann segist hafa hætt vegna þrálátra álagsmeiðsla á sínum tíma, en játar að það hafi verið erfitt að halda sig frá körfuknattleiknum. „Ég var nú ekki búinn að setja skóna langt upp á hilluna. Ég er orðinn skárri í fótunum en ég var þarna á þessum tíma og þegar ég var spurður hvort ég hefði áhuga á að prófa aftur, ákvað ég að slá til," sagði Baldur sem mætti á æfingu hjá KR í gærkvöldi, þar sem menn munu kanna stöðu mála. - bb

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 29768 10/2005

## Hversu Verso vilt þú vera?

Sá sem er vanur miklu plássi sættir sig ekki við annað. Það er líka engin ástæða til þess. Óvenjumikið rými í Corolla Verso býður upp á marga möguleika, t.d. „Toyota Easy Flat-7“ sætakerfið sem gerir þér unnt að breyta skipulagi bílsins á þann hátt sem hentar hverju sinni.
Corolla Verso er margnota fjölskyldubíll sem fæst nú í nýrri og endurbættri útgáfu.



**Komdu og reynsluaktu betur búnum Corolla Verso og njóttu þess að teygja úr þér í öllu þessu rými.**

**Verð frá 2.420.000 kr.**



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota | Toyota Akureyri | Toyotasalurinn | Toyotasalurinn |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| KÓPAVOGUR | AKUREYRI | REYKJANESBÆR | SELFOSS |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |







## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | 2 | | 5 | | 7 | | |
| | | 5 | 7 | | 1 | | | 6 |
| 8 | | | | 9 | | | 3 | 4 |
| | 9 | | 8 | | 3 | | 4 | |
| 5 | | 4 | | | | 6 | | 3 |
| | 1 | | 9 | | 5 | | 8 | |
| 3 | 5 | | | 1 | | | | 9 |
| 7 | | | 4 | | 6 | 8 | | |
| | | 8 | | 7 | | 3 | 6 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 1 | 9 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 |
| 4 | 9 | 6 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 | 2 |
| 2 | 5 | 7 | 6 | 4 | 1 | 9 | 8 | 3 |
| 5 | 4 | 3 | 2 | 1 | 6 | 7 | 9 | 8 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 5 | 1 | 4 |
| 9 | 1 | 2 | 8 | 7 | 3 | 6 | 4 | 5 |
| 8 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 3 | 7 | 1 |
| 7 | 3 | 5 | 1 | 6 | 4 | 8 | 2 | 9 |

# STUÐ MILLI STRÍÐA Übersexuall

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** ER EKKI KYNÓSA



Metrómaðurinn er dauður og í hans stað er komin ný tegund, hinn svokallaði übersexual-maður. Þessu heldur að minnsta kosti Marian Salzman, konan sem skilgreindi metrómanninn fyrst allra, fram í nýrri bók.

Samkvæmt Salzman varð hégóminn metrómanninum að bana. Maki hans hreifst í fyrstu af vel til höfðum metrómanninum en það snerist upp í andhverfu sína þar sem hann hafði meiri áhuga á snyrtimennskunni en makanum sjálfum.

Menn sem eru übersexual kæra sig hins vegar kollótta um slíkan hégóma. Þeir eru karlmennskan uppmáluð, sjálfstæðir, þreknir og með grófa skeggbrodda, eru stoltir af villta makkanum, drekka bjór og eta steik, eiga dýr og töff föt, og hrífast af ástarsenum og ofurhetjum í bíómyndum. Íslenska orðið yfir übersexuall er líklega kynósa, þar sem kynþokkinn drýpur af hverjum lim.

Á þeim rúmu tveimur árum sem metrómaðurinn hefur verið inni hef ég átt í hálfgerðri tilvistarkreppu – ég hef verið utanveltu. Ég nota ekki andlitskrem, plokka ekki á mér augabrúnirnar, á ekki föt frá frægum fatahönnuðum og kaupi húsgögnin mín í Ikea. Fyrir vikið hefur mér liðið eins og hálfgerðum Neanderdalsmanni við hliðina á öllum þessum penu og vel til höfðu mönnum. Og það á ekki eftir að breytast nú þegar übersexual-maðurinn stígur fram. Ég er langt undir kjörþyngd og er algjör beinasleggja, taðskegglingur með meiru, með há kollvik sem ég reyni að greiða yfir, finnst bjór ágætur í hófi, borða mikið grænmeti, geng í flíspeysu frá 66° norður sem ég hef átt í tvö ár, roðna þegar ég sé ástarsenur í sjónvarpinu og ein helsta bíómyndahetjan mín er Billy Elliott. Úff! Ég er eins langt frá því að vera übersexual og hugast getur.

Tilvistakreppu minni er langt frá því lokið. Ég ætla þó ekki að gefast upp. Tími Neanderdalsmannsins mun einhvern tímann renna upp og þá mun ég vita manna best hvað þykir töff og trendí. Bíðið þið bara!

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB



## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





# Konur athugið!

## Okkar rómuðu konukvöld eru að hefjast aftur...

Fyrsta konukvöldið verður í verslun Húsasmiðjunnar
í Grafarholti miðvikudaginn 19. október.





## Dagskrá

**19:00 Húsið opnar.** Léttar veitingar

**19:45 Halldór Kr. Sigurðsson** konfektmeistari kennir réttu handtökin við konfektgerðina.

**21:00 Dansatriði.** Aðalsteinn Kjartansson og Rakel Guðmundsdóttir sýna dans.

**21:15 "Hvernig virkar þessi borvél eiginlega?"**
Edda Björgvinsdóttir kennir konum réttu handtökin við notkun borvéla.

Skráning fer fram í síma 525 3000 en einnig er hægt að skrá sig á netfangið konfekt@husa.is. Takmarkaður fjöldi. Þátttökugjald 1.200 kr.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

# Dansað í Danmörku

Íslenski dansflokkurinn heldur útrás sinni áfram og frumsýnir þrjú verk í Baltoppen leikhúsinu í Kaupmannahöfn núna á fimmtudaginn. Þar af tvö ný verk sem samin hafa verið fyrir flokkinn. Sömu verk verða síðan frumsýnd á Íslandi á stóra sviði Borgarleikhússins í byrjun nóvember.

Nýju verkin tvö eru Wonderland eftir Jóhann Frey Björgvinsson og Critics choice? eftir Peter Anderson. Þeir eru báðir ungir íslenskir karldansarar sem fá nú sitt fyrsta tækifæri til að semja verk fyrir Íslenska dansflokkinn á stóra sviði Borgarleikhússins.

Jafnframt tekur dansflokkurinn upp að nýju verkið Pocket Ocean eftir portúgalska danshöfundinn Rui Horta sem samdi verkið árið 2001 sérstaklega fyrir Íslenska dansflokkinn.

Dansflokkurinn heldur síðan áfram ferðalagi sínu og sýnir þessi þrjú verk í Árósum á föstudaginn. Í Árósum sýnir flokkurinn einnig sitt víðförla verk „Við erum öll Marlene Dietrich FOR“ eftir Ernu Ómarsdóttur og Emil Hravatin.

Þaðan fer Marlenehópurinn til Modena á Ítalíu og tekur þátt í listahátíðinni þar í borg með tveimur sýningum á Marlene. Lokaviðkomustaður í þessari sýningarferð er Helsinki þar sem Marlene verður sýnd 1. nóvember.

Heimkominn vindur flokkurinn sér í frumsýningu á haustsýningu sinni föstudagskvöldið 4. nóvember.



## > Ekki missa af ...

... sýningum í Norræna húsinu á þeim tíu kvikmyndum sem tilnefndar voru til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs í ár. Í dag verður sýnd íslenska myndin **Dís** og finnska myndin **Paha Maa**.

... sýningu á verkum 28 íslenskra myndhöggvara sem nú stendur yfir í Hafnarborg í Hafnarfirði.

... rússnesku kvikmyndahátíðinni sem þessa dagana stendur yfir í Kórnum í Bókasafni Kópavogs. Þar eru meðal annars sýndar myndir eftir **Tarkovskí, Eisenstein** og **Elem Klímov.**



SYSTURNAR ÞÓRA FRÍÐA OG SIGNÝ Heiðra minningu Þorsteins Gylfasonar með því að syngja þýðingar hans og þrjú lög eftir hann sjálfan á Háskólatónleikum á morgun, sem að þessu sinni verða haldnir í Hátíðarsal Háskóla Íslands. E.ÓL.

# Heiðra Þorstein með söng

**Fyrstu Háskólatónleikar vetrarins verða helgaðir Þorsteini Gylfasyni heimspekingi. Systurnar Signý og Þóra Fríða Sæmundsdóttur flytja í hádeginu á morgun lög eftir Þorstein og þýðingar hans.**

„Hann Þorsteinn var mikill áhugamaður um tónlist og var mjög vel heima í flestum tónlistarstílum,“ segir Signý Sæmundsdóttir sópransöngkona. „Fyrir utan allt það starf sem hann vann í sínu fagi þá er það fyrst og fremst þessi mikli tónlistaráhugi og þýðingarnar hans sem standa eftir í dag.“

Þorsteinn Gylfason heimspekingur lést fyrir skömmu, 63 ára að aldri. Rómaðar þýðingar Þorsteins á ljóðum og söngtextum eru fjölmargar og hafa verið gefnar út á tveimur bókum, Sprek af reka og Söngfugl að sunnan.

Þorsteinn var einn af upphafsmönnum þess að efna til reglulegra Háskólatónleika, sem hafa verið haldnir í hádeginu á miðvikudögum í Norræna húsinu.

„Þetta eru fyrstu tónleikarnir í röð vetrarins og ákveðið var að heiðra minningu hans með þeim,“ segir Signý. „Þeir verða haldnir Hátíðarsal Háskólans, sem er mjög vel við hæfi.“

Dagskráin hefst með því að Signý flytur ásamt systur sinni, Þóru Fríðu Sæmundsdóttur píanóleikara, þrjú lög eftir Þorstein sjálfan, sem hann samdi þegar hann var rétt skriðinn yfir tvítugt. Þau eru samin við ljóð Tómasar Guðmundssonar, en faðir Þorsteins, Gylfi Þ. Gíslason, samdi sem kunnugt er fjölmörg lög við ljóð Tómasar.

„Mig minnir að hann Þorsteinn hafi sagt að það hafi verið sönglagakeppni milli þeirra feðga á Aragötunni. Þeir voru báðir miklir Tómasarmenn.“

Þessi Tómasarlög Þorsteins heita „Þrír söngvar við sundin blá“ og eru samin við kvæði Tómasar, Um sundin blá, Angið, angið rósir og Ég kom og kastaði rósum.

Síðan taka við lög eftir erlendu tónskáldin Rakhmaninov, Grieg, Schubert, Tosti og Donizetti. Allir textarnir eru í þýðingu Þorsteins.

Textann við síðasta lagið á efnisskrá tónleikanna, sem heitir Hús við hafið og er eftir Donizetti, þýddi Þorsteinn sérstaklega fyrir Signýju vorið 2003 og hún flutti það skömmu síðar á tónleikum í Listasafni Sigurjóns.


THE TURN OF THE SCREW EFTIR BENJAMIN BRITTEN

Tökin hert

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning- ÖRFÁ SÆTI LAUS
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 – Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN



★★★★ -DV

Frábær fjölskylduskemmtun!
- Fréttablaðið



Annie

18. sýn. laug. 22/10 kl. 15
Annie; Solveig
19. sýn. sun. 30/10 kl. 14
Annie; Thelma Lind
20. sýn. fim. 3/11 kl. 19
Annie; Lilja Björk

eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN

Miðasala í s:551 4700 alla daga frá kl.13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓI

www.annie.is • www.midi.is



BORGARLEIKHÚSIÐ

STÓRA SVIÐ

SALKA VALKA
Mi 19/10 kl. 20 Styrktarsýning MND félagið á Íslandi,
Fö 21/10 kl. 20 gul kort,
Lau 22/10 kl. 20 rauð kort
Su 30/10 kl. 20 græn kort
Fi 3/11 kl. 20 blá kort

WOYZECK
Fi 27/10 kl. 20. Forsýning UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20. Frumsýning UPPSELT
Lau 29/10 kl. 20 gul kort, Lau 5/11 kl. 20 rauð kort, Fi 10/11 kl. 20 græn kort,
Fö 11/11 kl. 20 blá kort

Aðeins þessi eina aukasýning eftir
Su 23/10 kl. 20

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Su 23/10 kl. 14, UPPSELT Su 30/10 kl. 14, Su 6/11 kl. 14

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

LÍFSINS TRÉ
Fi 27/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20, Fi 3/11 kl. 20, Fö 4/11 kl. 20
Lau 5/11 kl. 20, Fi 10/11 kl. 20,
Fö 11/11 kl 20

FORÐIST OKKUR
Aðeins sýnt í október. Nemendaleikhúsið / CommonNonsense. e. Hugleik Dagsson.
Mi 19/10 kl. 20, Fi 20/10 kl. 20, Fö 21/10 kl. 20,
Lau 22/10 kl. 20

MANNTAFL
Lau 22/10 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Sun 23/10 kl. 20 UPPS. Þri 25/10 kl. 20 UPPS.
Lau 29/10 kl. 20 UPPS, Sun 30/10 kl. 20 UPPSELT, Sun 6/11 kl. 20 AUKASÝN.

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á Híbýli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

Sími miðasölu 568 8000
www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus. Sýnt í október og nóvember.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 23/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus

EDITH PIAF
Sun. 23/10 uppselt, sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 aukasýning - uppselt.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN
Í kvöld þri.18/10 uppselt, mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10 nokkur sæti laus, mið. 26/10 uppselt, sun. 30/10. Síðustu sýningar.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELSI
Forsýningar mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt.
Frumsýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10, fim. 3/11, lau. 5/11.
Sýnt í október og nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN
Mið. 19/10 kl. 22:30 - Tónlist fyrir Tíbet - góðgerðartónleikar
Fím. 20/10 kl. 22:30 - Iceland Airwaves
Fös. 21/10 kl. 22:30 - Iceland Airwaves
Lau. 22/10 kl. 22:30 - Iceland Airwaves
Sun. 23/10 kl. 21:00 Múlinn - Kvartettinn Lo5

Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.






Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
Aukasýning vegna mikillar aðsóknar
Sunnudagur 23. okt. kl: 16:30



HIMNARÍKI

AUKASÝNING 20. OKT. örfá sæti laus
11. sýn fös 21 okt örfá sæti laus
12. sýn lau 22 okt örfá sæti laus
13. sýn fös 28 okt
14. sýn lau 29 okt
15. sýn fös 4 nóv
16. sýn lau 5 nóv
17. sýn fös 11 nóv

# Leiftrandi húmor og seiðmagnað leikhús

LEIKHÚS

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Halldór í Hollywood**

Sýnt í Þjóðleikhúsinu / Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson / Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir / Leikmynd: Frosti Friðriksson/ Búningar: Þórunn Elísabet Sveinsdóttir/ Lýsing: Páll Ragnarsson/ Tónlist: Jóhann G. Jóhannsson og Árni Heiðar Karlsson / Leikarar: Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson, Jóhann Sigurðarson, Edda Björgvinsdóttir, Kjartan Guðjónsson, María Pálsdóttir, Margrét Kaaber, Randver Þorláksson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Selma Björnsdóttir, Rúnar Freyr Gíslason og Unnur Ösp Stefánsdóttir/ Hljóðfæraleikarar: Árni Heiðar Karlsson, Andrés Þór Gunnlaugsson, Gunnar Hrafnsson og Ólafur Jónsson.

**Niðurstaða:** Sýning Þjóðleikhússins er með hreinum bravör hvar sem borið er niður. Vinna listamannanna er til fyrirmyndar og hvergi feilspor stigið.

Ég veit ekki hvar á að byrja. Vil vera spar á lýsingarorðin svo þau glati ekki merkingu sinni. Fór ekki með neinar væntingar í leikhúsið. Sveif út að sýningu lokinni.

Öll umfjöllun fyrir sýninguna fór framhjá mér og ég gerði satt að segja lítið til að afla mér upplýsinga sérstaklega. Geri það yfirleitt ekki. Læt mér nægja að mæta í leikhús eins og hver annar áhorfandi og deili svo upplifun minni með lesendum.

Í stuttu máli: Sýning Þjóðleikhússins er með hreinum bravör hvar sem borið er niður. Vinna listamannanna er til fyrirmyndar og hvergi feilspor stigið. Leikmynd Frosta Friðrikssonar er glæsileg og ekki spillir falleg lýsing Páls Ragnarssonar fyrir þar sem hver litatónn er vandlega stilltur og búningaval Þórunnar sérdeilis smekklegt eins og við er að búast. Hún hefur sérlega gott auga fyrir samsetningu og pælir ofan í smæsta saumspor.

Allt svo stílhreint, litríkt og svo stemningsfullt hvar leikstjórinn hefur fágað hverja hreyfingu og hvert smáatriði svo undursamlegt er á að horfa. Engin tilgerð í sviðslausnum heldur einhvern veginn allt svo sjálfsprottið og áreynslulítið þrátt fyrir ýmis sniðugheit. Þau báru þó aldrei efnið ofurliði heldur spilaði allt svo einstaklega vel saman.

Hljómsveitin sýnileg á sviðinu allan tímann og tónlistin með heimsklassa yfirbragði. Sönglögin frábærlega smíðuð, kliðmjúk í eyrum og risu í



**HALLDÓR Í HOLLYWOOD** Jóhann Sigurðarson og Atli Rafn Sigurðarson í hlutverkum sínum ásamt Jóhanni G. Jóhannssyni við píanóið.

hæstu hæðir þegar Selma Björnsdóttir af fádæma öryggi söng þau inn að hjartarótum manns, enda vart annað hægt með slíkar ljóðlínur og laglínur í munni.

Leikhópurinn virkaði vel alla sýninguna. Ólafur Haukur kann vel til verka þegar kemur að leikhússkrifum en auk þess notast hann við texta Halldórs Laxness sjálfs og stundum má vart á milli sjá hvar Ólafi Hauki sleppir og Halldór tekur við eða öfugt.

En upp úr þessum suðupotti tekst leikstjóranum að veiða magnaðan seið og ég verð að viðurkenna að brosið fór varla af mér meðan á sýningu stóð.

Lífshlaup Halldórs Laxness er efni í mörg leikrit og margar bíómyndir í sjálfu sér og hvað kann að vera satt og rétt í þeim efnum skiptir engu máli í svona sýningu. Minning skáldsins er heiðruð á skemmtilegan og nærgætinn hátt og til þess fallin að þeir sem yngri eru finni hjá sér hvöt til að kynna sér hann og verk hans gaumgæfilegar en áður, en fyrst og síðast án þess að setja sig í hátíðlegar stellingar því Halldór var eins og hann segir sjálfur í verkinu: Íslendingur rétt eins og við.

Leikararnir vinna allir af stakri fagmennsku og hvergi veikan blett að finna þótt ekki séu stjörnurullur í boði fyrir hvern og einn. Kjartan Guðjónsson verður þó að fá prik ef ekki tvö fyrir Chaplin.

Sýning þessi er borin uppi af einum leikara, Atla Rafni Sigurðarsyni. Honum ferst það vel úr hendi og það er ekki á neinn hallað þegar maður slengir fram þeirri gamalkunnu klisju að hann hafi verið „stjarna kvöldsins". Hann var sannarlega stjarna kvöldsins enda hlutverk Halldórs eina stjörnurullan í boði í þessu verki. Atli sýnir stjörnuleik og það segir allt sem segja þarf. Þjóðleikhúsinu er sómi að því að bjóða upp á þessa sýningu og heiðra þannig minningu Nóbelsskáldsins.








Átaksvika – Tölum um kynhneigð 17. til 23. október

KYNHNEIGÐ ÞÍN ER EKKI VANDAMÁL
PÖGNIN ER ÞAÐ!

1717

Hringdu í **1717** – Hjálparsíma Rauða krossins

Við hlustum á þig
Við upplýsum um úrræði
Við bendum þér á leiðir

**1717 - Hjálparsími Rauða krossins** er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem finnst þeir vera í vanda og þurfa einhvern til að tala við. Símtal í 1717 er gjaldfrjálst og kemur hvergi fram á símreikningum.

Rauði kross Íslands




Hvort sem þú ert einstaklingur í atvinnuleit eða stjórnandi að leita að góðum starfskrafti er **allt – atvinna** lausnin fyrir þig.
**allt – atvinna** er dreift með Fréttablaðinu inn á **95 þúsund heimili** alla sunnudaga .

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

Fíton/SÍA F1014629




# Sprengjuhótun til að sleppa við vinnu

Srílönsk flugfreyja hefur vakið talsverða athygli í heimlandi sínu og víðar vegna óhefðbundinnar aðferðar til að komast undan vinnu. Flugfreyjan hafði víst öðrum hnöppum að hneppa en að mæta í flug og tilkynnti því símleiðis að sprengja væri um borð í flugvélinni.

Konan játaði á sig sökina eftir að símtalið var rakið til síma unnusta hennar, samkvæmt því sem kemur fram í vikublaði í Srí Lanka, en flugmálayfirvöld hafa ekki fengist til að staðfesta fréttirnar. Á undanförnum mánuðum hafa tvær aðrar sprengjuhótanir borist srílönskum flugmálayfirvöldum. Í hvorugt skiptið fannst sprengja um borð en í seinna tilvikinu lést einn og 20 slösuðust í troðningi sem myndaðist þegar farþegar reyndu að flýja úr vélinni í dauðans ofboði.

Flugfreyjunni yfirlýsingaglöðu mun hafa verið sagt upp störfum og getur því varið tíma sínum hvernig sem hún vill.



**FARÞEGAFLUGVÉL** Flugfreyjan hafði víst öðrum hnöppum að hneppa en að mæta í flug.

## VETRARTÍSKAN 2005



Tími leðurhanskanna er að ganga í garð og þá er ekki verra að hafa þá skrautlega. Það er voðalega leiðinlegt að vera ávallt í svörtu frá toppi til táar. Bleikir leðurhansar myndu því redda heilmiklu svo ekki sé talað um bleikan varalit. Þessir eru úr versluninni Kultur í Kringlunni.




# Fjörugt útgáfuteiti vegna Grapevine Airwaves

Þrjú blöð undir heitinu Grapevine Airwaves 2005 verða gefin út frá næstkomandi föstudegi til sunnudags.

Tilefni útgáfunnar er tónlistarhátíðin Iceland Airwaves sem hefst í Reykjavík á morgun. Í blöðunum verður lögð aðaláhersla á umfjallanir um þá tónleika sem haldnir voru kvöldið áður. Einnig verður fjallað um það sem hægt er að hafa fyrir stafni hér á landi meðan á hátíðinni stendur.

Útgáfuteiti vegna blaðanna var haldið í húsakynnum The Reykjavík Grapevine í Faxaskálanum fyrir skömmu. Boðið var upp á vodka og pönnukökur og vakti það mikla lukku á meðal viðstaddra. Fjöldi tónlistarmanna og áhugamanna um tónlist mætti á staðinn og var spenningurinn að sjálfsögðu mikill fyrir komandi tónlistarhátíð.



**DR. AND MR. HANDSOME** Ívar, Guðni, Egill og Pétur úr hljómsveitinni Dr. and Mr. Handsome mættu í teitið.



**GUNNAR, SIGURÐUR OG SINDRI ELDON** Sonur Bjarkar Guðmundsdóttur var í góðu stuði ásamt þeim Gunnari og Sigurði.



**SVEINN HEIMIR BJÖRNSSON** Á meðal gesta í Faxaskálanum var Sveinn Heimir Björnsson.



**ÞÓRDÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR BACHMANN OG PAUL NIKOLOV** Leikritahöfundurinn Þórdís Elva mætti til veislunnar ásamt Paul Nikolov.



**HEIÐA Í UNUN** Heiða, sem áður var í Unun, er nú í rokk- og rafdúettinum Hellvar.



Office1Superstore

# Frábær tilboð í Office 1




## Prentari

**HP COLOR LASERJET 2550L**
Vörunr. Q3702A
- Prenttækni: 4 -pass colour laser printing technology
- A4: Allt að 19 í svörtu, 4 í lit bls á mín
- Prentun fyrstu bls.: 18 sek.
- Upplausn:600x600dpi í svörtu, 2400dpi í lit
- Litatækni: Imageret 2400
- Örgjörvi: 264MHz
- Minni: 64 MB (mest 192MB)
- Mánaðarnotkun: 30.000 bls.
- Pappírsbakki: 125 bls.
- Útbakki: 125 bls.
- Pappír: 60-105gr
- Tungumál: HP PCL6, HP PostScript stig 3 emulation
- Tengi: USB 2.0, Paralell

25.000,- verð lækkun

**34.900,-**

*Verð áður 49.900,-*

## Borðtölva

**HP Compaq D530 USDT lítil borðvél**




Standur fylgir þannig að vélin geti staðið upprétt

**HP Compaq D530 USDT lítil borðvél**
- Ultra Slim Desk Top
- Örgjörvi: Intel Pentium 4 3.0GHz, Intel 865G
- Hyper Thread tækni
- Minni: 512MB 333MHz DDRAM (mest 2GB)
- 40GB SMART III Ultra ATA/100 (7200rpm)
- Drif: MultiBay DVD
- Skjákort: Intel Extreme II
- Hljóðkort: SoundMax Digital Ac97
- Innbyggt Broadcom NetXtreme 10/100/1000
- Tengi: 6 USB (2 að framan)
- Raufar: 1 PCI
- Mús: USB skrunmús
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Pro
- Ábyrgð: 3ja ára (3-3-3)

Aðeins 8stk.

**79.900,-**

*Verð áður 129.900,-*

## Geisladiskar

**01 geisladiskar**
**25 á spindli**
Vörunr 7203000090004



**1.295,-**

## Geisladiskar

**01 geisladiskar**
**50 á spindli**
Vörunr 7203000090022



**2.295,-**

## Flatur skjár

**17" HP L1740 TFT LCD Skjár**
PL766AA
- Upplausn: 1280x1024 60Hz
- Sjónarhorn: 150ølárétt, 135ølóðrétt
- Punktastærð: 0.264mm
- Birta í nits: allt að 300 nits
- Skerpa: allt að 500:1
- Viðbragðstími: 13ms (rise + fall)
- Innbyggður 2ja porta hub
- Snúningur og hæðarstilling
- Anti-Glare/Anti-Static
- Tengi: Dual input VGA, Analog/DVI
- Ábyrgð: 3ja ára (3-3-3)



**29.900,-**

*Verð áður 33.300,-*

**Afgreiðslutímar verslana!**

*Office 1 Smáralind*
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
*Office 1 Skeifunni 17*
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
*Office 1 Akureyri, Egilsstöðum OG Ísafirði.*
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16



Office1Superstore










# Pakkaferðir á tónleika Sigur Rósar

Flugfélagið Icelandair býður nú Dönum, Svíum og Norðmönnum upp á pakkaferðir á tónleika Sigur Rósar í Laugardalshöll 27. nóvember.

Líklega munu fleiri lönd bætast við á næstunni og því væntanlega færri komast að en vilja á tónleikana. Pakkinn hljóðar upp á flug til Íslands, þrjár nætur á hóteli og miða á tónleikana sem verða þeir fyrstu sem Sigur Rós hefur haldið hér á landi í tæp þrjú ár.



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós heldur sína fyrstu tónleika hér á landi í tæp þrjú ár þann 27. nóvember.

# Margt býr í myrkrinu

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Ég stend fastur á því að fátt sé sálartetrinu jafn hollt og góður hryllingur. Aristóteles fann þetta út fyrir margt löngu þegar hann skilgreindi hreinsunaráhrif fornu grísku harmleikjanna. Hryllingsmyndir gegna svipuðu hlutverki í nútímanum. Þær gefa okkur tækifæri til þess að horfast í augu við ótta okkar, ganga inn í hann, nokkuð örugg en samt aldrei viss um að við séum hólpinn.

Það hefur skemmt fyrir þessari ágætu kvikmyndagrein að megnið af framleiddum hryllingsmyndum eru rusl þannig að það er mikið gleðiefni þegar góðir tryllar á borð við The Descent rata í bíó. Þetta er kjarngott andans fóður sem kemur hressilega við kauninn á áhorfendum.

The Descent segir frá nokkrum ævintýragjörnum vinkonum sem hafa gaman af því að reyna á þolrifin til hins ítrasta. Þær skella sér því í hellasig í Colorado en sú skemmtiferð breytist snögglega í hið mesta feigðarflan. Hellirinn sem þær velja sér er ókannaður og þegar þær lokast þar inni komast þær að því að þar búa skaðræðisskepnur sem vilja ekkert frekar en að éta þær lifandi.

The Descent sækir slagkraft sinn í nokkrar helstu fóbíur sem gera mannkyninu lífið leitt svo sem lofthræðslu, innilokunarkennd og myrkfælni. Eins og þetta sé ekki nóg þá blanda ógeðslegar mannætur, sem virðast náskyldar Gollum í Lord of the Rings, sér svo í spilið.

Þegar lætin byrja fyrir alvöru slær leikstjórinn hvergi af og keyrslan og klippingar eru svo hraðar að maður verður alveg ruglaður í ríminu í þrengslum hellisins. Ofbeldið er vægast sagt grafískt og blóði er miskunnarlaust slett og bein og hauskúpur mölvast hægri vinstri þannig að oft þakkar maður fyrir myrkrið til þess að þurfa ekki að horfa á allan viðbjóðinn.

Neil Marshall vakti athygli með Dog Soldiers árið 2002 og hér sýnir hann enn frekar hvers hann er megnugur. The Descent er þrushrollur sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Þess ber þó að geta að eitthvað er um að viðkvæmar sálir eigi erfitt með svefn eftir að hafa setið undir myndinni. Betri meðmæli getur hryllingsmynd ekki fengið.

**Þórarinn Þórarinsson**



**THE DESCENT**

**LEIKSTJÓRI:** NEIL MARSHALL

**AÐALHLUTVERK:** MYANNA BURING, NATALIE JACKSON MENDOZA, MOLLY KAYLL, SHAUNA MACDONALD

**Niðurstaða:** The Descent er þrusuhrollur sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Þess ber þó að geta að eitthvað er um að viðkvæmar sálir eigi erfitt með svefn eftir að hafa setið undir myndinni. Betri meðmæli getur hryllingsmynd ekki fengið.

















**DÚNDURFRÉTTIR** Hljómsveitin Dúndurfréttir heldur upp á tíu ára afmæli sitt um þessar mundir.

# Dúndurfréttir tíu ára

*Í tilefni af tíu ára afmæli hljómsveitarinnar Dúndurfrétta ætlar hún að halda ferna tónleika í næstu viku.*

Þriðjudaginn 25. október munu þeir félagar spila bestu lög Pink Floyd og á fimmtudeginum þar á eftir spila þeir bestu lög Led Zeppelin, Deep Purple og Uriah Heep. Tónleikarnir verða í Austurbæ og hefjast bæði kvöldin klukkan 20.00 og svo aftur klukkan 22.30. Miðasala fer fram í Austurbæ og á midi.is. Miðaverð er 2.500 krónur.

# Eye Toy Kinetic kominn út

Líkamsræktarleikurinn Eye Toy Kinetic er kominn út fyrir Playstation 2-leikjatölvurnar.

Leikmenn geta valið úr fjölda leikja sem skipt er í fjóra meginflokka, eða tekið þátt í æfingaprógrammi sem er sérhannað fyrir hvern og einn. Allt sem þarf er PlayStation 2-tölva og EyeToy-myndavél.

Leikurinn er hannaður í samstarfi við líkamsræktarsérfræðinga Nike og þykir henta vel fyrir fólk sem vill vera góðu formi.



**EYE TOY** Líkamsræktarleikurinn Eye Toy býður upp á æfingar sem eru sérhannaðar fyrir hver og einn.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Keramik fyrir alla
Saumaklúbbar, Vinnustaðir...

Bókið eigið kvöld.
Uppgötvið listamanninn í ykkur.
Komið að mála keramik.
Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is






## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„This is Tommy. He tells people he's named after a gun, but I know he's named after a famous 19th century ballet dancer.“**

**Svar:** Turkish úr kvikmyndinni Snatch árið 2000.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON HORFIR BARA Á MORÐ Í SJÓNVARPI.

# *Morð getur bjargað deginum*

Stundum á ég mikinn tíma sem ég þarf að sóa og þá þarf ég að setja allt mitt traust á Skjá einn. Einfaldlega vegna þess að sú töð sýnir mest af sakamálaþáttum en ég nenni hreinlega ekki að sitja undir sjónvarpsefni nema í það minnsta tveir til þrír séu drepnir.

Ég hef það á tilfinningunni að það sé eins komið fyrir fleirum en mér og undrast því hversu lítið fer fyrir morðum og ofbeldi á öðrum vígstöðvum. Sirkus keppir við Skjá einn og ekkert nema gott um það að segja nema þar á bæ klikkar fólk alveg á glæpunum. Þrátt fyrir viðleitni Skjás eins með Law&Order, CSI og CSI:New York fyllir hann ekki tómarúmið í lífi mínu þessa dagana. Það myndi því koma sér vel ef Sirkus tefldi fram svona eins og þremur spennuþáttum.



**CSI:NEW YORK** Þetta ágæta fólk getur stytt manni stundir á löngum vetrarkvöldum.

Annars finnst mér það auðvitað átakanlegt og sorglegt að ég skuli brenna upp dýrmætum tíma yfir þáttum eins og Law&Order og CSI. Þetta er þvottekta afþreying sem skilur nákvæmlega ekkert eftir sig. Þátturinn sem maður er að horfa á er ekki einu sinni búinn þegar maður er búinn að gleyma því um hvað hann er. Sæmilega langt auglýsingahlé í miðjum klíðum er stundum nóg til þess að maður gleymi því hvað er að gerast. Samt er þetta einhver undarleg fíkn og maður er alltaf tilbúinn til þess að týna sér fyrir framan sjónvarpið kvöld eftir kvöld. Þriðjudagskvöldin eru þó vísu undantekning af því að þá bregst Skjár einn skyldu sinni við iðjuleysingjann og býður upp á viðbjóð eins og Judging Amy og Innlit/Útlit. Ekki mikið verið að úthella blóði þar. Þarna ætti Sirkus að koma mér til bjargar. Ja, eða ekki. Jólabókaflóðið er sem betur fer brostið á og ég get lagst yfir reyfara frá öllum heimshornum næstu vikurnar. Jafnvel vond bók skilur meira eftir sig og gerir meira fyrir mann en meðal CSI þáttur.



▶ 20.40 *Spenna*

VERONICA MARS



▶ 20.30 *Raunveruleiki*

AMAZING RACE 7



▶ 20.30 *Keppni*

IDOL EXTRA



▶ 21.00 *Lífsstíll*

INNLIT / ÚTLIT



▶ 21.20 *Fótbolti*

MANCHESTER UNITED – LILLE

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (8:25) **18.25** Tommi togvagn (3:26)

**18.30 Gló magnaða (21:21)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.40 Veronica Mars (4:22)** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
**21.25 Hrjóta ekki allir?** Fræðslumynd um kæfisvefn sem er lúmskur sjúkdómur sem stafar af skorti á súrefnisupptöku í blóðið meðan fólk sefur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Lögmál Murphys (5:5)** (Murphy's Law) Breskur spennumyndaflokkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.50** Kastljós **0.50** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Perfect Strangers **13.25** Married to the Kellys (e) **13.45** Einu sinni var **14.15** The Guardian **15.00** Monk **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons 9**
**20.00 Strákarnir**
▶ **20.30 Amazing Race 7 (7:15)** (Kapphlaupið mikla) Ellefu lið eru mætt galvösk til leiks, reiðubúin til þátttöku í sjöunda Kapphlaupinu. Þekktustu keppendurnir eru án efa skötuhjúin úr Survivor, Rob og Amber.
**21.15 Hustle (2:6)** (Svikahrappar)Breskur myndaflokkur um svikahrappa sem svífast einskis. Bönnuð börnum.
**22.05 LAX (12:13)** (Mixed Signals) Hörkuspennandi myndaflokkur.
**22.50 Crossing Jordan (8:21)** (Réttarlæknirinn) Hörkuspennandi þættir.

**23.30** Deadwood (4:12) (Str. b. börnum) **0.20** Road Ends (Str. b. börnum) **1.55** The Rats (Str. b. börnum) **3.20** Fréttir og Ísland í dag **4.25** Ísland í bítið **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Veggfóður** Hönnunar og lífsstílsþáttur.
**20.00 Friends 4 (3:24)**
▶ **20.30 Idol extra 2005/2006** Nú fáum við að sjá enn meira af því sem gerist á bakvið tjöldin ásamt því að leynigestur kíkir á svæðið.
**21.00 Laguna Beach (3:11)** Einn ríkasti og fallegasti strandbær veraldar og Sirkus er með ótakmarkaðan aðgang að átta moldríkum ungmennum sem búa þar.
**21.30 My Supersweet (3:6)** Raunveruleikaþáttur frá MTV.
**22.00 HEX (3:19)** Yfirnáttúrulegir þættir.
**22.45 Kvöldþátturinn** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur.

**23.15** Fashion Televison (3:4) **23.45** David Letterman **0.30** Friends 4 (3:24) **0.55** Kvöldþátturinn

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 7. þáttaröð **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30 Silvía Nótt – NÝTT! (e)**
**20.00 Design Rules** Hefur þú reynt betrumbætur heima hjá þér og komist að því að litasamsetningin sem var svo falleg í blaðinu hentar alls ekki í stofunni þinni?
**20.30 Allt í drasli** Allt í drasli hóf göngu sína síðasta vetur og vakti mikla lukku!
▶ **21.00 Innlit / útlit** Innlit/útlit hefur göngu sína á ný á Skjá einum en þetta er sjöunda þáttaröðin enda á þátturinn miklum vinsældum að fagna og ekkert lát virðist þar á.
**22.00 Judging Amy**
**22.50 Sex and the City – 1. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor Guatemala (e) **1.00** Cheers – 7. þáttaröð (e) **1.25** Þak yfir höfuðið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN
besta sætið

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**17.00** Olíssport **17.30** UEFA Champions League **18.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**18.30 UEFA Champions League** (Bayern Munchen – Juventus) Bein útsending frá leik Bayern Munchen og Juventus í A-riðli þar sem liðin eru efst og jöfn með fullt hús stiga eftir tvær umferðir.
**20.40 Meistaradeildin með Guðna Berg** Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara yfir gang mála í meistaradeildinni.
▶ **21.20 UEFA Champions League** (Man. Utd. – Lille) Útsending frá leik Manchester United og Lille í D-riðli. Rauðu djöflarnir hafa farið ágætlega af stað í meistaradeildinni og unnu góðan heimasigur í síðustu umferð.
**23.10** Meistaradeildin með Guðna Bergs
**23.50** Ensku mörkin

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.10** Almost a Woman **8.10** Three Seasons **10.00** Calendar Girls **12.00** Spider-Man **14.00** Three Seasons **16.00** Calendar Girls **18.00** Spider-Man **20.00 Almost a Woman** Hugljúf sjónvarpsmynd byggð á minningum Esmeröldu Santiago. **22.00 Shipping News** Þriggja stjarna úrvalsmynd. **0.00** Wakin' Up in Reno (B. börnum) **2.00** Full Frontal (B. börnum) **4.00** Shipping News (B. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Fashion Police **13.00** The E! True Hollywood Story **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** Kill Reality **18.00** E! News **18.30** Style Star **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** The Soup UK **21.30** The Anna Nicole Show **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** Gastineau Girls **0.00** The Soup UK **0.30** The Anna Nicole Show **1.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**18.10** 2005 Þriðjudagur **14.00** Charlton – Fulham frá 17.10 **16.00** Sunderland – Man. Utd frá 15.10 **18.00** Tottenham – Everton frá 15.10

**20.00 Þrumuskot (e)** Farið er yfir leiki liðinnar helgar.
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Chelsea – Bolton frá 15.10** Leikur sem fram fór síðastliðinn laugardag.

**0.00** Birmingham – Aston Villa frá 16.10
**2.00** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Hrjóta ekki allir?** — **Sjónvarpið kl. 21.25**

*Kæfisvefn er sjúkdómur sem hægt er að lækna.*

### *Lúmskur svefnsjúkdómur*



Hrjóta ekki allir? er fræðslumynd um kæfisvefn á Íslandi. Kæfisvefn er lúmskur sjúkdómur sem stafar af skorti á súrefnisupptöku í blóðið á meðan fólk sefur. Margir búa við einskonar vítahring svefntruflana og þreytu án þess að vita að þetta er ástand sem hægt er að lækna. Í þessari nýju íslensku fræðslumynd er meðal annars útskýrt hvað kæfisvefn er og hvernig hægt er að meðhöndla ástandið. Einnig er greint frá viðamikilli langtímarannsókn á kæfisvefni. Umsjónarmaður myndarinnar er Páll Kristinn Pálsson.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.10** Morgunútvarpið **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Hrafnaþing **14.05** Bílaþátturinn e. **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Morgunútvarpið e. **20.50** Allt og sumt **22.50** Á kassanum e. **23.20** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.20** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Fréttir

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.33** Trallala dirrindí **15.03** Hornsteinar **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.30** Bókmenntaárið 1955 **21.10** Púsl **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert: Iceland-Airwaves-hátíðin í Reykjavík og á Rás 2 **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Football: Foot World Cup Season **13.30** Tennis: WTA Tournament Zurich **16.30** Tennis: WTA Tournament Zurich **17.00** Tennis: WTA Tournament Zurich **18.30** Boxing **19.00** Boxing **21.00** Freestyle Motocross: US Tour Milwaukee **21.30** Freestyle Motocross: US Tour Milwaukee **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Snooker: Grand Prix Preston United Kingdom

**BBC PRIME**
**12.00** Two Thousand Acres of Sky **13.00** Teletubbies Everywhere **13.10** Little Robots **13.20** Andy Pandy **13.25** William's Wish Wellingtons **13.30** Boogie Beebies **13.45** Fimbles **14.05** Tikkabilla **14.35** Ace Lightning **15.00** The Life Laundry **15.30** Ready Steady Cook **16.15** The Weakest Link **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Top Gear Xtra **19.00** I'll Show Them Who's Boss **19.40** Hunting Chris Ryan **20.30** Lenny Henry in Pieces **21.00** Casualty **21.50** Holby City **23.00** Joy Adamson **0.00** Great Romances of the 20th Century **0.30** Great Romances of the 20th Century **1.00** Rough Science **1.30** Science Shack

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Super Bat **13.00** When Expeditions Go Wrong: Cave Flood **14.00** Seconds from Disaster: the Bali Bombing **15.00** When Expeditions Go Wrong: Into Galeras Volcano **16.00** Seconds from Disaster: Pentagon 9-11 **17.00** Paranormal?: Lake Monsters **18.00** Super Bat *living Wild* **19.00** When Expeditions Go Wrong: Cave Flood **20.00** Seconds from Disaster: Mount St Helens Eruption **21.00** When Expeditions Go Wrong: Sahara Nightmare **22.00** Air Crash Investigation: Racing the Storm **23.00** Seconds from Disaster: Mount St Helens Eruption **0.00** When Expeditions Go Wrong: Sahara Nightmare

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Big Cat Diary **12.30** Predator's Prey **13.00** Wild South America **14.00** Animal Cops Houston **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Meerkat Manor **17.30** Monkey Business **18.00** Animals A-Z **18.30** Predator's Prey **19.00** Killer Ants **20.00** Miami Animal Police **21.00** Meerkat Manor **21.30** Monkey Business **22.00** K9 Boot Camp **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Killer Ants **1.00** Meerkat Manor **1.30** Monkey Business

**DISCOVERY CHANNEL**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Buena Vista Fishing Club **13.00** Super Structures **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** Extreme Machines **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Extreme Engineering **20.00** Monster Moves **21.00** Deadliest Catch **22.00** Mythbusters **23.00** Forensic Detectives **0.00** Weapons of War

**MTV**
**11.30** Just See MTV **13.00** Pimp My Ride **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Rock Chart **18.00** Newlyweds **18.30** My Super Sweet 16 **19.00** Power Girls **19.30** The Osboumes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Punk'd **21.30** Wonder Showzen **22.00** Alternative Nation **23.00** Just See MTV

**VH1**
**11.30** VH1 Hits **15.00** So 80s **16.00** VH1's Viewers Jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** All Access **20.00** Pop Up Videos **20.30** Beavis & Butthead **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** Fabulous Life Of... **23.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Weddings **12.35** Lofty Ideas **13.00** Staying in Style **13.30** The Review **14.00** Girls Behaving Badly **14.25** The Villa **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Retail Therapy **17.15** The Review **17.40** Girls Behaving Badly **18.05** Staying in Style **18.30** Paradise Seekers **19.00** Design Challenge **19.25** Single Girls **20.15** Sextacy **21.10** Women Talk **21.35** My Messy Bedroom **22.00** Cheaters **23.00** Entertaining With James **23.30** City Hospital **0.25** Girls Behaving Badly **0.50** Completely Hammered **1.15** Innertainment **1.45** The Review

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** B-Daman **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

**JETIX**
**11.50** So Little Time **12.20** Goosebumps **12.50** Black Hole High **13.15** Spiderman **13.40** Moville Mysteries **14.05** Digimon II **14.30** Totally Spies **15.00** W.i.t.c.h **15.30** Sonic X

**MGM**
**12.00** Swamp Thing **13.35** Scalphunters, The **15.20** Intimate Betrayal **17.00** Sweet Lies **18.35** Have You Seen MY Son? **20.05** Double Standard **21.45** Grow Old Along With ME **23.20** Easy Money **0.55** Midnight Witness

**TCM**
**19.00** To Have and Have Not **20.40** Adventures of Don Juan **22.30** San Francisco **0.25** Boys' Night Out **2.15** Rose Marie

**HALLMARK**
**11.00** Hostage for a Day **12.45** Jackie, Ethel, Joan: Women of Camelot **14.15** The Hollywood Mom's Mystery **16.00** The Legend of Sleepy Hollow **17.30** McLeod's Daughters V **18.15** MacShayne: Final Roll of the Dice **19.45** Hercules **21.30** Lonesome Dove: The Series **22.15** They Call Me Sirr **0.00** MacShayne: Final Roll of the Dice **1.30** Lonesome Dove: The Series

**BBC FOOD**
**12.00** Douglas Chew Cooks Asia **12.30** New Scandinavian Cooking **13.00** Antonio Carluccio's Italian Feast **13.30** Worrall Thompson **14.00** The Naked Chef **14.30** Cupid's Dinner **15.00** Ching's Kitchen **15.30** Masterchef Goes Large **16.00** Floyd's India **16.30** Tamasin's Weekends **17.00** Rachel's Favourite Food **17.30** Beyond River Cottage **18.00** Neil Perry Rockpool Sessions **18.30** My Favourite Chef **19.00** My Favourite Chef **19.30** Sophie's Weekends **20.00** Delia's How to Cook **20.30** Neil Perry Rockpool Sessions **21.00** Beauty and the Feast **21.30** Masterchef Goes Large

**DR1**
**13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Dr¢mmehuse **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Dawson's Creek **14.45** Blokken **15.00** Tintin **15.20** H.C. Andersen **15.30** Walter og Trofast: De gale bukser **16.00** B¢rn kommer også på sygehus **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **16.55** Dagens Danmark **17.25** TV Avisen **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Forsvundne danskere **18.30** Hammerslag **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig VI **21.40** OBS **21.45** Clement Direkte **22.25** Arbejdsliv **22.55** Blokken

**SV1**
**12.20** Tarps Elin **13.55** Anslagstavlan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Extra **15.25** Wir in Berlin **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Sagor från Zoo **16.15** Nils och Nisse **16.30** De tre vännerna och Jerry **16.55** Lilla Aktuellt – kortnyheter **17.00** Ofattbara händelser **17.25** Tracks video **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Kommissionen **19.45** 24 Nöje **20.00** Debatt **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Sverige! **21.50** Först & sist **22.35** Sändning från SVT24





## HRÓSIÐ

***...fá Linda Ásgeirsdóttir, Þórunn Lárusdóttir og vinkonur fyrir að halda í þjóðlegar hefðir og taka slátur í sjónvarpsþættinum Þjóðlegt og skemmtilegt sem sýndur var í gær í Ríkissjónvarpinu.***

**DÓTAKASSINN**

# *Nú þarf enginn að týnast*

**Dótið?** Toshiba 903T GPS.

**Sem er?**
Það er orðið langt um liðið síðan eitthvað heyrðist frá farsímadeild Toshiba. Um tíma leit út fyrir að hún hefði verið lögð niður en svo er nú aldeilis ekki. Toshiba og Vodafone kynntu á dögunum þennan nýja síma sem verður að teljast það allra nýjasta í farsímatækninni en síminn er hluti af þriðju kynslóð farsíma. Það er alveg ljóst að nú er ekki langt að bíða þess að síminn verði eina tækið sem við þurfum..

**Kostir?**
Svo að einhvers staðar sé byrjað eru fáir símar á markaðnum í dag með jafn öfluga myndavél. 1,92 pixel og þar að auki er hann með 64MB minni. Þá er skjárinn 2,4 tommur með 240 X 320 upplausn.

Rúsínan í pylsuendanum er þó GPS-afruglari sem gerir notandanum kleift að tengjast kerfinu. Þannig þarf glaður notandi ekki að óttast að hann villist. Þá styður hann flest öll farsímakerfi í heiminum.

**Gallar?**
Landakortin taka umtalsvert pláss af minninu og má reikna að ekki séu nema 10MB eftir fyrir myndir sem teknar eru. Þá má líka velta því fyrir sér hvers slags not venjulegur farsímanotandi hefur af GPS-kerfi. En allt er nú gert í þágu tækjafíklanna og eflaust einhverjir sem eiga eftir að hlaupa upp til handa og fóta þegar þessi sími kemur hingað.

**Verð?**
Ekkert verð er komið á vöruna en vafalaust mun það hlaupa á tugum þúsunda.



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**: **2** hvolf **6** klukka **8** röð **9** leikföng **11** tveir eins **12** aumingi **14** étur allt **16** rás **17** löng **18** niður **20** klukkan **21** ögn.
**LÓÐRÉTT: 1** íþrótt **3** klukka **4** stjórnmál **5** kraftur **7** lofaður **10** mál **13** fugl **15** tigna **16** espa **19** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** kúpa, **6** úr, **8** röð, **9** dót, **11** ll, **12** ómagi, **14** alæta, **16** æð, **17** síð, **18** suð, **20** kl, **21** arða.
**LÓÐRÉTT: 1** júdó, **3** úr, **4** pólitík, **5** afl, **7** rómaður, **10** tal, **13** gæs, **15** aðla, **16** æsa, **19** öö.








**MÍNUS** Rokksveitin Mínus verður ekki á Iceland Airwaves-hátíðinni í ár.

**ROKKSVEITIN MÍNUS:** ENGIR TÓNLEIKAR Á NÆSTUNNI

# Spilar ekki á Airwaves

Rokksveitin Mínus hefur hætt við að spila á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves sem hefst á morgun.

Sveitin átti að spila í Listasafni Reykjavíkur næstkomandi föstudagskvöld og biðu margir tónleikanna með mikilli eftirvæntingu. Mínus er um þessar mundir að vinna að sinni fjórðu plötu og vegna anna við gerð hennar ætlar sveitin ekki að halda neina tónleika þar til platan kemur út snemma á næsta ári.

„Við viljum einbeita okkur að plötunni og þessir tónleikar slíta okkur frá því,“ segir Frosti Logason, liðsmaður Mínus. „Við erum að vinna þetta nýja efni og við viljum frekar leyfa fólki að bíða og fá allt í æð þegar það er orðið fullklárað. Það er alltaf gaman að spila á Airwaves og þetta er í fyrsta sinn sem við erum ekki þar. En við þurfum að forgangsraða og fannst skipta mestu máli að vinna plötuna,“ segir hann. Að sögn Frosta er búið að semja öll lögin á plötuna og eru þau um þessar mundir í mótun í hljóðveri. „Þetta verður nýtt sánd í bland við gamalt,“ segir hann. „Annars er best að leyfa tónlistinni að tala fyrir sig þegar hún verður tilbúin. Síðustu þrjár plötur Mínus og Mínus-Barða platan hafa allar verið mjög ólíkar og það verður eins með þessa, það er alveg öruggt.“

Síðasta plata Mínus, Halldór Laxness, kom út fyrir tveimur árum og fékk hvarvetna frábærar viðtökur, bæði hér á landi og í útlöndum. Því bíða margir spenntir eftir nýju efni frá sveitinni. Síðast gerði Mínus tónlistina við kvikmyndina Strákarnir okkar ásamt Barða Jóhannssyni og þótti hún heppnast mjög vel.

Þrátt fyrir fjarveru Mínus á Iceland Airwaves er ljóst að nóg verður úr að moða fyrir tónlistaráhugamenn. Á meðal sveita sem þar koma fram eru The Fiery Furnaces, Juliette and the Licks, The Zutons, The Mitchell Brothers, Trabant og Junior Senior frá Danmörku.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tökur hafa nú staðið yfir á Ástarfleyinu í nokkra daga við strendur Tyrklands. Enn sem komið er hefur engum orðið meint af volkinu en þau tíðindi hafa hins vegar spurst út að tveir skipverjar hafa fellt hug til sama stráksins. Ástarfleyið verður ekki frumsýnt fyrr en á fimmtudag en hefur þegar vakið athygli á Íslandi og þó víða væri leitað. Í síðustu viku fjallaði tyrkneska ríkissjónvarpið um þáttinn. „Það er eiginlega eins og Tyrkir séu ekki mjög kunnugir svona raunveruleikaþáttum,“ segir einn framleiðendanna en tekur um leið fram að hann sé afar upp með sér yfir áhuga Tyrkja á þættinum. Eins og áður hefur komið fram sóttu hundruð manna um að komast um borð í Ástarfleyið. Það kom framleiðendum þáttanna á óvart „hversu vel þeir sem sóttu um endurspegluðu hið nýja fjölmenningarsamfélag sem Ísland er orðið“.



Danski stórmeistarinn Henrik Danielsen og Kristian Guttesen, framkvæmdastjóri Hróksins, héldu til Afríku á sunnudag á vegum Hróksins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Þetta er önnur Afríkuferð þeirra þar sem þeir munu sem fyrr kynna skáklistina fyrir ungu fólki í Namibíu. Þeir munu þjálfa ólympíulið landsins og kenna skólabörnum skák. Gengið hefur verið frá samkomulagi Hróksins og ÞSSÍ að þessu uppbyggingarstarfi í Afríku verði haldið áfram næstu tvö ár. Henrik segir svona vinnu óhjákvæmilega vera langtímaverkefni. „Það er mjög skemmtilegt að fara í allt öðruvísi samfélag. En það er mikið af glæpum þarna og við verðum að hugsa um öryggi okkar. Vera skynsamir,“ segir Henrik. „Það má kannski segja að við séum að hætta lífi okkar fyrir skákina. Þarna eru eitruðustu snákar í heimi, sporðdrekar, jafnvel sólin er hættuleg,“ sagði Henrik áður en hann hélt af landi brott.




LÍNUÝSA
ÞORSKUR
STÓRLÚDA
SALTFISKUR
OG GELLUR.

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686


# Syngur Bjarkarlagið Hunter

Lag Bjarkar Guðmundsdóttir, Hunter, er að finna á nýrri plötu frá rokksveitinni 30 Seconds To Mars, sem nefnist A Beautiful Lie.

Forsprakki sveitarinnar og söngvari er Hollywood-leikarinn Jaret Leto sem hefur meðal annars leikið í myndunum Fight Club, Requiem for a Dream og Alexander. A Beautiful Lie, sem er önnur plata 30 Seconds to Mars, var lekið á netið fimm mánuðum áður en hún var gefin út og því ákváðu Leto og félagar að setja tvö aukalög á plötuna. Annað þeirra er þeirra útgáfa af Hunter, sem er að finna á plötu Bjarkar, Homogenic, sem kom út 1997.

„Á fyrstu plötunni bjó ég til heim og faldi mig síðan á bak við hann,“ segir Leto á heimasíðu sinni. „Á Beautiful Lie vildi ég nálgast hlutina á persónulegri hátt.“



**JARET LETO** Hljómsveit þessa þekkta Hollywood-leikara nefnist 30 Seconds to Mars.

Næsta kvikmynd Letos er Lord of War með Nicolas Cage í aðalhlutverki. Á næsta ári er síðan væntanleg myndin Lonely Hearts þar sem hann leikur á móti John Travolta.



Óhugnanlegasti
leikur ársins...
spilaðu ef þú þorir..
FEAR
FIRST ENCOUNTER ASSAULT RECON
WWW.WHATISFEAR.COM
PC CD
18+
SIERRA
BaseCamp
KOMINN Í VERSLANIR!
góða skemmtun
sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



KONUNGLEGUR!
ÍSKALDUR FAXE ROYAL
LÉTTUR ÖLLARI




BAKÞANKAR


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## *Núna eða strax*

Jafnréttið kemur af sjálfu sér, sagði einhver pólitíkus. Það mun taka svona tuttugu ár í viðbót og svo kemur það af sjálfu sér, sagði hann dulúðlega, líkt og seiðkarl. Mannréttindi hafa aldrei haft tilhneigingu til að leka inn í samfélög af sjálfu sér. Að baki þeim liggur þrotlaus vinna fórnfúsra með sterka réttlætissýn. Þeir sem ala upp kynslóðir framtíðar í dag, börn í skólakerfinu, hafa ekki tíma. Annað hvort núna eða strax þarf að koma mannréttindamálum í sæmandi horf.

**HÖRMULEG** er sú staðreynd að ekki skuli enn greidd sömu laun fyrir sömu störf í íslensku samfélagi. Konur eru með 72% af launum karla fyrir jafnlangan vinnutíma. Barneignir hafa neikvæð áhrif á laun kvenna en jákvæð áhrif á laun karla. Konur uppskera ekki í samræmi við menntun sína. Konur í fyrirtækjarekstri hafa verri aðgang að fjármagni. Umönnunarstörf eru með lægst launuðu störfum á vinnumarkaði. Rödd kvenna er veik í fjölmiðlum. Konur hafa aldrei verið helmingur þingmanna. Konur njóta ekki jafnréttis á við karla.

**KLÁMVÆÐING** og kvenfyrirlitning veður uppi í smáu og viðkvæmu samfélagi – sorgleg staðreynd sem uppalendur glíma daglega við. Fjölmiðlar taka þátt í þeim súludansi, ýta undir og spila með. Þeirra ábyrgð er mikil og þar er afturförin sýnileg. Brýn þörf er fyrir jafnréttisfræðslu í skólakerfinu – kennsluefni í mannréttindamálum. Þar mætti kenna þeim sem erfa land jafnréttissögu hér og þar – mikilvægi hennar og gildi mannréttinda.

**KL.** 14.08 næstkomandi mánudag, 24. október, leggja konur niður vinnu. Þá lýkur að jafnaði formlegum vinnudegi kvenna miðað við það launamisrétti sem líðst í landinu. Það á ekki við um allar konur – þakka skyldi – en stjórnmálakona sagði eitt sinn að þótt hún hefði ekki sjálf orðið fyrir ofbeldi vissi hún að það væri til og berðist gegn því. Mætum á stefnumót við jafnrétti klukkan þrjú á Skólavörðuholti á næsta mánudag – hvar svo sem við erum í sveit sett. Þetta er mannréttindafundur sem varðar jafnt konur sem karla. Mikið væri ánægjulegt að sjá afa, feður, syni og bræður sýna samstöðu því það er ekki einkamál kvenna að búa í samfélagi réttlætis og mannréttinda.


Ávísun á góðan bíl!

Við seljum nokkra gæðabíla, Volkswagen Polo, Skoda Octavia og Mitsubishi Lancer af árgerðum 2002, 2003 og 2004.

Klipptu út ávísun hér að neðan og þú ert komin(n) með ríflega innborgun í frábæran bíl.

Eftirstöðvarnar færðu svo á hagstæðu SP-bílaláni til allt að 72 mánaða.

Bílarnir eru til sýnis og sölu á Bílaþingi Kletthálsi.

Opið mánudaga til föstudaga 10–18 • Laugardaga 12–16

SP-FJÁRMÖGNUN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Gildir sem greiðsla upp í Volkswagen Polo
Greiðið gegn tékka þessum Bílaþingi Heklu
krónur Eitt hundrað og fimmtíu þúsund 150.000
Gildir út október 20 05
Aðeins hægt að nota eina ávísun pr. bíl
BÍLAÞING HEKLU Númer eitt í notuðum bílum

Gildir sem greiðsla upp í Skoda Octavia
Greiðið gegn tékka þessum Bílaþingi Heklu
krónur Eitt hundrað og fimmtíu þúsund 150.000
Gildir út október 20 05
Aðeins hægt að nota eina ávísun pr. bíl
BÍLAÞING HEKLU Númer eitt í notuðum bílum

Gildir sem greiðsla upp í Mitsubishi Lancer
Greiðið gegn tékka þessum Bílaþingi Heklu
krónur Eitt hundrað og áttatíu þúsund 180.000
Gildir út október 20 05
Aðeins hægt að nota eina ávísun pr. bíl
BÍLAÞING HEKLU Númer eitt í notuðum bílum

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | www.bilathing.is

HEKLA www.bilathing.is bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU Númer eitt í notuðum bílum

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 | HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is



FRJÁLSI

Hagstæðasta bílalánið
Lægri vextir og ekkert lántökugjald
Frjálsi fjárfestingarbankinn | Lágmúla 6 | sími 540 5000 | www.frjalsi.is

Himinn og haf